Tíu konur myrtar á dag í Mexíkó

3.732 kynbundin morð voru framin árið 2020 og rata þau sjaldnast fyrir dómstóla. ➤ 24

Enginn klíkuskapur

Hulda keppti í Miss Multiverse og þurfti að undirgangast greindarvísitöluprót. ➤ 26

FRÉTTABLAÐIÐ

10. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 15. JANÚAR 2022

Þakklát þolendum

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, segir ekkert að því að viðurkenna að líða stundum illa og að það geri hana mögulega að betri leiðtoga. Vanda er viss um að við séum á leið í átt að betra samfélagi, þökk sé þeim baráttukonum sem stigið hafa fram. ➤ 20

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í gær voru fjórir í öndunarvél með Covid-19. MYND/AÐSEND

Mest fimmtán í öndunarvél í einu

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 43 einstaklingar lágu á sjúkrahúsi í gær með Covid-19. Átta voru á gjörgæslu og fjórir þeirra í öndunarvél.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala hafa mest verið 15 manns í öndunarvél á sama tíma vegna Covid. Það var frá miðjum apríl fram í miðjan maí í fyrra. Mánuðina á eftir fækkaði svo sjúklingum í öndunarvél, þar til um miðjan ágúst þegar á bilinu þrír til fimm voru í öndunarvél til 25. ágúst.

Í nóvember fjölgaði svo aftur þeim sem þurftu á öndunarvél að halda vegna Covid, en frá því í lok desember hafa verið á bilinu þrír til átta í öndunarvél á hverjum degi.

Í gær var 9.671 einstaklingur í einangrun með Covid-19 á Íslandi, yfir ellefu þúsund manns voru í sóttkví. Sólarhringinn á undan greindust 1.133 smit innanlands, tæp 50 þeirra sem greindust jákvæð voru í sóttkví við greiningu. ■

Frábær byrjun á mótinu

Íslenska karlalandsliðið í handbolta hóf í gærkvöldi leik á Evrópumótinu þegar liðið atti kappi við Portúgal í Búdapest. Íslenska liðið fór með sigur af hólmi í leiknum en það mætir Hollandi í annarri umferð riðlakeppninnar á morgun. Holland lagði Ungverja að velli í fyrstu umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EWPA

Íbúi kærir tæmingu Árbæjarlóns

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Íbúi í Árbæ hefur kært tæmingu Árbæjarlóns til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, á grundvelli skipulagslaga. Lónið var tæmt haustið 2020.

Einar Ágústsson segir að hann sé í forsvari fyrir stóran hóp sem stendur að kærunni, hann hefur búið við Elliðaárnar alla ævi. „Ég er seintekinn til vandræða en ég skil ekki hvað er á bak við þetta. Það kemur hvorki skýring frá Orkuveitunni eða borginni af hverju þetta var tæmt."

Orkuveita Reykjavíkur hefur sagt að tilgangur lónsins sé horfinn og því sé ekki heimilt að halda áfram að trufla náttúrulegt rennsli Elliðaánna. Fram kom í skýrslu stýrihóps borgarinnar um Elliðaárdal sem kom út í fyrra að það væri niðurstaða borgarlögmanns að lónið

Lónið var tæmt varanlega haustið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

væri ekki friðað og ekki hefði þurft að fá leyfi fyrir tæmingunni.

Í kærunni er vísað til deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir lóninu. Er farið fram á að stíflunni verði lokað á ný og lónið fyllt á ný.

Einar segir fuglalíf hafa minnað mikið fyrir ofan stífluna eftir að lónið var tæmt. „Myndi þetta fara svona í gegn ef menn tæmdu Tjörnina?" ■

Sólheimar 25

Endurnýjun svalahandriða og svalalokanir.

Húsfélagið Sólheimum 25 óskar eftir tilboðum í verkið Endurnýjun svalahandriða og svalalokanir.

Verkið felst í endurgerð svalahandriða á fjölbýlishúsið að Sólheimum 25 í Reykjavík ásamt því að leggja til og setja upp svalalokanir hjá þeim íbúum sem eftir því óska. Helstu verkliðir eru rif og förgun á núverandi stálhandriðum, smíði og uppsetning á nýjum svalahandriðum, glerjun handriða og frágangur.

Útboðsaðili: Húsfélagið Sólheimum 25.

Tegund: Framkvæmd
Útboðsgögn afhent: 19. janúar 2022 kl: 13:00
Skilafrestur: 17. febrúar 2022 kl: 13:00
Opnun tilboða: 17. febrúar 2022 kl: 17:00

Verktími:
Upphaf verktíma: 15. mars 2022
Upphaf framkvæmda: 16. maí 2022
Verklok 31. ágúst 2022

Ekki líklegra að smitast á skemmtistað en á sportbar

Hertar samkomutakmarkanir tóku gildi á miðnætti. Tíu manns mega koma saman og skemmtistöðum hefur verið gert að loka. Eigandi fjölda skemmtistaða í borginni segir hertar aðgerðir mikinn skell.

birnadrofn@frettabladid.is
hjorvaro@frettabladid.is

COVID-19 Hertar samkomutakmarkanir tóku gildi á miðnætti og mega nú tíu manns koma saman. Skólar verða áfram opnir og vinna samkvæmt reglugerð en viðburðir með hraðprófum eru ekki lengur heimilir. Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar verða opin en þó aðeins með heimild fyrir helming leyfilegs fjölda gesta.

Spilasölum og skemmtistöðum hefur verið gert að loka en veitingastaðir mega taka við tuttugu gestum í rými til klukkan 21, allir gestir skulu hafa yfirgefið staðinn ekki seinna en klukkan 22.

Arnar Þór Gíslason, eigandi fjölda veitinga- og skemmtistaða í Reykjavík, segir það mikinn skell að fá svo harðar aðgerðir „í andlitið" eftir að hafa verið undir hörðum reglum í að verða tvö ár.

„Við erum að þjónusta viðskiptavini sem eru eldri en 20 ára og eru flestallir þríbólusettir. Svo finnst mér vanta milliveginn á milli þess að fá að hafa opið og að vera gert að loka algjörlega," segir Arnar Þór.

Þá segir hann skjóta skökku við að loka þurfi börum algjörlega sem ekki selja mat á meðan sportbörum sem selja áfengar veitingar og mat sé heimilt að hafa opið.

„Hver er til að mynda munurinn á því að panta langborð á sportbar og drekka hálfan lítra af bjór og gera það á bar? Það eru að mínu viti engin rök að baki því að það sé líklegra að fólk smitist, hvort sem það situr inni á krá um 22.00 eða síðdegis á sportbar," segir Arnar Þór. English Pub er einn þeirra staða sem Arnar Þór rekur og segir hann staðinn hafa kært sóttvarnaaðgerðir síðustu tveggja daga. Hann býst við því að fá úrskurð úr þeirri kæru í upphafi næstu viku. Eftir að sá úrskurður verður kveðinn upp muni ákvörðun verða tekin um næstu skref hjá þeim stöðum sem Arnar Þór er eigandi að.

Ríkisstjórnin kynnti í gær sérstakar aðgerðir fyrir veitingageirann samhliða hertum samkomutakmörkunum. Um er að ræða efnahagsaðgerðir sem lúta að fresti á staðgreiðslu skatta og tryggingargjalds og framlengingu umsóknarfrests vegna almennra viðspyrnustyrkja fyrir nóvember 2021.

Enn fremur er unnið að framlengingu lokunarstyrkja og að frumvarpi um sérstakan veitingastyrk sem fyrirtækjum stæði til boða vegna minni tekna frá desember 2021 út mars 2022. ■

Skemmtistöðum er gert að loka með hertum samkomutakmörkunum en staðir sem selja mat mega hafa opið. Arnar segir það skjóta skökku við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við erum að þjónusta viðskiptavini sem eru eldri en 20 ára og flestallir þríbólusettir.

Arnar Þór Gíslason, veitinga- og skemmtistaðaeigandi

RAFMAGNAÐUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK

TOYOTA PROACE ELECTRIC

TOYOTA – MEST SELDA BIFREIÐATEGUNDIN Á ÍSLANDI

32

ÁR Í RÖÐ

Toyota Proace Electric, verð m. vsk frá: 6.290.000 kr.

Sama hverjar kröfurnar eru þá er Proace Electric til staðar fyrir þig.

Annasömu lífi í borginni og störfum utanbæjar er sinnt með mikilli afkastagetu og kyrrð. Öflugur mótor og val um tvær rafhlöður skila framúrskarandi hröðun, drægi og umfram allt frelsi sem felur í sér engan útblástur.

Þrjár lengdir og gerðir yfirbyggingar standa til boða og með góðri burðar- og dráttargetu er öllum verkum sinnt. Í innanrýminu er upplýsingaskjár þar sem hægt er að fylgjast með orkunotkun og stöðu rafhlöðunnar.

Proace Electric kemur með 7 ára (3+4) ábyrgð og honum fylgir 3 ára þjónusta.
Skoðaðu nánar á toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

220 útköll voru á gamlárskvöld og á nýársnótt.

Sinntu útköllum slökkviliðsins

birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Björgunarsveitir tóku þátt í útköllum Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) á gamlárskvöld. Ásdís Gíslason, upplýsingafulltrúi SHS, segir það ekki vanalegt. Það hafi þó gerst þegar gróðureldar geisuðu í Heiðmörk í fyrra.

Síðastliðið gamlárskvöld voru 220 útköll hjá SHS sem er mun meira en vanalega. Kalla þurfti út fólk á bakvakt og var allt starfsfólk á annarri vakt einnig kallað út til að sinna útköllum. „Á svipuðum tíma hafði Landsbjörg samband við okkur og bauð fram aðstoð sína, sem við þáðum og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra starf," segir Ásdís.

Hún segir útköllin hafa verið misalvarleg, þau hafi byrjað um klukkan hálf átta og staðið fram eftir nóttu. „En aftur á móti var rólegt þegar Áramótaskaupið var í gangi, strax að því loknu jókst þunginn í útköllum á ný," segir Ásdís. ■

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, að fundi loknum í gær.

Taka á móti enn fleira flóttafólki

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum í gær að taka á móti 35 til 70 manns frá Afganistan, til viðbótar við þann hóp sem tekið var á móti í haust, vegna ástandsins sem ríkir í landinu.

Flóttamannanefnd hefur verið falið að útfæra tillögu ríkisstjórnarinnar, en horft verður sérstaklega til einstæðra kvenna og mæðra í viðkvæmri stöðu sem hafa náin tengsl við Ísland og barna þeirra.

Alls komu 78 einstaklingar komið hingað til lands í haust frá Afganistan. ■

Aðgerðir til að bæta geðheilsu í undirbúningi

bth@frettabladid.is

COVID-19 Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri lýðheilsu hjá Landlæknisembættinu, segir að unnið sé að mótvægisaðgerðum til að verja geðheilsu barna vegna áhrifa Covid. Þrjú ráðuneyti taki þátt í þeirri vinnu í samstarfi við Embætti landlæknis.

Fréttablaðið hefur fjallað um að neikvæð áhrif af Covid-faraldrinum hafi mælst meiri meðal framhaldsskólanema en grunnskólanema. Ein líkleg ástæða er, samkvæmt upplýsingum frá Landlækni, að meiri takmarkanir voru í framhaldsskólum en grunnskólum þegar rannsókn um líðan barna og ungmenna var unnin hérlendis.

„Við fylgjumst grannt með óbeinum áhrifum Covid á lýðheilsu," segir Dóra Guðrún.

Settur hefur verið á laggirnar sérstakur hópur til að fylgjast með áhrifum Covid á geðheilsu. Landlæknisembættið hefur skilað af sér einni áfangaskýrslu og er unnið að

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir.

þeirri næstu. Í skýrslunni segir að flestum börnum á grunnskólaaldri á Íslandi hafi farnast vel.

„Faraldurinn virðist hins vegar hafa haft afgerandi neikvæð áhrif á líðan framhaldsskólanema, sem voru nánast alfarið í fjarnámi frá vori til ársloka 2020," segir í skýrslunni.

„Það eru einnig vísbendingar um að þau sem höfðu það erfitt fyrir Covid hafi farið verst út úr faraldrinum. Það er því mikilvægt að huga sérstaklega að þeim hópi," segir Dóra Guðrún. ■

Enginn sá brjálæðið fyrir segir Helgi

Útvarpsstjóri segir að Samherjamálið hafi reynst fréttafólki stofnunarinnar erfitt. Helgi Seljan segir að Ríkisútvarpið sem og aðrir fjölmiðlar verði að draga lærdóm af því að svo fór sem fór.

bth@frettabladid.is

Helgi Seljan segir að RÚV hefði getað tekið betur á málum þegar árásir Samherja hófust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FJÖLMIÐLAR „Það segir sig sjálft að það eru ekki góðar fréttir fyrir okkur þegar reynslumiklir blaða- og fréttamenn hverfa frá okkur," segir Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, um hrinu uppsagna hjá starfsfólki RÚV.

Margir burðarásar í hópi frétta- og dagskrárgerðarfólks hafa hætt störfum hjá RÚV undanfarið. Helgi Seljan, rannsóknarblaðamaður í Kveik, nú síðast í fyrradag. Viðbragð Samherja í kjölfar Namibíumálsins, að fara í áróðursherferð gegn Helga og RÚV, hafði neikvæð áhrif á fréttamenn RÚV, að sögn útvarpsstjóra.

„Það er ljóst að þetta var nýtt fyrir okkur öllum, enginn sá fyrir hvers konar brjálæði skapaðist," segir Helgi, spurður hvort skortur á stuðningi innan RÚV eftir Namibíumál Samherja hafi haft áhrif á þá ákvörðun hans að segja skilið við Ríkisútvarpið.

„Auðvitað hefði verið hægt að taka öðruvísi og betur á málum þegar árásir Samherja hófust. Það er hins vegar eitthvað sem ég held að allir hafi lært af," segir Helgi.

Hann segist þó kveðja RÚV hvorki beiskur né bitur. „Ég vona að RÚV eins og allir aðrir fjölmiðlar standi betur í lappirnar ef eitthvað sambærilegt gerist á ný."

Uppsagnirnar á RÚV tengjast fremur álagi og vinnslu stórra mála líkt og Samherjamálsins en vanda við mannauðsstjórnun, að mati Stefáns útvarpsstjóra. Sem dæmi henti það ekki öllum að ganga vaktir og vinna á kvöldin og um helgar. Í sumum tilfellum hafi fólk hætt störfum þar sem því bjóðist betri kjör annars staðar fyrir styttri vinnutíma og minna álag.

> Hvað Helga Seljan varðar sérstaklega þá er það sigur fyrir íslenska þjóð og blaðamennsku að þessi öflugi blaðamaður haldi áfram sínum störfum.

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri

„En ég dreg enga fjöður yfir að þau stóru mál sem okkar fólk hefur fjallað um að undanförnu hafa reynst starfsfólki erfið. Ekki síst fordæmalausar árásir á Helga Seljan vegna umfjöllunar um málefni Samherja," segir Stefán.

Spurður hvort líta megi svo á sem Samherji hafi unnið sigur með því að áhöfn Kveiks á RÚV sem starfaði að Namibíumálinu hefur nánast þurrkast út, svarar útvarpsstjóri að hann telji svo alls ekki vera.

„Hvað Helga Seljan varðar sérstaklega þá er það sigur fyrir íslenska þjóð og blaðamennsku að þessi öflugi blaðamaður haldi áfram sínum störfum."

Hann segir að það muni taka tíma að þjálfa þá upp sem eigi að fylla skarð þeirra sem hafa hætt störfum, en margt öflugt og hæfileikaríkt fólk standi eftir.

> Það er ljóst að þetta var nýtt fyrir okkur öllum.
>
> Helgi Seljan

„Við vitum að það er mikið álag á fréttamenn, það mælist hátt í vinnustaðagreiningum hjá okkur og jafnvel meira en hjá öðrum fjölmiðlum. Upplifun fólks af álagi hér er mikil," segir Stefán.

Í Fréttablaðinu í dag auglýsir Ríkisútvarpið bæði eftir fréttastjóra og dagskrárstjóra Rásar 2. ■

100% RAFMÖGNUÐ ÍTÖLSK HÖNNUN

FIAT 500e ER FYRSTI FALLEGI RAFMAGNSSMÁBÍLLINN.

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

TÍMALAUS ÍTÖLSK HÖNNUN MEÐ ALLT AÐ 460 KM DRÆGNI.

ISBAND

UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • FIAT.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

FIAT

Útsala

30-40%

afsláttur af öllum útsöluvörum

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND

Mathilda
Kringlunni

HANZ
KRINGLUNNI

BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

ENGLABÖRNIN
KRINGLUNNI

COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

Fá hátt í hundrað og fimmtíu milljónir til rannsóknanna

Rannsóknasjóður hefur úthlutað styrkjum til nýrra rannsóknarverkefna. Sex öndvegisverkefni fá hátt í 150 milljónir króna hvert.

arib@frettabladid.is

VÍSINDI Stjórn Rannsóknasjóðs hefur lokið við úthlutun styrkja til nýrra rannsóknarverkefna fyrir árið 2022, um er að ræða stærstu úthlutun sjóðsins frá upphafi.

Alls bárust 355 gildar umsóknir í Rannsóknasjóð og voru 82 þeirra styrktar. Þar af eru sex öndvegisverkefni sem fá hátt í 150 milljónir króna hvert. Eru það stór verkefni sem skara fram úr á sínu sviði og hafa alþjóðlega tengingu. ■

Meðal þess sem á að rannsaka er eldgosið í Geldingadölum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skammtasvið og skammtarúm

Lárus Thorlacius, Valentina Giangreco M. Puletti, Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands, Friðrik Freyr Gautason, Zhao-He Watse Sybesma, Raunvísindastofnun Háskóla Íslands.

Rannsóknarverkefnið snýr að undirstöðum þyngdarafls og efnis. Alþjóðlegt samstarf er ein undirstaða þess að verkefnið verði farsælt.

Samspil manns og náttúru: Umsvif íslenskra Benediktsklaustra á miðöldum

Steinunn Kristjánsdóttir, Hugvísindasviði Háskóla Íslands, og James G. Clark, College of Humanities, University of Exeter.

Þverfagleg rannsókn á tveimur Benediktínaklaustrum á Íslandi, Kirkjubæjarklaustri og Þingeyraklaustri, með það meginmarkmið að varpa ljósi á sambúð þeirra við náttúrulegt umhverfi sitt.

IceGut: Áhrif mataræðis á þarmaflóru barna á Íslandi frá meðgöngu til fimm ára aldurs

Viggó Þór Marteinsson, MATÍS.

IceGut-verkefnið mun auka þekkingu á því hvernig næring á meðgöngu og við brjóstagjöf hefur áhrif á þróun örveruflóru í þörmum barna á Íslandi frá meðgöngu til fimm ára aldurs.

Mat á viðkvæmum æðaskellum

Vilmundur G. Guðnason, Hjartavernd.

Rannsaka á þátt próteina og erfða á langtímabreytingar í æðaskellum yfir 14 ára tímabil í um 500 einstaklingum til að þróa einstaklingsbundið mat á áhættu á kransæðastíflum.

Sunna Kristín Símonardóttir, nýdoktor í félagsfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rýna í foreldrahlutverkið

Eitt verkefnið sem fær öndvegisstyrk ber heitið Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi. Rannsakendur eru þau Sunna Kristín Símonardóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Ásdís Aðalbjörg Arnalds á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Í verkefnalýsingu segir að fæðingartíðni hafi löngum verið há á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd en undanfarinn áratug hafi fæðingartíðni þó farið hríðlækkandi en vísbendingar séu um að barnshafandi konum hafi fjölgað á ný í heimsfaraldrinum.

Sunna segir að meðal þess sem verði skoðað sé hvort fjölskyldustefna styðji vel við barnafjölskyldur. „Svo erum við líka að rannsaka foreldramenningu hér á landi, hvernig fólk hugsar um foreldrahlutverkið og hvernig það tekur ákvarðanir um barneignir," segir Sunna.

Einnig foreldrahlutverk hjá hinsegin fólki og innflytjendum. Sjálf mun hún taka viðtöl. „Ég mun tala við einstaklinga sem hafa valið að eignast ekki börn, fólk sem er að velta fyrir sér barneignum og skyggnast inn í hugarheim þeirra. Svo verða tölfræðingar sem eru meira að greina stóru þróunina."

Enikö Bali, dósent við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Gátu tekið sýni í rauntíma

Annað verkefni sem hlaut öndvegisstyrk ber heitið Kvikuhreyfingar á Reykjanesskaga – Samþætt jarðefnafræði- og jarðeðlisfræðirannsókn á eldgosinu við Fagradalsfjall árið 2021.

Rannsakendur eru Enikő Bali og Halldór Geirsson frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands, og Sæmundur Ari Halldórsson frá Raunvísindastofnun, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

Segja þau samsetningu kvikunnar vera ólíka kviku sem komið hefur upp í nýlegum gosum á Íslandi og vísbendingar séu um að basalt í gosinu komi beint úr möttli. Tilgáta þeirra er að þrýstingstengsl séu milli eldstöðvakerfa gegnum bráðarríkt svæði í linhveli efra möttuls.

Enikő segir að rannsóknin tvinni saman jarðeðlisfræði og jarðefnafræði. „Við stefnum að því að komast að því hvernig kvikan undir Reykjanesskaganum verður til. Þetta bætir ekki bara þekkinguna okkar á svæðinu þar heldur einnig á úthafshryggjum almennt," segir hún.

„Við vorum mjög heppin með eldgosið í Geldingadölum, þessi gos verða yfirleitt neðansjávar á miklu dýpi, þarna gátum við tekið sýni nánast í rauntíma."

ÚTSALA
30-50% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
ÚTILÍF
SMÁRALIND | KRINGLAN | WWW.UTILIF.IS



ERTU Í HITAKÓFI?

Breytingaskeið kvenna

Breytingaskeiðið er hluti af lífinu og getur verið alls konar. Bæði konur og karlar fara í gegnum hormónabreytingar á ákveðnum tímapunkti í lífinu. Margir upplifa meira frelsi og hamingju á meðan aðrir geta upplifað líkamleg og andleg óþægindi. Allt þetta er eðlilegt. Við erum hér fyrir þig og veitum ráðgjöf og lausnir fyrir þína vellíðan.

Fjölbreytt fræðsla

Fylgstu með á Facebook og Instagramsíðum Lyfju

20. janúar
Hanna Lilja Oddgeirsdóttir sérnámslæknir í kvensjúkdómum og fæðingarlækningum
miðlar upplýsingum um kvenheilsu og breytingaskeið á aðgengilegan hátt.

3. febrúar
Theodór Francis Birgisson klínískur félagsráðgjafi
hjá Lausnum sálfræðistofu fjallar um líðan karla í tengslum
við hormónabreytingar og sambönd kynjanna á breytingaskeiðinu.

9. febrúar
Sigga Dögg kynfræðingur
mun veita konum og körlum góð ráð þegar kemur að kynheilsu á breytingaskeiðinu.

16. febrúar
Sigga Dögg kynfræðingur og Hanna Lilja sérnámslæknir
verða saman í beinu streymi á facebooksíðu Lyfju og svara
spurningum tengdum breytingaskeiðinu og kynlífi á þessu tímabili.

8. mars
Sigfríð Eik Arnardóttir næringaþerapisti
fjallar um næringu og bætiefni sem geta stuðlað að betri
vellíðan og heilsu á breytingaskeiðinu.

Ertu á breytingaskeiðinu?
Taktu prófið

LYFJA

Blinken telur nokkrar vikur til stefnu

hjorvar@frettabladid.is

Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna

UTANRÍKISMÁL Bandaríkin leita nú leiða til þess að semja við Íran um kjarnorkuáætlun þeirra. Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir Íran vera á lokametrum þess að geta framleitt efni sem nota má til að framleiða kjarnavopn.

Samkomulag var gert milli landanna sem gilti til ársins 2015, en samkvæmt þeim samningi féllust Íranir á að hætta auðgun úrans.

Þá var eftirlitsmönnum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar heimilt að gera vettvangsrannsóknir á kjarnorkuverum þeirra, gegn því að Vesturveldin létu af refsiaðgerðum og viðskiptaþvingunum sínum í landinu.

Donald Trump, þáverandi forseti Bandaríkjanna, sleit þessu samkomulagi árið 2018 og hóf á nýjan leik refsiaðgerðir gagnvart Íran.

Það er mat Blinkens að Íranir hafi tekið miklum framförum í auðgun úrans síðustu árin og séu nú nálægt því að geta smíðað langdræg kjarnavopn. Fulltrúar Bandaríkjanna og Írans settust að samningaborðinu í nóvember síðastliðnum, til að leita leiða til að gera nýjan samning um stöðvun á auðgun úrans og þá í kjölfarið afléttingu aðgerða Bandaríkjanna.

Blinken segir að þó að þokist í samkomulagsátt sé enn töluvert í það að samkomuleg sé í höfn. Utanríkisráðherrann lét í veðri vaka að hernaðaraðgerðum yrði beitt til að stöðva auðgun úrans á íranskri grundu ef samningar næðust ekki innan tíðar. ■

Jake Sullivan, þjóðaröryggisráðgjafi Bandaríkjanna, segir aðgerðir Rússa í takt við hernaðarinngrip þeirra í Úkraínu árið 2014. MYND/GETTY

Saka Rússa um að leggja grunn að innrás

thorgrimur@frettabladid.is

RÚSSLAND Spennan milli Rússlands og Vesturlanda er á hápunkti við landamæri Úkraínu, þar sem Rússar hafa komið fjölda hermanna fyrir að undanförnu. Ríkisstjórn Bandaríkjanna hélt því fram í gær að Rússar hefðu sent útsendara inn í Úkraínu til að vinna spellvirki sem Rússland geti síðan notað sem tylliástæðu fyrir innrás í landið. Ætlunin sé að setja á svið árás Úkraínumanna gegn bandamönnum Rússa svo hægt sé að útmála innrás sem varnaraðgerð.

Í frétt á Russia Today, ríkisfjölmiðli Rússlands fyrir enskumælandi, er þessum ásökunum alfarið vísað á bug. „Hingað til hafa allar þessar staðhæfingar verið tilhæfulausar og hafa ekki stuðst við neitt," var haft eftir Dímítrí Peskov, talsmanni rússneska forsetaembættisins. ■



Stúdentar útskrifast frá Tækniskólanum, í Hörpu vorið 2021. FRÉTTABLAÐI/ERNIR

Verðmæti hugverkaiðnaðar stefnir fram úr sjávarútvegi

Gríðarleg eftirspurn er eftir vel menntuðu tæknifólki til starfa í íslenska hugverkaiðnaðinum, sem stefnir nú í að verða verðmætasta útflutningsgrein Íslands.

ser@frettabladid.is

> Þetta eru stærstu gleðifréttirnar í íslensku atvinnulífi.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI

IÐNAÐUR Hugverkaiðnaðurinn á Íslandi er í stórsókn, en svo mikill vöxtur hefur hlaupið í atvinnugreinina að ráðningafyrirtæki hafa ekki undan við að útvega nýsköpunarfyrirtækjum á þessu sviði vel menntað tæknifólk.

„Það er fullt af spennandi fyrirtækjum að koma inn á þennan markað hér á landi – og hann iðar af lífi," segir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, sem segir greinina hreinlega soga til sín vinnuafl sem aldrei fyrr.

„Síðustu mánuði hefur verið bullandi eftirspurn eftir vel menntuðu tæknifólki hjá þessum ört vaxandi fyrirtækjum – og ef aðeins er horft til fyrstu daga þessa árs er ekkert lát á eftirspurninni heldur þvert á móti," segir Katrín.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs hjá Samtökum iðnaðarins, tekur undir orð Katrínar og segir þau vera algerlega í samræmi við það sem félagsmenn samtakanna hafi orðið varir við á síðustu mánuðum og misserum, en vöxturinn sé þar að auki staðfestur í opinberum hagtölum.

Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri ráðningafyrirtækisins Hagvangs

„Vaxtartækifæri greinarinnar eru gríðarlega mikil til framtíðar – og eru líklega meiri en við gerum okkur grein fyrir," segir Sigríður, en bendir svo á augljósa ógnun inni á milli tækifæranna. „Við stöndum ef til vill frammi fyrir náttúrulegum hindrunum í þessum atvinnugeira," segir hún og á við að tækninámið á Íslandi anni ekki þeirri ríku eftirspurn sem er eftir starfsfólki í greinina. „Framhaldsnámið hér á landi verður að fara að taka meira mið af þróttmiklum vexti framsækinna nýsköpunarfyrirtækja hér á landi," segir hún.

„Þetta eru stærstu gleðifréttirnar í íslensku atvinnulífi," bendir Katrín á. „Ungs og vel menntaðs tæknifólks á Íslandi bíða vel launuð verkefni í einstaklega spennandi vinnuumhverfi sem sækir fram af miklu afli í alþjóðlegu umhverfi."

Og Sigríður setur vöxtinn í kunnuglegt samhengi. „Hugverkaiðnaðurinn er orðinn jafn stór og íslenskur sjávarútvegur hvað varðar verðmæti útflutnings og stefnir fram úr honum á næstunni. Verðmæti útflutningsins í þessari grein hefur tvöfaldast frá 2013 og allt bendir til þess að hugverkaiðnaðurinn verði stærsta og verðmætasta útflutningsgrein Íslands innan örfárra ára," segir Sigríður Mogensen. ■

Alhvítir dagar í sögulegu lágmarki

bth@frettabladid.is

VEÐURFAR Alhvítir dagar í Reykjavík voru aðeins 17 á síðasta ári, sem er langt undir meðaltali. Hafa hvítir dagar aldrei verið færri í borginni ef undan er skilið árið 2010 þegar þeir voru 16.

Þetta kemur fram í svörum frá Veðurstofunni við fyrirspurn Fréttablaðsins. Fjöldi hvítra daga er nokkuð breytilegur ár frá ári, samkvæmt svörum Kristínar Bjargar Ólafsdóttur, sérfræðings í veðurfarsrannsóknum hjá Veðurstofunni.

Meðalfjöldi alhvítra daga á 30 ára tímabili frá 1991 til 2020 var 55 dagar í Reykjavík. Til samanburðar voru alhvítu dagarnir 95 á Akureyri á sama tímabili. Alhvítir dagar á nýliðnu ári á Akureyri voru 82 á sama tíma og þeir voru 17 í Reykjavík. Snjóhula er því tæplega fimm sinnum algengari á Akureyri en í Reykjavík.

Snjór á Leifsgötu í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ef svo fer sem horfir mun hvít jörð nánast heyra til undantekninga í Reykjavík. Hvítir dagar voru fimm sinnum fleiri á Akureyri en í Reykjavík árið 2021.

Jörð hefur verið hvít á höfuðborgarsvæðinu síðustu daga og hefur sumum brugðið í brún í ljósi þess hve undangengið ár var snjólétt. ■



ERTU MEÐ RISVANDAMÁL?

Hormónabreytingar karla

Breytingaskeiðið er hluti af lífinu og getur verið alls konar. Bæði konur og karlar fara í gegnum hormónabreytingar á ákveðnum tímapunkti í lífinu. Margir upplifa meira frelsi og hamingju á meðan aðrir geta upplifað líkamleg og andleg óþægindi. Allt þetta er eðlilegt. Við erum hér fyrir þig og veitum ráðgjöf og lausnir fyrir þína vellíðan.

Fjölbreytt fræðsla

Fylgstu með á Facebook og Instagramsíðum Lyfju

3. febrúar
Theodór Francis Birgisson klínískur félagsráðgjafi
hjá Lausnum sálfræðistofu fjallar um líðan karla í tengslum við hormónabreytingar og sambönd kynjanna á breytingaskeiðinu.
9. febrúar
Sigga Dögg kynfræðingur
mun veita konum og körlum góð ráð
þegar kemur að kynheilsu á breytingaskeiðinu.
16. febrúar
Sigga Dögg kynfræðingur og Hanna Lilja Oddgeirsdóttir sérnámslæknir í kvensjúkdómum og fæðingarlækningum
verða saman í beinu streymi á facebooksíðu Lyfju og svara spurningum tengdum breytingaskeiðinu og kynlífi á þessu tímabili.
8. mars
Sigfríð Eik Arnardóttir næringaþerapisti
fjallar um tiltekna næringu og bætiefni sem geta
stuðlað að betri vellíðan og heilsu á breytingaskeiðinu.

Ertu á breytingaskeiðinu?
Taktu prófið

LYFJA

Fé fer yfir Víðidalsá að vild, segja bændur. FRÉTTABLAÐIÐ/KÁRI

Víðidalsá óvirk sem vörn gegn flakki riðufjár

gar@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Ábúendur og eigendur sex jarða í Húnaþingi vestra segja varnarlínu sem á að hindra för riðuveiks sauðfjár milli svæða ekki vera fjárhelda.

„Á síðustu öld var ákveðið að Víðidalsá frá Síðukróki til árósa yrði varnarlína riðuveikivarna í Vestur-Húnavatnssýslu, þrátt fyrir ábendingar heimamanna sem þekkja til á svæðinu að þar væri ekki um neina vörn að ræða, fé færi yfir Víðidalsána á þessu svæði hvar og hvenær sem því sýndist," segir í bréfi heimamanna til yfirdýralæknis Matvælastofnunar.

„Enn er Víðidalsáin skilgreind sem varnarlína og hefur fé sem fer yfir þessa ímynduðu varnarlínu því verið réttdræpt," skrifa bændur. Síðast hafi komið upp riða í Víðidal á árinu 2007 og á Vatnsnesi á árinu 2021.

„Þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir hver skal verjast hverju," segir hópurinn, sem vill að sett verði upp varnargirðing á vesturbakka Víðidalsár eða þá að varnarlínan verði hreinlega felld út.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur undir kröfu bændanna. ■

Segir aðbúnað fylgdarlausra barna á flótta hérlendis vera ólögmætan

Sema Erla Serdar, formaður hjálparsamtakanna Solaris, segir að af tólf fylgdarlausum börnum sem skráð eru með stöðu flóttamanns á Íslandi, séu aðeins tvö hjá fósturfjölskyldu. Eitt barn sé í búsetuúrræði, sem stangist á við Barnasáttmálann. Félagsmálaráðuneytið vísar ábyrgð til sveitarfélaganna.

ninarichter@frettabladid.is

Eins og sakir standa eru 12 börn með stöðu flóttamanns. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

VELFERÐARMÁL Sema Erla Serdar, formaður og stofnandi Solaris, hjálparsamtaka fyrir hælisleitendur og flóttafólk á Íslandi, segir að gögn síðan í desember 2021 sýni að tólf börn séu með stöðu flóttamanns á Íslandi. Af þessum tólf börnum séu aðeins tvö í viðeigandi úrræði, hjá fósturfjölskyldu. Hin séu í úrræðum á vegum Útlendingastofnunar. Þar á meðal sé eitt barn á Ásbrú í búsetuúrræði með hundrað fullorðnum einstaklingum sem sótt hafa um vernd. Útlendingastofnun vísar ákvarðanavaldi varðandi búsetu og aðstöðu barna til barnaverndaryfirvalda.

„Þegar fylgdarlaus börn á flótta koma til landsins er barnaverndaryfirvöldum gert viðvart. Samkvæmt lögum eiga þau að koma þeim fyrir í aðstöðu sem hentar börnum," segir Sema Erla.

„Fyrsti kosturinn er fósturfjölskyldur, en mér skilst að það sé og hafi alltaf verið skortur á þeim. Það þýðir ekki að það megi vista börn undir lögaldri með fullorðnu fólki."

Sema Erla bendir á að fylgdarlaus börn á flótta séu viðkvæmasti hópur flóttafólks. „Þau þurfa á sérstakri vernd og umönnun að halda. Við eigum að gera betur en að brjóta á réttindum þeirra með þessum hætti." Hún segir að málsmeðferðin stangist á við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

„Þessi börn eru ein, þau eru allslaus og hafa ekki málsvara. Þau eru ekki í aðstöðu til að mótmæla þeirri stöðu sem þau eru sett í."

Í svari félagsmálaráðuneytis við fyrirspurn Fréttablaðsins vegna málsins kemur fram að móttaka fylgdarlausra barna sem séu umsækjendur um alþjóðlega vernd sé á ábyrgð barnaverndarnefnda sveitarfélaga.

„Nefndirnar eiga að tryggja fylgdarlausum börnum örugga búsetu og fullnægjandi þjónustu. Ákvörðun um dvalarstað fylgdarlauss barns er því alltaf hjá barnaverndarnefnd þess sveitarfélags sem málið kemur upp í, jafnvel þótt þau dvelji í úrræðum Útlendingastofnunar," segir í svarinu.

Jafnframt kemur fram að þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd muni færast til félagsmálaráðuneytisins á næstu mánuðum, frá dómsmálaráðuneytinu.

„Við yfirfærslu á málaflokknum þá liggur fyrir að ráðuneytið mun endurskoða fyrirkomulagið á þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Í þeirri vinnu er mikilvægt að félagsmálaráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið vinni að því að tryggja sem best hagsmuni fylgdarlausra barna á flótta hér á landi."

Fréttablaðið náði tali af forsvarsmönnum barnaverndar í Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ, en enginn þar kannast við að fara með mál barns á flótta sem sé vistað á Ásbrú. Þá er hugsanlegt að fleiri sveitarfélög komi að búsetuúrræðum á Ásbrú. ■

> Þessi börn eru ein, þau eru allslaus og hafa ekki málsvara.

Sema Erla Sedar, formaður hjálparsamtakanna Solaris





Munið að skila upplýsingum vegna framtalsgerðar 2022

Eftirtöldum upplýsingum vegna ársins 2021 þarf að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni skattur.is

◆ **Launa- og verktakaupplýsingar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi (þ.m.t. kaup- og söluréttarsamningar), lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur (þ.m.t. umsýslu- eða umboðsgreiðslur, s.s. í ferðaþjónustu o.fl.).
Einnig allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa látið launamönnum eða öðrum vélknúin ökutæki í té til afnota.

◆ **Hlutafjárupplýsingar**
Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og sparisjóðir.

◆ **Stofnsjóðsupplýsingar**
Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

◆ **Viðskipti með hlutabréf/afleiður og önnur verðbréf**
Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf/afleiður og öll önnur verðbréf.

◆ **Innstæður**
Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar, eða hafa milligöngu um ávöxtun, vörslu eða aðra ráðstöfun fjármuna.

◆ **Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**
Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun.
Sama á við um söluréttarsamninga.

◆ **Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

◆ **Lánaupplýsingar**
Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga og lögaðila.

◆ **Greiðslur fyrir leigu eða afnot**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum. Einnig þeir sem hafa í atvinnuskyni milligöngu um útleigu.

◆ **Fjármagnstekjur**
Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila upplýsingum um slíkar fjármagnstekjur og tilgreina sundurliðun á móttakendur og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða innheimtuaðila, t.d. lögmannsstofur.

◆ **Staðfesting á tilteknum hlutabréfakaupum (listi yfir þátttakendur)**
Skilaskyld eru öll hlutafélög og einkahlutafélög sem fengið hafa staðfestingu ríkisskattstjóra á að þau uppfylli skilyrði fyrir því að kaup einstaklinga á hlutum í hlutafjáraukningu félagsins geti veitt rétt til skattfrádráttar sbr. B-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003.

◆ **Mótteknar gjafir og framlög til félaga sem skráð eru á almannaheillaskrá Skattsins**
Skilaskyldir eru allir þeir lögaðilar sem samþykktir hafa verið til skráningar á almannaheillaskrá Skattsins og skal skila upplýsingum um fjárhæðir móttekinna gjafa/framlaga, sundurliðað eftir gefendum ásamt kennitölum. Það athugist að á árinu 2021 gildir þetta eingöngu um gjafir/framlög sem móttekin eru eftir 1. nóvember 2021.

Skilafrestur er til 20. janúar

Sjá nánar auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1568/2021 í B-deild Stjórnartíðinda.

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

Líðan flokkanna

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Líðan íslenskra stjórnmálaflokka er með öllu móti, allt frá því að vera bærileg til þess að vera átakanlega þungbær – og á það síðastnefnda ekki síst við um Miðflokkinn, sem virðist bíða sömu örlaga og hefðbundinna klofningsframboða á Íslandi sem hafa komið og farið.

En heilsufarið á elstu flokkum landsins og þeim sem haldið hafa á lofti sígildum stefnum stjórnmálanna til hægri og vinstri virðist líka vera bágborið – og nægir þar að nefna Sjálfstæðisflokkinn. Ótvírætt forystuhlutverk hans í íslenskum stjórnmálum er að baki. Fall hans í Reykjavík er auðvitað sögulegt, en þar má hann heita sáttur við tvöfalt minna fylgi en hann naut á velmektarárum sínum fyrir þrjátíu árum – og raunar lengst af síðustu aldar þegar flokkurinn átti borgina með húð og hári.

Á landsvísu er Sjálfstæðisflokkurinn líka í kreppu og kemst ekki í stjórn nema með endurteknu fulltingi vinstrimanna og getur ekki lengur gert tilkall til forsætisráðuneytisins, svo lágt er á honum risið í seinni tíð. Og það er náttúrlega til marks um örvæntingu flokksmanna að flestir ef ekki allir eru þeir einstaklega sáttir við það að sósíalisti fari fyrir fána þeirra.

Sjálfstæðisflokkurinn er lentur í málefnalegum þrengslum. Sú var tíðin að aðrir flokkshestar öfunduðu þennan farsæla hægriflokk fyrir breiðan stuðning landsmanna, enda var kjörorðið löngum nokkuð þekkilegt, stétt með stétt – og gott ef það var ekki innistæða fyrir því.

Núna er Sjálfstæðisflokkurinn orðinn afturhald. Að baki er frjálslyndi og alþjóðasinnaði flokkurinn sem jafnvel verkafólk var tilbúið að styðja, enda var hann trúverðugur vettvangur fólks sem vildi lítil ríkisafskipti og trúði á frelsi einstaklingsins. Núna trúir sami flokkur á ríkisafskipti og treystir ekki frjálsum viðskiptum til sjávar og sveita.

Að því sögðu verður ekki annað sagt en hefðbundnu flokkarnir á vinstri vængnum búi líka við krankleika. Samfylkingin hefur tapað vægi sínu sem breiðfylking jafnaðarmanna af því hún afréð upp á eigið eindæmi að tapa miðjufylgi sínu. Vinstri grænn eru orðin átakalaus kerfisflokkur sem sér ekki lengur ástæðu til að breyta samfélaginu. Og einhvers staðar þarna í námunda er Framsóknarflokkurinn sem er hvorki landsbyggðaflokkur lengur né lyftistöng fyrir landbúnaðinn.

Það er til marks um kreppu gamla fjórflokksins að einn helsti sigurvegari síðustu alþingiskosninga á Íslandi er næsta nýr og nokkuð snúinn flokkur sem kennir sig við fólk. Og í því felst einmitt sigur hans. Hann hugsar um fólk. ■

> Og það er náttúrlega til marks um örvæntingu flokksmanna að flestir ef ekki allir eru þeir einstaklega sáttir við það að sósíalisti fari fyrir fána þeirra.

Kór Hallgrímskirkju
Raddprufur

Raddprufur Kórs Hallgrímskirkju verða haldnar í lok janúar.

Gerð er krafa um fyrri kórreynslu og færni í nótnalestri. Kórinn æfir á þriðjudagskvöldum klukkan 19-22 auk mánaðarlegra raddæfinga.

Í vor mun kórinn meðal annars halda tónleika og syngja aftansöng á Boðunardegi Maríu, halda vortónleika með Barokkbandinu Brák og fara í upptökur á nýrri íslenskri tónlist. Kórinn tekur virkan þátt í helgihaldi Hallgrímskirkju.

Stjórnandi kórsins er Steinar Logi Helgason.

Áhugasamir hafi samband fyrir 23. janúar 2022 á netfangið kor@hallgrimskirkja.is.

Gunnar

Mín skoðun

Konur eru ekki ávaxtabakkar

Sif Sigmarsdóttir

Atburðarás í heitum potti í íslenskum sumarbústað hefur verið í deiglunni undanfarið. Atvik í öðrum potti, sem átti sér stað fyrir nákvæmlega aldarfjórðungi í þessum mánuði, svífur yfir vötnum.

Handóðir, miðaldra karlar

Hinn 16. janúar 1997 er hin árlega kvikmyndahátíð Sundance sett í Utah í Bandaríkjunum. Þekkt leikkona, Rose McGowan að nafni, er þangað komin til að kynna nýjustu kvikmynd sína. Ári áður hafði McGowan slegið í gegn í myndinni Scream sem hlaut lof gagnrýnenda og gríðarlega aðsókn.

Þegar áhrifamesti kvikmyndaframleiðandi Hollywood boðar McGowan á fund sinn er hún upp með sér. „Ég held að líf mitt sé loks að verða auðveldara," segir hún, þegar hún kveður myndatökumenn sjónvarpsstöðvarinnar MTV, sem eru að gera um hana heimildarmynd, og bankar á hurð hótelherbergis Harvey Weinstein.

Dyrnar opnast. McGowan býður aðstoðarmönnum Weinstein góðan daginn en þeir líta undan og yfirgefa herbergið. McGowan og Weinstein ræða málin. Þegar fundinum lýkur vill Weinstein fá að sýna henni nuddpottinn sinn. Weinstein vísar McGowan inn á baðherbergi. Í ævisögu sinni lýsir McGowan andartakinu þegar líf hennar breytist í martröð. Weinstein gnæfir yfir henni, stór á alla kanta, grófgerður, illúðlegur með fitugt andlit þakið örum – eins og tröll, eins og bráðnandi ananas. Því næst stekkur hann á hana, rífur hana úr fötunum, lyftir henni upp og skellir henni ofan í nuddpottinn. Hann skorðar hana upp við vegg og þvingar fótleggi hennar í sundur. Sírenur glymja í höfði McGowan. „Vaknaðu, Rose. Vaknaðu." Það er sem hún svífi upp úr eigin líkama og horfi niður á atvikið þegar Weinstein kemur vilja sínum fram við hana.

Líf Rose McGowan varð aldrei samt. „Sorgin heltók mig," segir hún í ævisögunni. „Kynferðislegt ofbeldi sviptir mann getunni til að vera manneskjan sem maður var og það stelur manneskjunni sem manni var ætlað að verða."

Í kjölfar Sundance-hátíðarinnar reyndi Rose McGowan að leita réttar síns en án árangurs. Það var ekki fyrr en tuttugu árum síðar að skriður komst á málið. Metoo-byltingin hófst árið 2017 þegar fjöldi kvenna, með Rose McGowan í fararbroddi, sakaði Harvey Weinstein um kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi.

Síðan þá hafa margir velt upp spurningunni hvort byltingin hafi í raun áorkað einhverju. Svarið virðist vera að skila sér.

Í vikunni hafnaði dómari í New York kröfu Andrésar Bretaprins um að einkamáli Virginiu Giuffre gegn honum yrði vísað frá. Giuffre er eitt fórnarlamba Jeffrey Epstein, dæmds kynferðisbrotamanns. Í viðtali við Breska ríkisútvarpið sagði Guiffre frá því hvernig Epstein misnotaði hana og lét hana svo ganga á milli valdamikilla vina sinna „eins og ávaxtabakka". Þeirra á meðal kveður hún hafa verið næstelsta son Englandsdrottningar.

Fjórir handóðir, miðaldra karlar og ein ung kona í heitum potti. Ekki er langt síðan slík saga hefði vakið hlátrasköll og aflað mönnunum klapp á bakið í einhverjum gufufylltum búningsklefanum. En nú er öldin önnur.

Weinstein situr inni. Epstein fyrirfór sér í fangaklefa eftir að hafa verið ákærður fyrir mansal. Andrés prins var í vikunni sviptur titlum sínum og selur nú skíðahótelið sitt til að greiða lögfræðingunum sínum. Áhrifa Metoo-byltingarinnar er farið að gæta innan réttarkerfisins. En stærsti árangur Metoo-byltingarinnar kann að vera annar.

Nákvæmlega tuttugu og fimm árum eftir að líf leikkonunnar Rose McGowan var lagt í rúst í einum potti gætir skyndilegrar allsherjar viðhorfsbreytingar í kjölfar atviks í öðrum potti. Loksins, árið 2022, virðist ríkja samhljómur um að konur eru ekki ávaxtabakkar. ■

> Ekki er langt síðan slík saga hefði vakið hlátrasköll og aflað mönnunum klapp á bakið í einhverjum gufufylltum búningsklefanum. En nú er öldin önnur.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



Útboðsþing SI

Í beinu streymi föstudaginn 21. janúar kl. 13–15

Á Útboðsþingi SI verða kynnt fyrirhuguð útboð ársins 2022 á verklegum framkvæmdum opinberra aðila. Þinginu er streymt og fá þau sem skrá sig á vef SI sendan hlekk á streymið.

Fundarstjórn
Jóhanna Klara Stefánsdóttir
sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI

Ávarp
Árni Sigurjónsson
formaður SI

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir
Guðrún Ingvarsdóttir
forstjóri

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri

Orka náttúrunnar
Óskar Friðrik Sigmarsson
forstöðumaður Stefnu og árangurs

Landsvirkjun
Ásbjörg Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri framkvæmda

Faxaflóahafnir
Inga Rut Hjaltadóttir
sviðsstjóri framkvæmdasviðs

Ávarp
Sigurður Ingi Jóhannsson
innviðaráðherra

Vegagerðin
Óskar Örn Jónsson
forstöðumaður framkvæmdadeildar

Landsnet
Unnur Helga Kristjánsdóttir
forstöðumaður framkvæmda

NLSH
Gunnar Svavarsson
framkvæmdastjóri

Veitur
Katrín Karlsdóttir
leiðtogi verkefnastjóra

Isavia
Jón Kolbeinn Guðjónsson
deildarstjóri Hönnunar og framkvæmda

Samantekt
Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Skráning á **si.is**

FÉLAG VINNUVÉLAEIGENDA

MANNVIRKI FÉLAG VERKTAKA

SI Samtök iðnaðarins

RISA ÚTSALA

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

Allt að 60% afsláttur

25%

SCOTT
Hornsófi með hægri tungu í Kentucky stone áklæði.
293 x 217 x 85 cm. ~~279.990 kr.~~
Nú 209.993 kr.

40%

KIRUNA U-SÓFI
U-sófi með hægri eða vinstri tungu í Nova dökkgráu áklæði. 301 x 200 x 78 cm. ~~239.990 kr.~~
Nú 143.994 kr.

25%

CLEVELAND
Tungusófi með vinstri eða hægri tungu. Riviera grátt áklæði.
231 x 140 x 81 cm. ~~129.990 kr.~~ Hnakkapúði seldur sér.
Nú 97.493 kr.

30%

BLUES
3ja sæta sófi í Toro Mustard áklæði. 205 x 92 x 85 cm.
~~139.990 kr.~~
Nú 97.993 kr.

ALBA
Hægindastóll. Ljósgrátt eða svart leður. ~~119.990 kr.~~
Nú 89.993 kr.

ALBA
Skammel. Ljósgrátt eða svart leður. ~~39.990 kr.~~
Nú 29.993 kr.

25%

30%

BRISTOL
Hægindastóll. Sléttflauel. ~~99.990 kr.~~
Nú 69.993 kr.

25%

CLEVELAND
Hægindastóll í Soft áklæði.
Grár, bleikur eða dökkgrár.
~~39.990 kr.~~
Nú 29.993 kr.

50%

GAIN
Hægindastóll. Ýmsir litir. ~~54.990 kr.~~
Nú 27.495 kr.

Reykjavík
Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

30%

ALINA
Glerskápur. Spónlögð reyklituð eik.
72 x 36 x 145 cm. ~~139.990 kr.~~
Nú 97.993 kr.

30%

40%

SINGLE
Eldhúsborð. Hvít melamín borðplata, eikarfætur. 80 x 120 cm. ~~74.990 kr.~~
Nú 52.493 kr.

PATRICIA
Borðstofustóll. Dökkgrár með svörtum fótum.
~~29.990 kr.~~
Nú 17.994 kr.



30%

ALINA
Borðstofuskenkur. Spónlögð reyklituð eik.
160 x 45 x 72 cm. ~~169.990 kr.~~
Nú 118.993 kr.

35%

RIVERDALE COLORADO
Borðstofuborð. Antík svart.
Ø140 x 74 cm. ~~239.990 kr.~~
Nú 155.993 kr.

30%

LOUISE
Borðstofustóll, dökkblár, svartur eða grænn. ~~13.990 kr.~~
Nú 9.793 kr.

35%

SLIT
Borðstofustóll, hvítolíuborin eik eða olíuborin eik. ~~59.990 kr.~~
Nú 38.993 kr.

30%

RICHMOND
Borðstofuborð, olíuborin eikarspónnn með fiskibeinamynstri. 220 x 95 x 76 cm. ~~129.990 kr.~~
Nú 90.993 kr.

60%

MATTEO
Sófaborð. HPL hnota. ~~109.990 kr.~~
Nú 43.996 kr.

80%

MALCOLM
Sófaborð, dökkgrátt. 100 x 100 x 40 cm.
~~35.990 kr.~~
Nú 7.198 kr.

20% AF BODUM VÖRUM

20% AF NORDAL VÖRUM

20% AF EIGHTMOOD VÖRUM

20% AF ÖLLUM PÚÐUM

Afrísku akkerin

Afríkukeppnin í fótbolta, AFCON, er komin á fulla ferð. Fá met voru sett í markaskorun í fyrstu umferð riðlakeppninnar en mesta athygli vöktu gæði miðjumannanna sem skemma sóknir andstæðinganna. Akkerin sem öllu bjarga. Þeir stóðu sig manna best.

benediktboas@frettabladid.is

Wilfred Ndidi – Nígeríu

Aðdáendur enska boltans vita hvað Ndidi gerir fyrir Leicester og hann er í svipuðu hlutverki hjá Nígeríu. Er aðeins 25 ára en hefur spilað eins og engill frá því hann kom frá Genk í Belgíu. Vinnur 62 prósent tæklinga sinna og tölfræðin hans talar sínu máli, bæði fyrir lið og land.

Franck Kessie – Fílabeinsströndinni

Magnaður miðjumaður sem er jafnvígur í vörn og sókn. Sópar upp skítinn en er samt mættur fram til að styðja við sóknarleikinn. Er þegar kominn með fimm mörk en í fyrra blómstraði hann í liði Milan og skoraði heil 13 mörk, sem er nokkuð vel gert fyrir afturliggjandi miðjumann.

Yves Bissouma – Malí

Hreinsunarstarf Brighton fer flestallt í gegnum Bissouma. Það er ástæða fyrir að stórlið eru talin tilbúin að punga út hartnær 50 milljónum punda fyrir þjónustu hans. Hann er með svakalega tölfræði hvort sem um er að ræða að tækla eða stöðva sóknir, skalla boltann frá eða koma boltanum í spil.

Thomas Partey – Gana

Flestir eru sammála um að Partey var geggjaður með Atletico og púslið sem Arsenal vantaði. Hefur aðeins strögglað með hraðann á Englandi en enginn efast um gæði hans. Þau eru rosaleg. Það er alveg ástæða fyrir að Arsenal splæsti 45 milljónum punda sem gerir hann þann dýrasta frá Gana.

Idrissa Gueye – Senegal

Þegar stórlið PSG þarf að kaupa varnarsinnaðan miðjumann leita þeir ekki í næstefstu hillu. Árið 2019 þurfti einhver að nenna að verjast í París og setti liðið 30 milljónir punda í Gueye. Þar hefur hann verið í hlutverkinu að sópa upp og koma boltanum á Neymar, Messi eða Mbappae.

Ellyes Skhiri – Túnis

Þótt Túnis hafi tapað fyrir Malí í opnunarleiknum var Shkiri alveg trylltur á miðjunni og tæklaði allt og alla. Hann var alveg svakalegur. Hann virtist vera tæklandi langhlaupari enda hljóp hann rúmlega 400 kílómetra á síðasta tímabili í Þýskalandi, það langmesta í deildinni.

Naby Keita – Gíneu

Hann er kannski meiri alhliða miðjumaður en sitjandi akkeri og þó að hann hafi ekki kveikt í ensku deildinni með frammistöðu sinni dylst engum hversu góður Keita er. Hann var út um allt í gær gegn Senegal og krækti sér í gult spjald með því að strauja samherja sinn hjá Liverpool, Sadio Mane.



Parket

Parki INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnsþolnu harðparketi og vínylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14.**

Komdu við og ræddu við sérfræðinga
Parka og fáðu faglega ráðgjöf

Parki INTERIORS **Dalvegi 10-14,** 201 Kópavogi • 595 0570

Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors

Sófaveisla á tímum hertra aðgerða

Það er sannkölluð veisla fyrir íþróttaáhugafólk um helgina þar sem nóg verður um að vera úti í hinum stóra heimi.

hordurs@frettabladid.is

ÍÞRÓTTIR Nú þegar búið er að herða takmarkanir á Íslandi vegna Covid-19 gætu margir hallað sér aftur í sófanum og gripið í fjarstýringuna. Enski boltinn á hug og hjörtu þjóðarinnar og þar verður heldur betur mikið um að vera þessa helgina. Helgin hefst á stórleik Manchester City og Chelsea sem hefst í hádeginu. City getur tekið afgerandi forystu á toppi deildarinnar með sigri og skilið Chelsea eftir í reyk. Síðdegis verður svo áhugaverður leikur Aston Villa og Manchester United, liðin mættust síðast á mánudag í enska bikarnum en þar hafði United betur. Óljóst er hvort Cristiano Ronaldo geti tekið þátt í leiknum en hann er tæpur vegna meiðsla.

Á sunnudag mætir Brentford í heimsókn til Liverpool. Liverpool leikur án Mohamed Salah og Sadio Mane sem nú taka þátt í Afríkukeppninni. Ljóst er að það munar um minna fyrir Liverpool sem var ekki sannfærandi gegn Arsenal í miðri viku. Liverpool má ekki misstíga sig mikið ef liðið ætlar að eiga von um að ná toppliði Manchester City. Helgin endar svo á stórleik Tottenham og Arsenal, það er iðulega hart tekist á þegar þessir grannar í Norður-Lundúnum mætast. Bæði lið hafa bætt leik sinn mikið síðustu vikur og má því búast við hörkuleik.

Mæta Erlingi

Evrópumótið í handbolta er farið á fulla ferð en íslenska liðið leikur sinn annan leik á sunnudag þegar liðið mætir Hollandi. Leikurinn hefst klukkan 19.30 á sunnudagskvöld. Hollenska liðið vann frækinn sigur á Ungverjalandi í fyrstu umferð en liðið leikur undir stjórn Erlings Richardssonar sem er einnig þjálfari ÍBV. Miðað við frammistöðu hollenska liðsins í fyrsta leik er ljóst að íslenska liðið þarf að taka á honum stóra sínum gegn liðinu sem fyrir fram var talið það slakasta í riðlinum.

Úrslitakeppnin hefst

Um helgina verður einnig leikið í handbolta og körfubolta hér á landi og þá eru æfingamót í knattspyrnu byrjuð að vekja áhuga fólks. Úrslitastund er að hefjast í NFL-deildinni í Bandaríkjunum en deildin hefur notið talsverðra vinsælda hér á landi síðustu ár. PGA-mótaröðin í golfi er einnig á fullri ferð en Sony-mótið fer fram á Hawaii þessa helgina. Afríkumótið í knattspyrnu heldur svo áfram en leikirnir í fyrstu umferð voru lítið fyrir augað. Von er á bjartari tímum þar nú þegar liðin þurfa að sækja til sigurs. ■

Liverpool mistókst að nýta sér liðsmuninn gegn Arsenal í vikunni og fær nú tækifæri til að bæta upp fyrir það gegn Brentford. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Arsenal óskaði eftir frestun á nágrannaslagnum í gær.

Enski boltinn

Laugardagur	
Manchester City - Chelsea	12.30
Newcastle United - Watford	15.00
Norwich City - Everton	15.00
Wolverhampton Wanderers - Southampton	15.00
Aston Villa - Manchester United	17.30
Sunnudagur	
Liverpool - Brentford	14.00
West Ham United - Leeds United	14.00
Tottenham Hotspur - Arsenal	16.30

Manchester City getur náð þrettán stiga forskoti á toppi deildarinnar með sigri á Chelsea.

Fá ekki greitt fyrir þátttöku Benyu

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Vestri fær ekki greiddar neinar bætur vegna þátttöku Kundai Benyu, landsliðsmanns Simbabve, á Afríkumótinu líkt og þekkist víða þegar leikmenn eru kallaðir á stórmót fyrir landslið sín. Þetta staðfesti Samúel Samúelsson, formaður Vestra, í samtali við Fréttablaðið á dögunum. Benyu lék 71 mínútu í fyrsta leik Simbabve á mótinu og er einn tveggja leikmanna sem léku á Íslandi á síðasta ári sem eru þessa dagana að keppa í Afríkukeppninni ásamt Kwame Quee, landsliðsmanni Síerra Leóne.

Tveir leikmenn sem léku á Íslandi í fyrra eru á Afríkumótinu.

Félögin Valur og Víkingur nutu góðs af því að fá rúmlega 221 þúsund dollara í bætur frá FIFA fyrir þátttöku Birkis Más Sævarssonar og Kára Árnasonar þegar lokakeppni HM fór fram árið 2018.

Félög sem eiga fulltrúa í kvennalandsliði Íslands á EM í sumar fá að minnsta kosti tíu þúsund evrur í bótagreiðslur fyrir hvern leikmann sem er fjarverandi vegna landsliðsverkefna.

Samúel sagði að Vestri hefði haft samband við Íslenskan toppfótbolta, hagsmunasamtök félaga í efstu deild, til að kanna hvort Vestri ætti rétt á bótum fyrir þátttöku Benyu en að slíkt tíðkaðist ekki í Afríkukeppninni. ■

Bjarki Steinn lánaður fram á vor

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Bjarki Steinn Bjarkason, leikmaður ítalska félagsins Venezia, hefur verið lánaður til C-deildarliðsins Catanzaro en lánssamningurinn gildir út yfirstandandi leiktíð.

Bjarki Steinn, sem er 21 árs gamall sóknarþenkjandi leikmaður, er á sínu öðru tímabili hjá Venezia og hefur hann spilaði 10 leiki fyrir liðið í B-deildinni.

Þá þreytti Bjarki Steinn á dögunum frumraun sína í A-deildinni. Áður hafði hann verið í byrjunarliði í bikarleik í vetur.

Þessi uppaldi leikmaður Aftureldingar gekk til liðs við Venezia árið 2020 og er á samningi í Feneyjum til 2024.

Catanzaro situr í sjöunda sæti í suðurriðli ítölsku C-deildarinnar eins og sakir standa. ■

Bjarki Steinn Bjarkason

Lausn á myndagátu Fréttablaðsins 2021

Enn skelfur jörð á Reykjanesskaga. Óróapúls hefur gert vart við sig og líkur á gosi. Hekla, Askja og Katla bíða spenntar.



Vinningshafi myndagátunnar

Fjölskyldan lagðist á eitt

„En gaman! Takk fyrir innilega!“ segir Sigrún Anna Jónsdóttir, vinningshafi jólamyndagátu Fréttablaðsins, þegar henni eru færðar gleðifréttirnar. „Þetta er aðalfjölskylduskemmtunin um jólin. Öll fjölskyldan leggst á eitt við að leysa gátuna saman, alveg yndislega skemmtilegt.“ Sigrún segir börnin orðin fullorðin en í sameiningu sé þrautin leyst ár hvert. „Þetta er stórt áhugamál hjá okkur,“ segir hún að lokum. ■

> Þetta er aðalfjölskylduskemmtunin um jólin.

Þátttakendur síðasta árs ásamt sendiherra Bandaríkjanna, nýsköpunarráðherra og rektor. MYND/KRISTINN INGVARSSON

Kvenleidd hugmynd líklegri til árangurs

Á mánudaginn rennur út umsóknarfrestur fyrir nýsköpunarhraðalinn Academy for Women Entrepreneurs, sem Háskóli Íslands og bandaríska sendiráðið á Íslandi standa að.

bjork@frettabladid.is

Leit stendur nú yfir að konum til að taka þátt í nýsköpunarhraðlinum og geta bæði einstaklingar og lið tekið þátt. Hefst hraðallinn þann 3. febrúar og stendur fram í maí, er þátttakendum að kostnaðarlausu og verða verðlaun veitt við lok hans.

Um er að ræða annað sinn sem hraðallinn er haldinn, en markmið hans er að styðja konur í að þróa áfram viðskiptahugmyndir sínar og fyrirtæki og auka hlut þeirra innan frumkvöðla- og nýsköpunargeirans. Jafnframt er tilgangur hraðalsins að bjóða upp á fræðslu og efla tengslanet kvenna.

Færri komust að en vildu

Í fyrra komust færri að en vildu, en 25 konur voru þátttakendur og hafa þær haslað sér völl bæði hér heima og erlendis, með frekari þróun og fjármögnun viðskiptahugmynda sinna. Verkefnið, sem skammstafað er AWE, er í boði í yfir fimmtíu löndum víða um heim á vegum bandarískra stjórnvalda og er Ísland fyrst norrænna ríkja til að taka þátt.

Fida Abu Libdeh, forstjóri og stofnandi Geo Silica, verður einn mentora í hraðalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Konur fá jafnmargar hugmyndir

Að skipulagningu hraðalsins koma einnig Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) og Samtök kvenna af erlendum uppruna (W.O.M.E.N). Fida Abu Libdeh, forstjóri Geo Silica og varaformaður FKA á Suðurnesjum, er ein þriggja kvenna sem munu verða mentorar í hraðlinum.

Hvaða máli skiptir svona hraðall?

„Stuðningur og fræðsla sem konur geta fengið til að þróa viðskiptahugmyndir sínar skiptir svo miklu máli. Þegar er farið af stað með sprotafyrirtæki eða viðskiptahugmynd þá er einnig mikilvægt að efla tengslanetið og læra af þeim sérfræðingum sem hafa farið í gegnum þetta allt saman.“

Hvers vegna skiptir máli að beina athygli sérstaklega að konum?

„Rannsóknir sýna að jafnmargar konur og karlar fá viðskiptahugmyndir. Staðreyndin er sú að það er erfiðara fyrir konur að finna fjármagn og stuðning heldur en fyrir karla. Þess vegna skipta hraðlar líkt og þessi miklu máli til þess að laga það misrétti sem ríkir í okkar samfélagi. Rannsóknir sýna einnig að kvenleidd hugmynd er líklegri til að ná árangri,“ fullyrðir Fida og bætir við: „Það má því segja að það er smart að fjárfesta í kvenleiddu verkefni þar sem þær eru líklegri til að ná árangri. Ég hvet allar konur og þá sérstaklega konur á landsbyggðinni og af erlendum uppruna til að sækja um.“

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni awe.hi.is en þar má skila inn umsóknun til mánudags. ■

Í vikulokin

Stjarna Katrínar fellur hratt

Ólafur Arnarson

Vinsældir Katrínar Jakobsdóttur virðast nú dvína hratt. Persónuvinsældir hennar hafa mælst margfaldar á við þann stuðning sem flokkur hennar hefur fengið. Fyrir fjórum árum var stjórnarmyndun með Sjálfstæðisflokki réttlætt með því að öðru vísi hafi ekki verið hægt að koma saman meirihlutastjórn. Sú skýring er ekki lengur gild vegna þess að nú voru betri kostir í boði. Margir telja það þynna stjórnmálin út í óskiljanlega moðsuðu að höfuðandstæðingar íslenskra stjórnmála vinni saman í ríkisstjórn.

Innan flokks Katrínar er gagnrýnin hörð, meðal annars í nýútkominni bók frá Ögmundi Jónassyni. Illugi Jökulsson rithöfundur og harður vinstrimaður gerir í nýlegri grein stólpagrín að málflutningi Katrínar sem honum finnst vera frasakenndur og innantómur. Fólk skynjar að hana skortir stefnu og hugsjónir. Leggur allt í sölurnar til að halda embætti sínu. Fórnaði umhverfis- og loftslagsmálum, sem hafa verið hjartans mál VG. Heilbrigðisráðuneytið var hrifsað af VG eftir umdeildan ráðherraferil Svandísar Svavarsdóttur.

Úrslit kosninganna í haust kölluðu ekki á vinstri stjórn. Vinstri grænn töpuðu miklu fylgi og misstu þrjú þingsæti. Sósíalistaflokkurinn náði ekki á þing og Samfylkingin tapaði. Þetta var ekki ákall um vinstri stjórn. Miðjuflokkurinn Framsókn bætti við sig fimm þingsætum, Viðreisn einu og Flokkur fólksins tveimur. Ákall kjósenda var því á miðjustjórn en ekki vinstristjórn.

Fylgi Vinstri grænna er nú 12 prósent, sama og 2013 þegar óvinsæl vinstri stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur féll í kosningum, en sú ríkisstjórn er almennt talin versta ríkisstjórn sögunnar, ásamt vinstri stjórn Gunnars Thoroddsen 1980-1983.

Stenst Katrín mótbyrinn eða hverfur hún af vettvangi stjórnmálanna fyrr en seinna eins og stundum hefur verið spáð? ■

BREIÐ Á AKRANESI
OPIN HUGMYNDASAMKEPPNI

Falin perla framtíðar

Breið þróunarfélag, f.h. Brims hf. og Akraneskaupstaðar, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands býður til opinnar hugmyndasamkeppni um skipulag Breiðar á Akranesi.

Markmið samkeppninnar er að fá fagaðila til að leggja fram tillögur sem eru í samræmi við þá framtíðarsýn að svæðið verði íbúðabyggð fyrir ólíka aldurshópa í bland við atvinnusköpun með áherslu á hátækni, nýsköpun og sjálfbærni.

Á Breið eru lóðir og fasteignir sem áður nýttust fyrir útgerð og fiskvinnslu en breytingar í atvinnuháttum opna nú á einstakt tækifæri til þróunar og uppbyggingar í takt við breytta tíma og nýja framtíðarsýn. Samkeppnissvæðið er einstakt hvað varðar staðsetningu, sögu, menningu, fjörugerð og fuglalíf.

Nýsköpun, breyttir atvinnuhættir, stafræn þróun, sjálfbærni, hringrásarhagkerfið og græn orka geta lagt grunn að metnaðarfulllu skipulagi á Breiðinni og leitt okkur í spennandi áskoranir. Breiðin tekur til vestasta hluta Akraness í nálægð hafnar og miðbæjar, en um er að ræða alls um 16 hektara svæði, aðallega í eigu Brims hf. og Akraneskaupstaðar.

Hugmyndasamkeppnin er öllum opin.
Tillögum í samkeppnina er skilað undir nafnleynd.

Samkeppnisgögn og upplýsingar um skráningu verða aðgengileg á heimasíðu Breiðar þróunarfélags www.breid.is og á heimasíðu Arkitektafélags Íslands, www.ai.is frá og með 14. janúar 2022. Tillögum skal skilað fyrir 29. apríl 2022. Niðurstaða dómnefndar mun liggja fyrir í júní 2022.

Veitt verða verðlaun fyrir efstu þrjú sætin. Heildarfjárhæðin nemur 23.000.000 án vsk. Fyrir fyrsta sætið verða verðlaunin 15.000.000 kr., fyrir annað sætið 5.000.000 kr. og þriðja sætið 3.000.000 kr. Auk þess áskilur dómnefnd sér rétt til að kaupa áhugaverðar tillögur.

Akraneskaupstaður

ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS

BREIÐ

BRIM

Vanda Sigurgeirsdóttir var einn af strákunum í fótboltanum á Króknum í gamla daga, síðar varð hún fyrst kvenna til að þjálfa karlalið hér á landi og síðasta haust varð hún fyrst kvenna í Evrópu til að taka að sér formennsku knattspyrnusambands. Glerþök ógna ekki þessari konu sem býður áfram fram krafta sína í flókin verkefni.

Þótt Vanda viðurkenni að hafa bugast aðeins vegna fjölmiðlaumfjöllunar er ekkert fararsnið á henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mig langar ekki að fara neitt

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Vanda er eins og stór hluti þjóðarinnar nýkomin heim frá Tenerife þar sem hún naut langþráðs frís með fjölskyldunni yfir hátíðirnar. Einn fjölskyldumeðlima reyndist svo smitaður við heimkomu og er Vanda því í sóttkví þegar viðtalið fer fram í gegnum fjarfundarbúnað.

„Ég bjóst alltaf við álagshausti í vinnunni og við tókum því í vor ákvörðun um að vera erlendis yfir jólin. En ég hef sjaldan verið ánægðari með nokkra ákvörðun," segir Vanda og hlær en haustmánuðirnir reyndust strembnari en hún hafði gert ráð fyrir enda tók hún við stöðu formanns Knattspyrnusambands Íslands í október síðastliðnum við vægast sagt erfiðar kringumstæður.

„Ég náði alveg að hlaða batteríin," segir Vanda og ekki veitir af því hún hefur tekið ákvörðun um að bjóða fram krafta sína í formannskjöri KSÍ sem fram fer í næsta mánuði.

Vanda er fyrir löngu landsþekkt knattspyrnukona og hefur á ferli sínum þurft að mölva þau nokkur glerþökin, þó að nýjasta útspilið, að setjast fyrst kvenna í Evrópu í formannsstól knattspyrnuhreyfingar, hafi líklega verið það stærsta.

Nennti ekki búningaleikjum

Vanda ólst upp fyrir norðan, á Sauðárkróki og Dalvík, auk nokkurra ára í Danmörku þegar móðir hennar var þar við nám.

„Ég fór til Danmerkur í öðrum bekk í grunnskóla og uppgötvaði þar fótboltann. Stelpurnar voru inni í einhverjum búningaleikjum sem ég nennti ekki að taka þátt í svo ég fór út þar sem bekkjarbræður mínir voru í fótbolta og spilaði bara með," segir Vanda sem strax heillaðist af boltanum.

Fjölskyldan bjó á stúdentagörðum þar sem voru fleiri Íslendingar. „Þar spilaði ég mikið fótbolta við vin minn Jóhannes Björnsson og fleiri krakka, og þannig byrjaði þetta."

Þó að Vanda hafi líka leikið sér í Barbie-leikjum við vinkonu sína segist hún hafa verið klassískur „tomboy", eða það sem þá var kallað strákastelpa. Hún hafði meiri áhuga á útileikjum og ævintýrunum sem þeim fylgdu.

„Ég held að þetta hafi bjargað lífi mínu, þegar ég lenti í ýmsum atvikum hjálpaði það mér að hafa verið mikið að klifra utan á húsbyggingum og í ljósastaurum. Undan mér hrundi til að mynda stillans, ég datt niður um vök og eitt sinn datt hjólið mitt í sundur á fullri ferð. Ég lenti þá á jörðinni og náði að hlaupa með og slapp við að stórslasast."

Það trix hafði Vanda lært þegar krakkarnir hlupu á eftir bláa bílnum sem keyrði með karlana frá höfninni á Sauðárkróki og heim í hádegismat, en billinn var með stiga aftan á sem var vinsæll hjá krökkunum.

„Við hlupum þá á eftir bílnum og stukkum aftan á til að næla okkur í far. Ef maður ætlaði svo að fara af bílnum á ferð varð maður að hlaupa með til að detta ekki. Þegar hjólið fór í sundur kunni ég þetta trix og það bjargaði mér frá því að slasast. En svo má á móti segja að ég hefði kannski ekki verið á allri þessari ferð ef ég hefði ekki verið þessi „tomboy" sem ég var."

Fékk að vera hún sjálf

Vanda segist þakka fyrir að hafa fengið að vera hún sjálf í litlu samfélögunum á Sauðárkróki og Dalvík. „Mér var ekki strítt þótt ég væri mikið í fótbolta með strákunum og mikið að leika við þá. Það sagði enginn neitt þó að ég væri bara í bikiníbuxunum en engum topp þangað til ég varð 13 ára," rifjar hún upp og hlær. „Toppurinn þvældist fyrir mér þegar við vorum í eltingarleikjum á bakkanum og ofan í lauginni því það var hægt að toga í hann og ná manni þannig. Ég leit alveg eins út og strákarnir og fannst þetta því óþarfi."

Vanda bendir á mikilvægi þess að fá að vera maður sjálfur á uppvaxtarárunum. „Ég er raunverulega þakklát enda veit ég ekkert hver ég hefði orðið ef ég hefði fengið þau skilaboð að ég þyrfti að breyta mér."

Ég var bara góð í fótbolta

Vanda kom til baka frá Danmörku níu ára gömul og fór þá að æfa fótbolta með strákunum á Dalvík og á Sauðárkróki enda ekkert stúlknalið í boði á þeim tíma.

„Ég veit ekki hvort það þurfti eitthvað að berjast fyrir þessu hjá Tindastóli en ég veit þó að einhverjir strákanna úr hinum liðunum fengu að heyra það ef ég til dæmis sólaði þá," segir hún í léttum tón. „En ég fann ekkert fyrir því að vera eina stelpan. Þetta var bara sjálfsagður hlutur. Ég var bara góð í fótbolta!"

Vanda var að eigin sögn seinþroska og því lítil eftir aldri en það háði henni ekki framan af og hún var mjög fljót að hlaupa. „Ég man svo í þriðja flokki, þegar ég var komin í tíunda bekk, að við kepptum á móti Þór og KA og þá voru þeir orðnir ansi stórir nokkrir. Ég var svo rosalega lítil."

Aðspurð segist Vanda að öðru leyti lítið hafa fundið fyrir því að vera eina stelpan í strákaliði.

„Þetta er bara fótbolti – það skiptir mig engu máli hvort það eru konur eða karlar sem spila hann. Þegar við fórum í útileiki fór ég bara annað hvort ekki í sturtu eða í sturtu fyrst og svo hinir og þegar við spiluðum heima mætti ég bara klædd."

> Ég hef oft sagt börnum mínum að það sé algjörlega pabba þeirra að þakka að við séum öll þar sem við erum í dag.

Valdi alltaf fótboltann

Þó að fótboltinn hafi alltaf verið í fyrsta sæti hjá Vöndu stundaði hún einnig aðrar íþróttir; körfubolta, sund, skíði, frjálsar og blak. Hún náði meira að segja að leika með tveimur landsliðum, í fótbolta og körfubolta, og mætti á unglingalandsliðsæfingar í blaki.

„Hér áður fyrr var fótboltinn sumaríþrótt og körfubolti vetraríþrótt. Yfir veturinn var því lítið eða ekkert um fótboltaæfingar. Það var því auðvelt að vera í báðum greinum," segir Vanda sem gerir þó ekki mikið úr því að hafa verið valin í tvö landslið og nefnir fólk sem hafi komist í þrjú.

„Þetta var kannski auðveldara á þessum tíma en rannsóknir sýna að það er gott að hafa fjölbreyttan íþróttabakgrunn. Þegar fótboltinn varð meiri ársíþrótt varð þó of mikið að vera í fleiru og ég valdi fótboltann. Ég valdi alltaf fótboltann."

Íþróttaáhuginn hefur augljóslega alltaf fylgt Vöndu og stefndi hún á að læra að verða íþróttakennari.

„Fyrsta árið mitt í kvennafótbolta var með KA. Ég spilaði með þeim í fyrstu deild en ég var með landsliðsdrauma og taldi því að ég þyrfti að fara í efstu deild. Ég fór því að spila með Skaganum og var í Menntaskólanum á Akureyri á veturna og á Akranesi á sumrin."

Eftir að hafa prófað sumarstarf í grásleppu og byggingarvinnu fékk Vanda flokksstjórastarf í vinnuskóla bæjarins og fann þar hvað hana langaði að leggja fyrir sig.

„Mér fannst ofsalega gaman að vinna með unglingum og langaði að fara að vinna í félagsmiðstöð, frekar en að verða íþróttakennari. Sem betur fer, því þar hitti ég manninn minn."

Eiginmaðurinn beið í fimm ár

Vanda lærði frítímafræði í Gautaborg þar sem hún spilaði einnig fótbolta. „Ég kom heim árið 1989 og fór að vinna í Árseli þar sem Kobbi er fyrir," segir Vanda og á þá við eiginmann sinn Jakob Frímann Þorsteinsson.

„Hann var með permanent og spangir þegar við hittumst auk þess sem hann var fjórum árum yngri en ég," segir Vanda hlæjandi en það tók hann fimm ár að fá Vöndu til að skipta um skoðun og gefa sér séns.

„Ég hef oft sagt börnum mínum að það sé algjörlega pabba þeirra að þakka að við séum öll þar sem við erum í dag. Hann hefur sagt það sjálfur að hann fann að ég ætti að verða konan hans og eltist við mig árum saman. Mér fannst erfitt að allir vinir okkar vissu að hann væri hrifinn af mér og var því ekkert alltaf voða næs – átti líka annan kærasta á tímabili. Hann bara beið og beið og aðra eins þrautseigju hef ég varla heyrt um, sem betur fer," segir Vanda, fegin því að hafa séð ljósið.

„Þegar ég svo hætti að ofhugsa þetta og hugsa um hvað öðrum fannst, varð ég ástfangin af honum. Ég setti niður varnirnar og leyfði mér að sjá betur hversu frábærlega frábær hann er," rifjar hún upp en síðan eru liðnir tæpir þrír áratugir og þau hjónin hafa ekki aðeins verið samstíga í einkalífinu heldur starfað saman stóran hluta ferilsins. „Fyrst í félagsmiðstöðinni og svo störfuðum við saman í yfir tíu ár við Háskóla Íslands við námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði.

Á eftir bolta kemur barn

Saman eiga Vanda og Jakob þrjú börn en þau komu í heiminn þegar Vanda var 33, 35 og 44 ára. „Ég sagði alltaf þegar ég var spurð um barneignir: „Á eftir bolta kemur barn," sem tilvitnun í auglýsingu Sjóvár. Ég hætti því fyrst í fótboltanum áður en ég fór í barneignir en ég ber mikla virðingu fyrir þeim konum sem gera bæði. Margar fyrrverandi og núverandi landsliðs-

konur í fótbolta eru gott dæmi um að hægt er að eiga börn og farsælan íþróttaferil á sama tíma.

Líkamlega séð hefði ég getað haldið áfram í mörg ár í viðbót en þegar ég tók við starfi landsliðsþjálfara var ekki í boði að vera einnig leikmaður," segir Vanda sem þjálfaði kvennalandsliðið frá 1997 til 1999 eftir að hafa verið leikmaður þess í 11 ár og lengst af fyrirliði.

Hélt að þeir væru að grínast

Einungis 20 mánuðir eru á milli tveggja fyrstu barna Vöndu og þegar hún gekk með annað barn sitt flutti fjölskyldan á Sauðárkrók þar sem forsvarsmenn Neista komu að máli við hana og buðu henni að þjálfa meistaraflokk karla.

„Það var stutt í mót þegar þau dingluðu hjá mér og ég hélt fyrst að þau væru að grínast þegar þau báru þetta upp. Ég kíkti út til að sjá hvort það væru faldar myndavélar, kona hafði þá aldrei þjálfað meistaraflokk karla."

> Ég kíkti út til að sjá hvort það væru faldar myndavélar, kona hafði þá aldrei þjálfað meistaraflokk karla.

Vanda var aftur á móti með mikla reynslu sem þjálfari og hafði þjálfað stráka í yngri flokkunum.

„Þetta hafði þó enginn gert. Ég hafði þjálfað meistaraflokk Breiðabliks í þrjú ár. KR í eitt ár og landsliðið í tvö ár. Ég átti því rosalegan feril að baki og þau hljóta að hafa hugsað að þarna væri þjálfari sem vissi hvað hún væri að gera og næði árangri."

Vanda segist ekki hafa fundið fyrir neinu en þó heyrt frá leikmönnum sínum að upphaflega hafi þeim fundist tilhugsunin skrítin.

„En þegar þeir sáu að ég vissi alveg hvað ég væri að gera hvarf það. Ég held að þeir hafi ekki hugsað: „Ég er að fara á fótboltaæfingu og þjálfarinn minn er kona." Nema þá kannski á fyrstu æfingunni. Ég kalla þá enn Neistamennina mína," segir Vanda og þykir augljóslega vænt um þennan tíma.

„Ég hefði léttilega getað haldið áfram að þjálfa karlalið. Það bara bað mig enginn um það."

Ákvörðunin tók margar vikur

Vanda tók í október síðastliðnum við formennsku Knattspyrnusambands Íslands í kjölfar hneykslismála sem skekið höfðu sambandið. Vanda var fyrsta konan til að gegna þeirri stöðu, ekki bara hér á landi heldur í allri Evrópu.

„Ég var fyrsta konan sem varð landsliðsþjálfari hér á landi og að ég held sú þriðja í heiminum. Ég hef því verið í þessu umhverfi áður en ég held að ég hafi ekki verið eins meðvituð um að ég hafi verið fyrsta konan eins og ég er núna. Ekki síst þegar í ljós kom að ég var sú fyrsta í Evrópu líka þó að tvær hafi nú bæst við."

Ákvörðunin var þó ekki auðveld enda Vanda í góðri stöðu við Háskóla Íslands ásamt því að reka fyrirtækið KVAN ásamt eiginmanni sínum og öðrum hjónum.

„Þetta var margra vikna ákvörðun. Hún var flókin og við »

Vanda hér með strákunum í Tindastóli fyrir örfáum árum síðan. Vanda fimmta í efri röð. MYND/ÓMAR BRAGI STEFÁNSSON

GRÓFARHÚS – hönnunarsamkeppni

Framtíðarbókasafn miðborgarinnar

Lifandi samfélagsrými og þátttökugátt

Forval fyrir hönnunarsamkeppni

Reykjavíkurborg efnir til hönnunarsamkeppni um endurhönnun á Grófarhúsi í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Samkeppnin er hönnunar- og framkvæmdasamkeppni með forvali. Að því loknu munu fimm teymi taka þátt í samkeppni um breytingar og endurbætur á Grófarhúsi við Tryggvagötu sem á að hýsa framtíðarbókasafn miðborgarinnar.

Forvalsnefnd Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur býður arkitektum/hönnunarteymum til þátttöku í forvalinu. Forvalsnefnd fer yfir umsóknir sem berast og velur fimm teymi til þátttöku í samkeppninni. Öllum sem uppfylla skilyrði er frjáls þátttaka í forvalinu og óskað er eftir að mynduð séu þverfagleg teymi sem í eru að minnsta kosti einn arkitekt, einn innanhússarkitekt og einn upplifunarhönnuður þegar sótt er um.

Teymin sem valin verða fyrir valinu og skila inn tillögum frá greiddar 5.000.000 kr. hvert. Vinningstillaga fær að auki 5.000.000 kr. auk þess sem gert er ráð fyrir að ná samningi um hönnun verkefnisins.

Forvalslýsing og fylgiskjöl eru aðgengileg á útboðsvef Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, **https://utbod.reykjavik.is/**. Þátttakendum er bent á að til að tryggja að allar upplýsingar varðandi samkeppnina berist er nauðsynlegt að skrá sig inn á útboðsvefinn.

Fyrirspurnarfrestur forvalsins er til 21. janúar 2022 kl. 12.00. Fyrirspurnir og svör við þeim verða aðgengilegar á útboðsvefnum.

Umsóknum skal skila með rafrænum hætti á framangreindan útboðsvef eigi síðar en kl. 12.00 þann 10. febrúar 2022.

Sjá nánar á reykjavik.is/grofarhus

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

„Hægt og rólega fann maður sjálfstraustið aukast"

Ávinningur námskeiðsins:

- Stækka þægindahringinn og auka sjálfstraust
- Rækta varanleg sambönd
- Muna nöfn og nota þau
- Veita öðrum innblástur
- Kynna hugmyndir á skýran og hnitamiðaðan hátt
- Takast á við ágreining á háttvísan máta
- Nota sannfæringarkraft og selja hugmyndir
- Stjórna streitu, kvíða og viðhorfi
- Sýna leiðtogafærni

Dale Carnegie hjálpar þér að leysa út læðingi orkuna sem í þér býr og gefur hugsunum þínum vængi. Sjáðu dagsetningar og upplýsingar um öll námskeið á **dale.is**

Dale Carnegie

„Ég mæli eindregið með Dale Carnegie. Æfingarnar sem notaðar voru á námskeiðinu voru mjög krefjandi en hægt og rólega fann maður sjálfsöryggið aukast" - Viktor Gísli Hallgrímsson

maðurinn minn ræddum þetta fram og til baka. Ég ákvað að gera þetta og hætti við nokkrum sinnum. Aðstæður voru mjög erfiðar og flóknar ákvarðanir fram undan. Ég þurfti að spyrja mig hvort ég ætlaði mér inn í þetta," segir hún.

„Ég var mjög ánægð í starfi og að vinna að málum sem brenna á mér. En mig langaði, ég er auðvitað fótboltamanneskja og hef lengi tilheyrt þessari frábæru hreyfingu sem mér þykir vænt um og langaði að hafa áhrif á hana til góðs. Ég er hugsjónamanneskja og baráttumanneskja og langaði að vera partur af þeim breytingum sem voru óumflýjanlegar."

Fráfall vinar vendipunktur

Eftir langa umhugsun segist Vanda hafa upplifað vendipunkt þegar æskuvinur hennar og frændi, Þorsteinn Valsson, féll frá þann 8. september. „Ég var einfaldlega viss um að hann hefði stutt mig í þessari ákvörðun," segir Vanda og það er augljóst að það kemur við hana að tala um fráfall frænda síns. „Ég bara sá hann fyrir mér segja mér að láta slag standa. Ég hugsaði líka mikið til foreldra minna og tengdaforeldra, sem öll eru látin. Það er okkar mesta sorg í lífinu að hafa misst þau frá okkur allt of snemma en ég veit í hjarta mínu að þau hefðu stutt mig."

Ársþingið er í lok febrúar næstkomandi og segist Vanda alltaf hafa verið ákveðin í að bjóða sig aftur fram þá. „En svo tók ég smá dýfu," segir Vanda og lýsir hvað helst hafi tekið á hana undanfarna mánuði í starfi.

„Starfsfólk KSÍ hefur tekið mjög vel á móti mér, eins fólkið í hreyfingunni og stjórnarfólk, það hefur allt saman gengið mjög vel og mér finnst vinnan skemmtileg þó að erfið mál hafi verið uppi á borði. Það sem hefur reynst mér erfiðast er fjölmiðlaumfjöllunin og það skrifast að einhverju leyti á reynsluleysi af minni hálfu."

Eðlilegt að líða stundum illa

Í nóvember síðastliðnum komst stjórn KSÍ að samkomulagi við aðstoðarþjálfara karlalandsliðsins, Eið Smára Guðjohnsen, um starfslok hans. Vanda nefnir gagnrýni sem hún hafi fengið á sig fyrir að neita að ræða málið í fjölmiðlum strax í fyrstu.

„Ég fékk að heyra að ég væri að valda vonbrigðum, væri óhæf og ekki rétti leiðtoginn, áður hafði verið sagt að ég gæti ekki tekið ákvarðanir. Það er erfitt að taka slíku ekki persónulega. Ég er ekki eina manneskjan sem hefur afþakkað viðtöl. Að segja að ég væri ekki hæf út af þessu þykir mér ósanngjarnt og ætti að mínu mati ekki að vera mælikvarði á mína hæfni."

Vanda segir að þessi erfiði tími hafi fengið hana til að hugsa, ásamt því að hún hafi fengið ráð frá góðum konum. „Ef það eru einhverjir sem vilja losna við mig er einfaldast að ég bugist og fari sjálf frá. Mig langar ekki að fara neitt þrátt fyrir að hafa verið smá buguð um tíma og þurft að hugsa hvort ég ætlaði að útsetja sjálfa mig og mína fyrir þessu. Mér finnst eðlilegt að líða stundum illa, að þykja hlutir erfiðir og mér finnst ekkert að því að viðurkenna það. Ég þekki leiðtogafræðin, ég er auðmjúk gagnvart verkefninu og ef einhverjum dettur í hug að ég sé verri leiðtogi fyrir vikið þá verður sá hinn sami að eiga það við sjálfan sig."

Gagnrýnin hrinti þó að sögn Vöndu af stað ákveðnum stuðningi sem hún er þakklát fyrir. „Sumir bentu á að ég væri betri leiðtogi fyrir vikið og ég held að það sé rétt."

Þakklát þolendum

Hin erfiðu mál sem Knattspyrnusambandið hefur staðið frammi fyrir hafa flest snúist um kynferðisbrot eða áreitni og hefur fjölmiðlaumfjöllun farið hátt. Vanda segist ekki veigra sér við að taka á slíkum

Vanda hugsaði sig vel um áður en hún bauð sig fram til formennsku hjá KSÍ og bæði ákvað að láta slag standa og hætti við margoft. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vanda ásamt vinkonu sinni og frænku Kristrúnu Lilju Daðadóttur, þegar þær léku saman með Breiðabliki, en með þeim eru mæður þeirra Dóra Þorsteinsdóttir og Bára Eiríksdóttir. MYND/AÐSEND

Vanda tekur hér á móti viðurkenningu ásamt Sævari Jónssyni sem besti leikmaður Íslandsmóts 1. deildar félaga árið 1990. MYND/GUNNAR SVERRISSON

Vanda ásamt eiginmanni sínum og börnum þeirra þremur á Tenerife nú um jólin. Hún segir fríið hafa verið kærkomið eftir erilsama mánuði. MYND/AÐSEND

> Það sem hefur reynst mér erfiðast er fjölmiðlaumfjöllunin og það skrifast að einhverju leyti á reynsluleysi af minni hálfu.

málum en það þurfi að gera á réttan hátt.

„Við í stjórninni eigum ekki að vera að vasast í þessu og það er partur af mistökunum sem voru gerð. Árið 2020 var settur á samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs og nú er það svo að við leitum til hennar ef mál koma upp," segir Vanda um leið og hún þakkar fyrir þá aðstoð sem stjórnin hafi fengið.

„Starfshópur innan ÍSÍ skilar svo áætlun í mars. Við viljum að íþróttahreyfingin sé með sömu reglur og aðgerðaáætlanir eins og unnt er."

Vanda segir sitt hlutverk í þessum málum fyrst og fremst að koma þeim í réttan og faglegan farveg.

„Ég er þakklát öllum þeim þolendum sem hafa stigið fram. Við erum á leið í átt að betra samfélagi og fyrir það er ég þessum baráttukonum þakklát – því þetta er ekki auðvelt. Það þarf líka mikið að gerast á dómstiginu og íþróttahreyfingin verður að standa við að ætla að bæta sig. Þolendur verða að geta leitað til okkar og fundist þeir öruggir. Við erum ekki komin alla leið en ég vona að við sem samfélag séum á góðri leið."

Fram undan er meiri fræðsla og skýrt verklag. Við viljum ekki að þetta gerist aftur og þess vegna ætlum við að vera í forvörnum en líka með inngripsáætlanir ef eitthvað kemur upp."

Tækifærin í krísunum

Vanda hefur trú á því að í krísum felist jafnframt tækifæri.

„Við þurfum að taka ábyrgð sem íþróttahreyfing. Ég held að þegar við lítum til baka þá verði þetta viðsnúningur. Að upplifunin verði að við snerum hér við og fórum að gera enn betur. Ég held og vona að þetta gildi ekki bara um íþróttahreyfinguna heldur um okkur sem samfélag."

Vanda bendir á að hún hafi verið gagnrýnd fyrir að vera ekki með neina stefnu en segir það ekki rétt. „Stefna mín er þó kannski ólík því sem margir eru vanir, því hún er um samtal og samráð. Ég trúi að best sé að byrja á að greina stöðuna, afla upplýsinga, hafa fólk með í ráðum og taka svo ákvarðanir út frá því. Ég hef notað undanfarna mánuði til að hefja þessa vinnu og hef meðal annars haldið fundi með félögunum í landinu."

Á döfinni er frekari vinna og hyggst Vanda til að mynda gefa börnum og ungmennum rödd og áhrif í hreyfingunni. „Þau eru langstærsti hópurinn en hafa lítil sem engin áhrif. Því vil ég breyta." ■

> Þolendur verða að geta leitað til okkar og fundist þeir öruggir.

Domino's

Veganúar

YFIR 100 SAMSETNINGAR

Settu saman þína veganpizzu, nákvæmlega eins og þú vilt hafa hana eða pantaðu Vegas eða Veganveislu af matseðli. Við bjóðum líka upp á úrval af meðlæti sem smellpassar í Veganúar.

Njóttu vel!

Hulda Vigdísardóttir lenti í fimmta sæti í keppninni og var krýnd Miss Powerwoman. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þurftu að synda í land með helstu nauðsynjar

Hulda Vigdísardóttir, doktorsnemi í málvísindum og starfsmaður hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, var krýnd Miss Powerwoman International í desember og lenti í fimmta sæti í Miss Multiverse. Keppnin var haldin í Dóminíska lýðveldinu og fór lokakeppnin fram þann 19. desember. Hún fékk titilinn Miss Most Classy og Miss Powerwoman en seinni titlinum fylgir kóróna.

Lovísa Arnardóttir
lovisaa@frettabladid.is

Keppnin er í senn raunveruleikaþáttur og fegurðarsamkeppni en þó alls ekki með hefðbundnu sniði. Í Miss Multiverse þurfa keppendur að takast á við ýmsar áskoranir eins og hreystikeppni á ströndinni sem stendur yfir í sex klukkustundir með mismunandi þrautum og greindarvísitölupróf ásamt verkefnum sem reyna á félagslega hæfni, viðskiptahæfni, framkomu, úthald og þol.

Síðustu níu ár hafa keppendur dvalið þrjár vikur á Hard Rock-hóteli þar sem hver keppandi hefur fengið sitt herbergi en því var breytt í ár, meðal annars vegna Covid, en líka til að gefa keppendum tækifæri til að ferðast víðar um eyjuna og upplifa hana á annan hátt. Þátttakendur dvöldu því bæði á hótelum og var boðið að vera saman í nokkrum stórum villum.

„Þetta var auðvitað alger lúxus en ég kynntist hinum þátttakendunum líka miklu betur en ég hefði gert, ef við hefðum allar verið sín í hverju herberginu eða tvær og tvær. Við urðum mjög nánar og þetta var miklu betra, held ég," segir Hulda sem segist þakklát fyrir þær vinkonur sem hún eignaðist úti.

Ætlaði í fyrra en komst ekki

Spurð hvernig hún hafi endað á því að taka þátt segir Hulda að hún hafi lengi vitað af keppninni og fundist hún spennandi.

„Ég tók þátt í Miss Universe Iceland árið 2019 og var krýnd Queen Beauty Iceland 2020. Ég átti alltaf að keppa sumarið 2020 en hef ekki enn farið út. Forsvarsfólk Miss Multiverse-keppninnar fann mig eflaust á vefsíðu eða samfélagsmiðlum tengdum Miss Universe Iceland. Mér var boðin þátttaka í fyrra sem ég ætlaði að þiggja, en þá stóð hinn titillinn í vegi fyrir því," segir Hulda og bætir við að þegar þau leituðu aftur til hennar í ár hafi hún ekki hikað við að þiggja boðið.

Hún segir að hver dagur hafi verið ólíkur hinum og að sjaldnast hafi þær fengið að vita hvað væri í vændum.

„Yfirleitt vissum við ekkert hvað var í vændum. Morguninn eftir undanúrslitin vaknaði ég snemma og fór í sturtu. Við héldum allar að fram undan væri rólegur dagur en skyndilega heyrðist svaka trommusláttur frammi á gangi og karlmannsraddir sem hrópuðu: „It's a drill! It's a drill!" Vinkona mín frá Filippseyjum var einmitt nýkomin inn á baðherbergi til mín til að fá eitthvað lánað. Okkur brá báðum svo mikið að við áttuðum okkur engan veginn á því hvað væri í gangi. Raunar heyrðum við hvorug hvað var hrópað eða við greindum alla vega ekki orðaskil. Enginn tökumannanna átti að vera mættur, svo það voru bara stelpur í húsinu – að við héldum. Vinkona mín flýtti sér að læsa baðherberginu og stóð greinilega alls ekki á sama en ég stóð enn inni í sturtuklefanum með hárnæringu í hárinu. Hálftíma seinna vorum við komnar um borð í bát með helstu nauðsynjar, klæddar grænum hermannafötum, í sundskóm og með fastar fléttur í hárinu," segir Hulda.

Á myndinni með Huldu er Julie Tarrayo frá Fillipseyjum en þær voru herbergisfélagar á meðan keppni stóð og urðu mjög góðar vinkonur. MYND/AÐSEND

Hún rifjar það upp hlæjandi að þær hafi lítið vitað hvað þær ættu að taka með sér en þær fengu að vita að þær væru á leiðinni á eyðieyju, án nokkurra þæginda, í tvo sólarhringa.

„Við máttum ekki pakka miklu. Áður en við fórum um borð í bátinn var okkur skipt í tvö lið á bryggjunni, hvort með sinn hópstjóra. Hvort liðið mátti hafa einn poka eða það sem við treystum okkur til að synda með í land því báturinn gat auðvitað ekki siglt að landi og því skyldum við hoppa út í sjó með allt hafurtaskið. Hópstjórinn var með einn pott og eina pönnu fyrir liðið. Við máttum gefast upp þegar við vildum en þetta var í senn hópkeppni og einstaklingskeppni. Ég get ekki sagt hvernig þetta fór en við fundum allavega afar frumlega leið til að pakka eldhúsgögnunum, nokkrum vatnsflöskum, síðermapeysum og buxum, moskítóspreyi og sólarvörn auk þess matar sem við náðum að grípa með; orkustöngum,

> Ég get ekki sagt hvernig þetta fór en við fundum alla vega afar frumlega leið til að pakka eldhúsgögnunum, nokkrum vatnsflöskum, síðermapeysum og buxum, moskítóspreyi og sólarvörn.

KRÓNAN

VELKOMIN ... Í SVANSVOTTAÐA VERSLUNI

Krónan umhverfið

Svansvottun er opinbert og vel þekkt umhverfismerki á Norðurlöndunum sem er meðal annars með það markmið að lágmarka umhverfisleg áhrif á neyslu og framleiðslu vara.

Kröfur Svansins fyrir dagvöruverslanir ná yfir umhverfisþætti í rekstri verslana, svo sem matarsóun og flokkun úrgangs, orkunotkun, og framboð lífrænna og umhverfisvottaðra vara.

Pssst ... kynntu þér málið betur á kronan.is

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

banana, eggjum og hnetum. Allt annað áttum við bara að finna á eyjunni. Alger „Survivor“-stemning,“ segir Hulda og hlær.

Æfði þar til hana svimaði

Hún segir annað verkefni sem þær fengu í keppninni hafa verið hreystikeppni þar sem þær áttu að gera æfingar samfellt á ströndinni í 30 stiga hita án þess að fá hlé eða næringu.

„Keppnin kallast Last Woman Standing og snýst um það að sú sem stendur eftir síðust vinnur. Þau hentu smá vatni í okkur (í rauninni bara nokkrum dropum upp í okkur á meðan við vorum að), en ekkert annað en það. Ég held að ég hafi verið í um fjóra og hálfan tíma en sú sem var lengst var í fimm og hálfan. Ég vildi alls ekki hætta, þvertók fyrir það og grátbað í orðsins fyllstu merkingu um að fá að hamast þarna áfram, en það voru eiginlega framleiðendur sem létu mig hætta. Enda var það kannski skynsamlegt því mig var farið að svima,“ segir Hulda.

Þá segir hún að í annað sinn hafi þeim verið skutlað á ströndina í þyrlum þar sem þær fóru í sjóinn, fengu dómíníska hádegisverð og fóru í reiðtúr eftir strandlengjunni.

„Eitt af því fyrsta sem við gerðum var greindarvísitöluprófið. Við fengum 20 eða 30 mínútur til að svara prófinu. Allar spurningarnar voru sjónrænar því við höfum ólík móðurmál og því er það sanngjarnt.“

Hulda segir að annað sem henni hafi líkað vel sé að keppnin sé mjög ólík öðrum keppnum sem hún hafi verið í, eins og til dæmis Miss Universe Iceland.

„Það er enginn klíkuskapur og einkunnagjöf er byggð á stigagjöf. Það eru engir dómarar og þó að við komum fram í þjóðbúningum, sundfötum og síðkjólum, miðast keppnin ekki við það. Á hverjum degi vorum við búnar að vinna okkur inn ákveðinn stigafjölda í ólíkum áskorunum,“ segir Hulda en vegna þess að keppnin er líka raunveruleikaþáttur þá varð það að vera skýrt hvernig stigin voru gefin.

Hún segir að til greina komi að sýna keppnina á Netflix og að það sé mjög spennandi.

„Það er alveg geggjað. Við vorum alltaf í viðtölum og þetta hefur opnað margar dyr nú þegar. Við förum líklega á „prómó túr“ en ég fer í það minnsta aftur til Dómíníska lýðveldisins þegar ég þarf að krýna þar í desember.“

Góðgerðarstarfið stór þáttur

Nokkuð stór hluti af keppninni er góðgerðarstarfsemi þar sem keppendur safna fyrir eitthvert ákveðið verkefni. Í ár var lögð áhersla á að byggja upp skóla og undirbúa skólastarf í Yamasa og öðrum fátækum hverfum í Dómíníska lýðveldinu.

Hulda fór í þyrlu á ströndina. Með henni á myndinni eru þær Angel frá Kanada og Mayra frá Argentínu.

MYND/AÐSEND

„Verkefnið gefur þessum börnum kost á að sækja sér menntun sem þau hafa annars ekki aðgang að. Eins og er þurfa börnin að ferðast langa og óörugga leið til að komast í skólann og langflest þeirra búa við mjög mikla fátækt svo menntunin situr á hakanum,“ segir Hulda og að góðgerðarþáttur keppninnar hafi í raun verið það sem fékk hana til að slá til og taka þátt að lokum.

„Góðgerðarstarfið nær út fyrir þátttöku í Miss Multiverse en verkefnið snerti okkur allar og hreyfði við okkur. Við sem komumst í topp tíu erum flestar staðráðnar í að halda áfram og ég er þegar farin að skipuleggja næstu ferð til Dómíníska lýðveldisins. Við tíu komum frá misvelstæðum löndum; Íslandi, Noregi, Nígeríu, Serbíu, Filippseyjum, Kanada, Argentínu, Ungverjalandi, Belgíu og Rúmeníu. Ég á sjálf menntun mikið að þakka og hef fengið mýmörg tækifæri í lífinu vegna hennar. Ég veit að þar spila margir þættir inn í, svo sem hvar og hvenær ég er fædd sem og ómældur stuðningur foreldra minna en ég trúi einlæglega að menntun opni fjölmarga möguleika og sé á vissan hátt lykill að árangri og tækifærum framtíðarinnar,“ segir Hulda einlæg.

Myndin er tekin rétt fyrir hreystikeppnina.

MYND/AÐSEND

Hægt að styrkja góðgerðarverkefnið með því að leggja inn á bankabók á nafni Huldu sem var stofnuð fyrir verkefnið. Kennitala: 2901942299 og reikningsnúmer: 0123-15-044830.

„Þannig er hægt að gefa þessum börnum einhverja dýrmætustu gjöf sem völ er á: menntun og betri framtíð,“ segir Hulda. ■

Hulda klæddist ýmsum glæsilegum klæðnaði í keppninni. MYND/AÐSEND

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Tilboð í janúar og febrúar

Innifalið í tilboði:

Grafskrift, lukt, vasi og fuglar, blómarammi, jarðvegsdúkur og hvít möl.

Litur steina að eigin vali - sjá heimasíðu.

Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina fram á sumar ef óskað er.

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.

TILBOÐ Nr 1 (ljósmynd)

Stærðir: sökkull 120x30 steinn 57x77

Sett eins og á mynd - 540.000

án blómaramma - 440.000

TILBOÐ Nr 2

Stærðir: sökkull 80x35 steinn 50x60

Hægt að setja 2 nöfn

Sett eins og á mynd 360.000

TILBOÐ Nr 3

Stærðir: sökkull 130x30 steinn 60x100

Sett eins og á mynd - 615.000

án blómaramma - 515.000

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

Óþolandi að búa á stað þar sem þú getur engum treyst

Í desember komu hingað til lands þær Edith Olivares Ferreto, framkvæmdastýra Amnesty International í Mexíkó, og aðgerðasinninn og femínistinn Wendy Andrea Galarza, til að ræða kvennamorð í Mexíkó, vekja athygli á þeim og fá Íslendinga til að sýna þeim samstöðu.

Edith og Wendy eru sammála um að yfirvöld þurfi að gera betur í þágu kvenna í Mexíkó. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lovísa Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is

Í Mexíkó eru tíu konur myrtar á hverjum degi. Sem vitað er um. Í nýrri skýrslu Amnesty International, Justice on Trial, sem gefin var út í september 2021, voru 3.723 kynbundin morð á konum skráð í landinu árið 2020. Í skýrslunni kemur fram að rannsókn málanna sé verulega ábótavant. Sem dæmi er vettvangur glæps ekki skoðaður nægilega vel, sönnunargögn týnast eða áhugi er ekki til staðar á að sinna rannsókn. Það leiðir svo til þess að málin rata sjaldan til dómstóla og að hinir seku sæta ekki ábyrgð.

„Við höfum unnið í þessu í mörg ár, en í september í fyrra sendum við tilkynningu til lögreglunnar um að við værum sjálfar að rannsaka kvennamorð, og þá sérstaklega í Ciudad Juares," segir Edith og bætir við að þær geri það vegna þess að þær telji lögregluna óhæfa til að rannsaka morðin.

„Það hefur eitthvað verið að gerast með rannsóknirnar undanfarið, en það er ekki nóg. Það er enn stórt verkefni fyrir höndum, sem er að fá yfirvöld til að sinna sínum verkefnum og gera það vel," segir Edith.

Yfirvöld óhæf

Hún segir frá því að markvisst hafi verið unnið að því, af hálfu Amnesty, að fá stjórnvöld til að hlusta. Það hafi verið sendar út tilkynningar auk þess sem samtökin hafi stutt skipulögð mótmæli.

„Með skýrslunni erum við að mótmæla því hvernig lögregla tekur skýrslu af þolendum og bendum á að hún svari konum með ofbeldi, misnoti vald sitt og berji og lemji þær til að sýna þeim hver ræður. Það sem gerðist 9. nóvember í Cancun var út í hött. Það var kornið sem fyllti mælinn," segir Edith, og á þar við mótmæli sem voru skipulögð af femínistum árið 2020 til að mótmæla kvennamorði og ofbeldi gegn konum. Það fór ekki betur en svo að á mótmælunum sjálfum voru konur skotnar, þeim nauðgað og einhverjum skellt í fangaklefa fyrir þátttöku.

„Konur voru beittar ofbeldi og þeim nauðgað. Þau notuðu ofbeldi gegn mótmælendum og það getum við ekki sætt okkur við. Ekki nóg með að konum sé sýnd mikil harka og ofbeldi, heldur er þeim ekki sýnd virðing," segir Edith.

Wendy tók sjálf þátt í umræddum mótmælum og er ein þeirra sem voru skotnar af lögreglunni.

„Konur fóru út á götu til að mótmæla og sýna samstöðu með þeim sem hafa verið beittar ofbeldi eða myrtar. En meðal kvenna er almenn hræðsla um það hver verði næst, sama hvort um er að ræða ofbeldi eða morð. Þetta var auðvitað tilraun til þess, í mínu tilfelli, þennan dag, 9. nóvember. Við mótmæltum fyrir Alexis, sem var myrt, en auðvitað líka fyrir aðrar konur sem voru myrtar á hrottalegan hátt og fleiri sem hafa horfið sporlaust."

Skotin tvisvar á mótmælunum

Wendy segir að mótmælin hafi hafist við skrifstofu embættis saksóknara – þangað sem konur fari til að gefa skýrslu.

„Starfsfólkið er óhæft til að taka skýrslur af konum og því er illa sinnt þegar konur kvarta undan ofbeldi. Okkur fannst þetta því góður staður til að hefja mótmælin. Við vorum um þúsund þar og mörgum var mjög heitt í hamsi vegna ástandsins. Það var búið að kveikja eld á nokkrum stöðum og þannig vildi fólk sýna að því væri alvara," segir Wendy.

Hún segir að eins hafi margir notað veggjakrot til að lýsa yfir megnri óánægju sinni með ýmsar stofnanir.

„Næst tókum við stefnuna á ráðhúsið og það var aðeins um tíu til fimmtán mínútum eftir komu þangað sem ofbeldið hófst fyrir alvöru," segir Wendy og að þá hafi lögreglan byrjað að skjóta, fyrst upp í loftið, en svo á mannfjöldann.

Wendy varð á mótmælunum sjálf fyrir tveimur skotum. Önnur kúlan fór í annan fótinn, en hin fór fyrst í rassinn og út um sköpin.

„Eftir þetta fréttum við að tveir blaðamenn hefðu orðið fyrir skoti, að tveimur konum hefði verið nauðgað, tvær hlutu alvarlega höfuðáverka og átta konur voru fluttar á lögreglustöðina þar sem þær voru settar í fangaklefa."

Wendy segir að fyrir mótmælin hafi þessar konur ekkert þekkst, en í kjölfar þeirra hafi verið búinn til sameiginlegur vettvangur fyrir þær til að eiga samskipti.

„Okkar markmið er að halda áfram að berjast fyrir rétti okkar til að mótmæla og við viljum hvetja aðrar konur til að gera það sama. Við viljum láta heyra í okkur," segir Wendy.

Hún segir að núna, ári eftir að mótmælin áttu sér stað, hafi ekki enn farið fram rannsókn á því ofbeldi sem hún varð fyrir og því hafi hún ekki fengið neitt réttlæti, eða nein önnur kona sem var beitt ofbeldi á mótmælunum.

„Við viljum ekki peninga en við förum fram á að það sé viðurkennt að þetta var óþarft ofbeldi og að yfirvöld viðurkenni að þau séu óhæf til að rannsaka hvert og eitt mál sem kemur á borð til þeirra."

Wendy segir að í gegnum þetta allt hafi Amnesty stutt þær, í skýrslutöku og í kröfu þeirra um gagnsæi.

Getur ekki hætt

Kom aldrei til greina að hætta að mótmæla eftir að þú varst skotin?

„Nei, það hefur ekki hvarflað að mér að hætta. Fyrst og fremst vegna þess að það er nokkuð til sem heitir reisn. Ég get ekki hætt. Ég verð að koma þeim skilaboðum áleiðis að það sé ekki hægt að koma svona fram við okkur."

Hvaðan kemur kvenhatur í Mexíkó og eru mótmælin fyrsta skrefið til að breyta því, ef það er hægt?

Wendy var skotin tvisvar af lögreglu á mótmælum gegn kvennamorði þann 9. nóvember 2020.

Edith segir að ofbeldið gegn konum á mótmælunum 9. nóvember 2020 hafi verið kornið sem fyllti mælinn.

„Fyrst og fremst kemur þetta hatur frá yfirvöldum. Að bæla niður allt sem heitir mótmæli. Sérstaklega þegar konur eiga í hlut. Og þá eru það ekkert bara „yfirvöld". Ég er að tala um forseta Mexíkó. Hann hefur sýnt virðingarleysi gagnvart öllu sem mætti kalla mótmæli gegn kvennamorðum. Það er hægt að byrja þar og þegar hann hundsar mótmælin er alveg hægt að líta svo á að hann sé að hvetja hina til að drepa niður þetta andóf. Þessar raddir sem eru að reyna að fæðast og vilja að á þær sé hlustað. Ef við byrjum þar og á því valdi sem hann hefur, það fara allir að hans fordæmi," segir Edith og bætir við að lögreglan hafi sýnt femínistum mikla hörku og tengir það sérstaklega við viðhorf forsetans.

Hún segir að Mexíkó sé karlaveldi og að hlutverk kvenna sé mjög hefðbundið, almennt séð.

„Hvernig við högum okkur og klæðum okkur. Konur verða að vera penar og mega ekki sýna styrkleika. Þær eiga að vera undirgefnar og sýna að þær þurfi á karlmanni að halda til að vernda þær," segir Edith og að margar konur í Mexíkó hafi tileinkað sér þetta.

> Konur voru beittar ofbeldi og þeim nauðgað. Þau notuðu ofbeldi gegn mótmælendum og það getum við ekki sætt okkur við.
>
> Edith

> Með skýrslunni erum við að mótmæla því hvernig lögregla tekur skýrslu af þolendum og bendum á að hún svari konum með ofbeldi, misnoti vald sitt og berji og lemji þær, til að sýna þeim hver ræður.
>
> Edith

„En þetta er að breytast. Ný kynslóð kvenna kemur inn með þrýsting og þær eru sterkar og það fer í taugarnar á mörgum. Þeir eru hreinlega hissa á að sjá konur í hlutverki sem þeir eru ekki vanir að sjá þær í. Og það eru ekki bara karlar sem eru hissa, það eru líka konur," segir Edith, og að femínistar séu teiknaðir upp sem ofbeldisfullar konur sem verði að forðast.

Tíu morð toppurinn á ísjakanum

Hvernig er að vera kona í Mexíkó? Er stanslaus ótti og hræðsla við að vera næst?

„Þær tölur sem við sjáum eru bara toppurinn á ísjakanum og eru langt frá því að sýna fram á raunverulega tíðni ofbeldis. Við vitum það og það sem er hættulegast af öllu er að það sé gert lítið úr þessu ofbeldi," segir Wendy og að í raun sé vandamálið svo stórt að konur séu orðnar samdauna ofbeldinu og geri sér stundum ekki grein fyrir því að um ofbeldi sé að ræða, því ofbeldisfull samskipti eru svo tíð.

„Það er absúrd að segja það en við erum búin að normalísera ofbeldi. Sem er ómögulegt. En þetta er bara þannig."

Edith tekur undir þetta og segir að Mexíkó sé mjög hættulegur staður fyrir konur. Tíu konur séu myrtar á hverjum degi og þá sé ekki talinn sá fjöldi sem er beittur ofbeldi.

„Morðin geta verið margvísleg, en flest tengjast þau heimilisofbeldi. Þetta eru hræðilegar tölur. Hættan er ekki bara á heimilinu, sem á að vera athvarf, heldur er ofbeldi þar, á vinnustaðnum, úti á götu og kynferðislegt ofbeldi og áreitni úti um allt. Svo er ekki nóg með það, heldur þegar konur fá nóg og mótmæla, þá eru þær líka beittar ofbeldi þar, af bæði samborgurum sínum og lögreglu. Það er óþolandi að búa á stað þar sem þú getur engum treyst og þú býrð alltaf við einhverja ógn. Þetta er ógeðfellt."

Íslendingar geta hjálpað

Geta íslensk stjórnvöld gert eitthvað til að aðstoða, eða Íslendingar?

„Ég er bjartsýn og held að Íslendingar og íslensk stjórnvöld geti aðstoðað okkur við að minnka ofbeldið. Það sem yfirvöld hérna þola ekki er þegar einhver annar segir þeim fyrir verkum, eða ef einhver bendir þeim á hversu bagalegt og slæmt ástandið er. Það getur því verið gott að láta marga vita og ef þið látið í ykkur heyra um ástandið í Mexíkó. Við viljum gagnsæi og það er okkar eina von fyrir betri aðstæður fyrir konur í Mexíkó," segir Wendy og bætir við:

„Okkar tími er kominn. Við erum að vakna eftir langan dvala og erum að reyna að koma ýmsu til skila, en við byrjum á mótmælum."

Edith tekur undir þetta og hvetur íslensk stjórnvöld til að beita sér fyrir samstöðu með konum í Mexíkó.

Grípa má til aðgerða og skrifa undir mál Wendy og annarra þolenda mannréttindabrota á vefnum amnesty.is, en undirskriftasöfnunin er opin fram á sunnudag. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 15. janúar 2022

Starfsmenn Klappa hafa í nógu að snúast enda hefur fyrirtækið vaxið mikið bæði hérlendis og úti í heimi. MYND/BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

Klappir styðja vegferð í átt að sjálfbærni og betra samfélagi

Klappir er hugbúnaðarfyrirtæki sem á rætur sínar að rekja til ársins 2013. Fyrirtækið hefur þróað og selt hugbúnað sem styður vegferð samfélagsins í átt að sjálfbærni.

„Klappir var í upphafi stofnað til þess að hanna stafrænar lausnir á sviði umhverfismála fyrir haftengdan iðnað. Sýn fyrirtækisins var að nýta umfangsmikil gögn, sem verið var að safna í pappírsformi, og rafvæða lögbundna skráningarferla. Fljótlega byrjaði gagnasöfnunin að teygja sig víðar og nær nú utan um flest allt sem snertir umhverfismælingar í rekstri fyrirtækja og stofnana. Klappir hafa því markvisst unnið að því að byggja upp öfluga stafræna innviði til þess að mynda sjálfbært vistkerfi," segir Þorsteinn Svanur Jónsson, einn stofnenda Klappa og framkvæmdastjóri vöruþróunar.

„Sjálfbært vistkerfi Klappa auðveldar samvinnu fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana, með því að gera þeim kleift að deila á milli sín sjálfbærniupplýsingum með skilvirkum hætti. Viðskiptavinum er því mögulegt að sækja rauntímaupplýsingar um notkun þeirra á til dæmis rafmagni og eldsneyti ásamt losun á úrgangi beint frá sínum birgjum. Sjálfbærnilausn Klappa vinnur í kjölfarið úr upplýsingunum og gerir fyrirtækinu kleift að reikna út kolefnisspor, koma auga á tækifæri til þess að draga úr sóun, útbúa sjálfbærniuppgjör og deila upplýsingum með fjárfestum eða öðrum hagaðilum," útskýrir Þorsteinn.

Mikil og góð samvinna

Frá því að Klappir hófu vegferð sína hefur fyrirtækið vaxið gríðarlega og sjálfbæra vistkerfið orðið umfangsmeira. Það aðstoðar nú yfir 400 fyrirtæki og stofnanir við að fá yfirsýn yfir umhverfismálin. Þau fyrirtæki sem hafa komið í viðskipti og tekið sjálfbæra vistkerfið í notkun hafa náð miklum árangri í losun gróðurhúsalofttegunda, en þau hafa að meðaltali náð 21% samdrætti í losun.

„Góður árangur Klappa á Íslandi hefur meðal annars byggst á farsælu samstarfi fjölmargra aðila sem hafa unnið með fyrirtækinu síðastliðin ár. Klappir leggja mikla áherslu á samvinnu í sinni starfsemi á grundvelli sautjánda heimsmarkmiðs Sameinuðu þjóðanna, samstarf hagaðila (opinbera geirans, einkaaðila og borgaranna) og þátttöku þeirra í verkefnum sem stuðla að sjálfbærri þróun Íslands. Lausn Klappa hefur hjálpað við að leggja grunninn að sameiginlegum skilningi á sjálfbærni ásamt því að skapa grunn að mikilvægum verkefnum sem hjálpa samfélaginu öllu í þeirri umbreytingu sem er að eiga sér stað," segir Þorsteinn.

Breytingar á regluverki

Á komandi mánuðum og árum verður allt lagaumhverfi í kringum sjálfbærnimál styrkt, aukið eftirlit og kröfur til áreiðanleika, rekjanleika og gagnsæis uppgjöra verða hertar verulega. Auknar kröfur og skýr lagaumgjörð í kringum sjálfbærni hvetja fyrirtæki og sveitarfélög til að staðla gagnasöfnun, úrvinnslu á gögnum, greiningar og skýrslugjafar til hagaðila. »

Þorsteinn Svanur Jónsson er einn stofnenda Klappa og framkvæmdastjóri vöruþróunar.

MYND/BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON

» „Ísland hefur einstakt tækifæri til að vera leiðandi í sjálfbærni og umhverfismálum, sérstaklega þegar kemur að endurnýtanlegri orku og nýtingu auðlinda á sjálfbæran máta. Við höfum nú þegar komið á stöðluðu kerfi í kringum gerð sjálfbærniuppgjöra sem tryggja rekjanleika og gagnsæi. Þetta kerfi byggir á hugbúnaðarlausn Klappa og þeim innviðum sem Klappir og viðskiptavinir hafa byggt í sameiningu," greinir Þorsteinn frá og segir að margt spennandi sé á döfinni hjá fyrirtækinu.

Miklu fleiri gögn á ábyrgan hátt

Segja má að Klappir séu fyrirtæki sem er nokkuð á undan sinni samtíð. Þorsteinn tekur undir það og segir að fyrirtækið hafi verið byrjað í sjálfbærniferðalagi áður en hin mikla umhverfisverndarbylgja reið yfir heiminn. Það voru fá fyrirtæki að halda utan um kolefnisspor. Þetta voru fyrst og fremst stórfyrirtæki sem voru með eigin deildir þar sem starfsmenn söfnuðu gögnum handvirkt, eða ráðnir voru sérfræðingar til að gera það. Með tilkomu Klappa tengjast fyrirtæki við hugbúnað okkar. Hann gerir fyrirtækjum kleift að safna miklu fleiri gögnum á mun meiri hraða og alveg sjálfvirkt, byggja upp sjálfbærniskýrslur auk þess sem rekjanleikinn verður öruggari. Til dæmis eru endurskoðendur fyrirtækja farnir að taka sjálfbærniskýrslur til skoðunar með ársreikningi. Það er lagaskylda hjá ákveðnum tegundum fyrirtækja að skila inn ESG-skýrslu um samfélagslega ábyrgð (umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti) með ársreikningi. Nauðsynlegur hluti af þessu er að upplýsingarnar séu rekjanlegar, aðgengilegar og skiljanlegar. Okkur hefur tekist að safna þessum upplýsingum saman á rafrænan hátt.

Með því að hafa þessar upplýsingar geta fyrirtæki síðan deilt þeim með öðrum, gert þær sýnilegar og gegnsæjar í gegnum gagnagrunninn okkar. Okkar vinna er því á grundvelli samstarfs," útskýrir Þorsteinn.

Samfélagsleg ábyrgð í fyrirrúmi

„Ég segi stundum að við séum í sögulegu samhengi eins og Gutenberg prentsmiðjan. Allt í einu tókst okkur að dæla út ótrúlegu magni af upplýsingum og koma þeim til þeirra sem á þurfa að halda í stafrænu formi. Við höfum líka staðlað skýrslurnar og gert þær að einföldum bókhaldslyklum. Sjálfbærni og umhverfisvernd skipta allt samfélagið máli, ekki bara einstaka hluthafa í fyrirtækjum. Ef fyrirtæki eru að leita sér að einhvers konar þjónustu eins og þrifum, tryggingum eða öðru slíku geta þau séð hvort þau séu umhverfisvæn eða láti til sín taka í slíkum málum," segir Þorsteinn.

Klappir búa að því að vera fjölskyldufyrirtæki og byggja starfsemi sína á norrænum gildum þar sem samfélagsleg ábyrgð er í fyrirrúmi. Markmið og framtíðarsýn Klappa snýr að þeim gildum, ásamt því að vilja auka skýrleika á sjálfbærniupplýsingum á alþjóðavísu og auðvelda alla upplýsingamiðlun um þá þætti sem snúa að sjálfbærni fyrirtækja.

Þar af leiðandi eru verkefni sem skapa ávinning fyrir samfélagið í heild sinni mikilvæg fyrir Klappir.

Margt áhugavert er að gerast hjá Klöppum og bendir Þorsteinn á skógræktarmál og mótvægisaðgerðir. „Við ætlum að láta til okkar taka þar og nýta okkar tækni í stafrænni nálgun. Með þessu viljum við aðstoða bændur og landeigendur að ná betur yfir löndin sín, til dæmis rækta skóga eða endurheimta vistkerfi og búa til kolefniseiningar sem hægt er að selja. Við ætlum að styðja við landbúnaðinn í heild sinni. Einnig erum við að stíga það skref að ná betur utan um umhverfisfótspor við framleiðsluvarning, en hingað til höfum við einblínt á rekstur fyrirtækja," útskýrir hann.

Alþjóðlegt skólaverkefni

Þetta er ekki það eina því Klappir eru að hefja samstarf við grunnskóla landsins í gegnum verkefnið Grænskjáir. „Við höfum safnað gögnum frá skólunum og ætlum að gera glæsilegt viðmót sem krakkar geta lesið. Þannig ættu þau að geta skoðað orku- og vatnsnotkun sína, úrgangsmyndun og fleira í rauntíma. Landvernd er að vinna með okkur í þessu verkefni og ætlar að vera með umhverfisfræðslu og sjálfbærnimenntunarprógrömm innan grunnskólans. Þannig er hægt að nýta stafræna tækni til að fræða krakkana um umhverfisáhrif. Reykjavíkurborg, Sorpa, Faxaflóahafnir og Origo eru einnig með okkur í þessu verkefni. Við erum með sams konar verkefni í Noregi og Slóveníu á sama tíma. Þetta er því upphafið á alþjóðlegu skólaverkefni. Með þessu er hægt að gefa krökkunum miklu fyrr grunnþekkingu um sjálfbærni og þekkingu í umhverfis- og auðlindamálum. Þeir lenda þá ekki í því sama og við hin eldri að vera á byrjunarreit þegar kemur að umhverfismálum. Við höfum safnað gögnum frá 2015 og nú tökum við skrefið að færa þau nær nemendum í grunnskólum. Gagarín hannar viðmótið og við stefnum á að þetta verði komið í alla skóla næsta haust. Í grunninn er hugmyndin unnin út frá því að nýta sjálfbær vistkerfi Klappa til að mæla kolefnisspor grunnskóla Reykjavíkur. Ávinningurinn er að efla gagnadrifið umhverfislæsi grunnskólanema og efla getu þeirra til þess að hugsa um loftslags- og umhverfismál á gagnrýninn hátt," segir Þorsteinn, sem segir skipta miklu máli hinn mikla meðbyr sem Klappir hafa fengið. „Við erum skráð félag í Kauphöll Íslands og við horfum til alls heimsins í starfi okkar. Við erum búin að skipa okkur sess í Danmörku og þegar farin að vinna með nokkrum stórum fyrirtækjum þar í landi. Sömuleiðis erum við með fyrirtæki í Lettlandi og Litáen. Útrásin er því hafin og gengur mjög vel. Með því að vera á markaði gefum við fólki kost á að vera þátttakendur með okkur í þessu ferli. Við erum núna með um 350 hluthafa, bæði einstaklinga og stóra fjárfesta," segir Þorsteinn og bendir á að Klappir séu mjög umhverfisvænt fyrirtæki.

> **Markmið og framtíðarsýn Klappa snýr að þeim gildum ásamt því að vilja auka skýrleika á sjálfbærniupplýsingum á alþjóðavísu og auðvelda alla upplýsingamiðlun um þá þætti sem snúa að sjálfbærni fyrirtækja.**

Aðgengi að grænu fjármagni

„Klappir fengu á dögunum staðfestingu á grænni starfsemi og grænum fjármálaramma frá alþjóðlegum úttektaraðila, sem er mikil viðurkenning og stórt skref í sögu félagsins. Slíkur rammi mun gagnast Klöppum við fjármögnun frá lykilaðilum á fjármagnsmarkaði líkt og bönkum, lífeyrissjóðum og almennum fjárfestum, sem eru með grænar áherslur.

Klappir er fyrsta fyrirtækið á Íslandi og líklega á Norðurlöndunum sem hefur grænan fjármálaramma um alla starfsemi félagsins. Þar sem meira en 90% af tekjum Klappa kemur frá gjaldgengri „grænni þjónustu" beita Klappir „hreinni leikaðferð" (pure play) sem auðveldar allt utanumhald og skýrslugjöf til hagaðila.

Klappir Nordic

Byggt á þeirri góðu reynslu sem Klappir hafa á Íslandi og góðum viðtökum við lausn Klappa í Danmörku, er unnið að því að opna skrifstofu í Danmörku, Klappir Nordic, sem mun sjá um sölu og markaðsstarf á Norðurlöndunum.

Klappir einbeita sér fyrst að því að fjölga notendum og gagnalindum í Danmörku, því þar er kominn góður grunnur til vaxtar. Frá Danmörku fara Klappir inn í hin Norðurlöndin í áföngum eftir því sem þeir markaðir opna sig fyrir samvinnu við Klappir. ■

Klappir

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Útsölur og outlet

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 15. janúar 2022

Vandaðar vörur á góðu verði

Innréttingar og tæki er ein fremsta sérverslun landsins fyrir baðherbergið. Verslunin selur fjölda vandaðra vara frá ólíkum vörumerkjum. Útsalan stendur yfir dagana 17.-31. janúar. **2**

Innréttingar og tæki er ein fremsta sérverslun landsins fyrir baðherbergið. Íris Jensen stýrir versluninni ásamt eiginmanni sínum, Grétari Þór Grétarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Flottasta úrvalið í bænum af handlaugum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Salerni, handlaug og bidet frá spænska vörumerkinu GALA. MYND/AÐSEND

Metallínan króm, gull og brons frá spænska merkinu GALA. MYND/AÐSEND

Nýja línan frá ELITA er glæsileg og stílhrein. MYND/AÐSEND

GLOBO er þekkt fyrir sitt slétta postulín. MYND/AÐSEND

FIMA CF er með nútímahönnum á blöndunartækjum. MYND/AÐSEND

Verslunin Innréttingar og tæki í Ármúla í Reykjavík er eitt af rótgrónustu fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu, enda stofnað árið 1945. Í dag er fyrirtækið ein fremsta sérverslun landsins fyrir baðherbergið, en seldi áður fjölbreyttari vörur, t.d. borvélar og bílskúrshurðajárn, að sögn Írisar Jensen, sem svo tók við rekstrinum árið 2014 ásamt eiginmanni sínum Grétari Þór Grétarssyni. „Þetta er ekta fjölskyldufyrirtæki en amma mín stofnaði fyrirtækið upphaflega. Bæði börnin og foreldrar mínir eru hér með annan fótinn, svo það kemur ekki á óvart að við leggjum mikla áherslu á persónulega og góða þjónustu."

Verslunin heldur útsölu árlega í janúar þar sem ýmsar spennandi vörutegundir eru á góðum afslætti. „Vörumerkin sem við seljum koma flest öll með nýjar línu á hverju ári, þannig að á janúarútsölunni erum við að bjóða eldri línur á góðum afslætti. Auk þess seljum við sýningareintök á spottprís."

Fjölbreytt vöruúrval

Meðal nýrra vara sem eru komnar í sölu hjá versluninni nefnir Íris nýjustu baðherbergisinnréttinguna frá Elita. „Þetta vörumerki er frá Póllandi og það hefur komið mjög sterkt inn á undanförnum árum enda með flottar línur. Við seljum m.a. baðinnréttingar frá þeim í svartmöttu og hvítmöttu útliti. Þessi lína kom stuttu fyrir síðustu jól og vakti mikla athygli. Elita Mable byrjaði t.d. að setja aftur óhreinatauskörfur í innréttingar en það var vinsælt hér áður fyrr. Auk þess eru fleiri spennandi hlutir að koma inn hjá þeim sem voru dottnir út áður. Við fáum fleiri spennandi vörur frá þessu fyrirtæki á árinu."

Einnig nefnir hún spænska merkið Gala sem selur m.a. steinsturtubotna. „Þeir eru eins og ein stór flís með tilbúnum halla í. Þeir fást í fimmtán litum og í 26 stærðum. Við seljum einnig handlaugar og klósett frá þessu vörumerki."

Svarti liturinn vinsæll

Globo er ítalskt merki sem býður upp á gott úrval af salernum og hreinlætisvörum í sextán litum, t.d. í bleiku, bláu, gulu og svörtu. „Svarti liturinn hefur verið mjög vinsæll í gegnum tíðina hjá okkur. Við höfum líka selt bleik klósett, sem er skemmtilegt."

Að lokum nefnir hún Fima sem er ítalskt merki. „Þetta vörumerki býður m.a. upp á blöndunartæki í svörtum lit, 24 karata gullhúðun og ýmsa spennandi hluti. Fyrirtækið vinnur með mörgum þekktum hönnuðum, m.a. þeim sem hanna fyrir ítalska bílaframleiðandann Lamborghini. Þetta fyrirtæki er svo sannarlega að gera skemmtilega og öðruvísi hluti sem við sjáum ekki mikið af hér á landi." ■

Útsalan í Innréttingum og tækjum stendur yfir dagana 17.-31. janúar.

Litríku handklæðaofnarnir frá TERMA eru mikil prýði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Sturtusett í krómi og svörtum lit. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Frægu steinsturtubotnarnir frá GALA. MYND/AÐSEND

Nesti Dante eru náttúrlegar vörur frá Ítalíu. MYND/AÐSEND

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN Á ÚTSÖLUNNI Í CURVY

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Pantaðu í netverslun www.curvy.is
Opið í verslun Curvy alla virka daga
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Cassiopeia úlpa
4.497 kr
~~14.990 kr~~

Brjóstahaldari
4.995 kr
~~9.990 kr~~

Pallíettu toppur
4.495 kr
~~8.990 kr~~

Æfingatoppur
3.495 kr
~~6.990 kr~~

Midi kjóll
4.995 kr
~~9.990 kr~~

KAFFE Kjóll
6.993 kr
~~14.990 kr~~

Gallabuxur
5.995 kr
~~11.990 kr~~

Prjónuð Peysa
2.693 kr
~~8.990 kr~~

Leggings
2.995 kr
~~5.990 kr~~

Wide fit skór
5.495 kr
~~10.990 kr~~

Sítt Kimono
5.995 kr
~~11.990 kr~~

Æfingabuxur
4.495 kr
~~8.990 kr~~

Curvy Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Smá fyrirhöfn eykur söluna

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Það er hægt að fá ágætis pening fyrir að selja notuð föt, sérstaklega ef rétt er farið að. Hér á landi eru ýmsir markaðir með notuð föt þar sem hægt er að leigja bás og selja.

Til að salan gangi sem best verður samt að passa upp á að markaðssetja básinn sinn svolítið. Taka góðar myndir af fötunum, deila á samfélagsmiðlum og lýsa hverri einustu flík vel. Tilgreina stærð, efni og verð og hversu mikið notuð flíkin er. Því meiri upplýsingar sem hugsanlegur kaupandi fær um flíkina, því betra.

Ef ætlunin er að selja fötin á netinu þar sem ekki er hægt að koma og máta fötin er enn mikilvægara að gefa greinargóða lýsingu á þeim. Til dæmis með því að taka mynd af manneskju í fötunum og gefa upp mál módelsins. Þannig getur fólk auðveldar fundið út hvort flíkin muni passa og getur séð hvernig hún lítur út á manneskju en ekki bara á herðatré.

Oft tímir fólk ekki að losa sig við einhverjar flíkur vegna þess að því þykir vænt um þær. Þær tengjast hugsanlega einhverri kærri minningu. En ef ætlunin er ekki að nota flíkina meira, til hvers að halda upp á hana? Það er hægt að taka mynd af sér í flíkinni og gleyma minninguna þannig. Fallegar flíkur sem þú tímir ekki að selja gætu nefnilega komið sér að góðum notum fyrir aðra og eru auka peningur í budduna þína.

Myndir mikilvægar

Þegar kemur að því að taka myndir af þeim fötum sem á að selja þarf að vanda til verka. Krumpuð föt sem hanga skökk á herðatré eða eruð lögð í óreiðu á illa um búið rúm eru ekki líkleg til að fanga athygli hugsanlegra kaupenda. Það er mikilvægt að passa upp á að fötin séu hrein og slétt. Það gæti jafnvel borgað sig að strauja þau. Og ef það er gæludýr á heimilinu er mikilvægt að fjarlægja öll gæludýrahár af fötunum, til dæmis með límrúllu.

Góð ljósmynd af fötunum er í raun mun mikilvægari en lýsingin á þeim því myndin er það fyrsta sem kaupandinn tekur eftir og vekur áhuga hans á að lesa nánari upplýsingar um flíkina. Tilgangur myndarinnar er tvíþættur. Að fanga athygli kaupandans og að gefa upplýsingar um ástand flíkurinnar.



Það er sniðugt að næla sér í aukapeninga með því að selja gömlu fötin sín.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **Þegar kemur að því að taka myndir af þeim fötum sem á að selja þarf að vanda til verka.**

Hafið góða birtu

Til að flíkin komi vel út á mynd skiptir umhverfið miklu máli. Það er sérstaklega mikilvægt að hafa góða birtu í herberginu þar sem myndin er tekin. Ef myndin er illa lýst þá sjást ekki réttir litir á flíkinni og rétt áferð.

Þá er gott að hafa einlitan bakgrunn sem tekur ekki of mikla athygli frá vörunni sem á að selja. Það er hægt að leggja flíkina ofan á hreint og slétt, hvítt eða grátt lak, með áherslu á slétt, krumpað lak fælir burt viðskiptavinina. En svo má líka leggja hana ofan á einlita ljósa pappírsörk sem hægt er að finna í ritfangaverslun eða föndurbúðum sem dæmi. Ef flíkin hangir á herðatré er hægt að notast við ljósan vegg. En passið að flíkin hangi fallega á herðatrénu. Það er betra að leggja hana slétta á ljósan bakgrunn ef hún er of stór fyrir herðatréð.

Sýnið smáatriðin

Til að hugsanlegir notendur átti sig sem best á hvernig flíkin er, er gott að taka nokkrar myndir. Eina af flíkinni að framanverðu, eina aðaftanverðu, eina mynd af miðanum á flíkinni sem sýnir stærðina og merkið og aðra af miðanum sem gefur upp efnið sem flíkin er úr. Ef verið er að selja jakka er líka gott að taka mynd af fóðrinu. Eins er gott að taka nærmyndir af smáatriðum eins og mynstri, tölum og skrauti. Ef flíkin er slitin einhvers staðar borgar sig að vera hreinskilin og taka mynd af því líka. Þá er gott að taka einhverjar nærmyndir sem sýna vel áferð efnisins.

Þetta gæti hljómað eins og smá fyrirhöfn en það margborgar sig að leggja dálitla vinnu í að selja fötin sín, sérstaklega þegar margir aðrir eru að gera það sama. Örlítil aukavinna í að þvo fötin, slétta og leggja þau vel út fyrir myndatöku getur haft úrslitaáhrif á söluna. ■

Þegar selja á notuð föt á netinu skiptir myndatakan miklu máli. Það eykur líkur á sölu til muna ef myndin er aðlaðandi og fötunum snyrtilega uppstillt.

Það er mikilvægt að flíkin passi vel á herðatréð sé það notað, og að bakgrunnurinn sé hlutlaus.

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

NA
NORÐURÁL

Spennandi sumarstörf

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Störfin henta öllum kynjum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- 18 ára lágmarksaldur
- Góð samskiptahæfni
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Heiðarleiki og stundvísi
- Bílpróf er skilyrði

Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu.

Sumarstarfsfólk í framleiðslu fer á námskeið vegna vinnuvélaréttinda. Umsóknir og upplýsingar eru á **www.nordural.is** og í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Við framleiðum ár hvert um 320.000 tonn af hreinu áli og álblöndum sem fara á erlenda markaði. Íslenski áliðnaðurinn er ein helsta útflutningsgrein landsins.

asi CERTIFIED PERFORMANCE · bsi. ISO 9001 Quality Management · ISO 14001 Environmental Management · ISO 45001 Occupational Health and Safety Management · ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi · Jafnlaunaúttekt PwC 2020 · Jafnréttisspor FKA 2021

Hreint ál úr íslenskri orku | nordural.is



LANDSRÉTTUR

Aðstoðarmaður dómara í Landsrétti

Landsréttur auglýsir laust til umsóknar starf löglærðs aðstoðarmanns dómara við Landsrétt. Löglærðir aðstoðarmenn dómara sinna lögfræðilegum verkefnum og aðstoða dómara réttarins í störfum þeirra í samræmi við ákvörðun forseta réttarins, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 50/2016. Meðal helstu verkefna er auk aðstoðar við dómara, vinna við dómareifanir, úrvinnsla kærumála sem og lögfræðileg greining mála sem til úrlausnar eru fyrir réttinum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættispróf í lögfræði eða grunnnám ásamt meistaraprófi í lögum.
- Góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli er nauðsynleg.
- Góðir skipulagshæfileikar, hæfni til að vinna sjálfstætt og færni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla á sviði réttarfars er æskileg.
- Reynsla af greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna er æskileg.

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Þeir sem áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að sækja um óháð kyni. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur.

Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist rafrænt á netfangið landsrettur@landsrettur.is. Umsóknir gilda í allt að sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu í starfið liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Viðar, skrifstofustjóri Landsréttar, gunnar.vidar@landsrettur.is eða í síma 432-5300.

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2022.

Embassy of India Reykjavik Vacancy Notice

The Embassy of India in Reykjavik seeks to employ a **full time Chauffeur/ Driver** for the Flag-cum-Staff car in an **Immediate vacancy.**

The candidate should possess all necessary documents for working in Iceland as well as for safe and secure driving as per local rules and regulations. A valid Driving Licence and working knowledge of car maintenance are mandatory.

Basic understanding of diplomatic protocol & fluency in English & Icelandic are necessary.

The consolidated salary including Cost of Living Allowance presently payable at **EURO 4050/-** per month with performance linked annual increment, as per Government of India rules.

Interested candidates may send in their CVs in **English only** along with their photographs at the following e-mail IDs, latest by **January 19, 2022** : hoc.reykjavik@mea.gov.in, cul.reykjavik@mea.gov.in

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Rektor

Embætti rektors við Háskólann á Hólum er laust til umsóknar

Háskólinn á Hólum er elsta menntastofnun landsins. Við skólann er boðið upp á gæðanám á grunn- og framhaldsnámsstigi sem og öflugt rannsóknastarf. Háskólinn er miðstöð þekkingar á þremur fræðisviðum: hestafræði, ferðamálafræði og fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði.

Við háskólann leggja um 250 einstaklingar stund á nám á ári hverju og starfsmenn eru um 50 talsins. Starfsstöðvar skólans eru tvær, að Hólum í Hjaltadal og á Sauðárkróki.

*Nánari upplýsingar er að finna á **www.holar.is**.*

Leitað er að framsýnum og metnaðarfullum leiðtoga í krefjandi og fjölbreytt starf rektors. Mikilvægt er að viðkomandi hafi brennandi áhuga á háskólamálum og skýra framtíðarsýn fyrir akademískt hlutverk skólans. Rektor er æðsti stjórnandi háskólans og talsmaður hans út á við.

Starfssvið:
- Ábyrgð á að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma.
- Stjórnun skólans, stefnumótunarvinna og umbótastarf.
- Daglegur rekstur, þ.m.t. áætlanagerð og kostnaðareftirlit.
- Samskipti við stjórnvöld og aðra samstarfsaðila.

Hæfniskröfur:
- Akademískt hæfi og þekking á rannsóknum og starfi háskóla.
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og breytingastjórnun.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Hæfni til nýsköpunar og að hrinda breytingum í framkvæmd.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er kostur.

Hæfni umsækjenda um embættið verður skoðuð í ljósi heildarmats á öllum ofangreindum þáttum með tilliti til þess hvernig þeir munu nýtast í starfinu.

Gert er ráð fyrir að ráðherra háskólamála skipi í embætti rektors til fimm ára frá og með 1. júní 2022 skv. tilnefningu háskólaráðs. Háskólaráð tilnefnir valnefnd sem metur hæfi umsækjenda.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu auk þess staðfest eintök af prófskírteinum.

Nánari upplýsingar veita Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn og Edda Matthíasdóttir, sviðsstjóri mannauðs, gæða og rekstrar hjá Háskólanum á Hólum (edda@holar.is).

Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar næstkomandi.

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Við tökum tæknina persónulega

Kerfisstjóri

Rekstrar- og tæknisviðið þarf úrræðagóðan tæknimeistara til að leiða rekstur og uppbyggingu á skýjalausnum Wise og sjá um rekstur á öllum innri kerfum Wise.

Sérfræðingur í söludeild

Viðskiptahugbúnaðurinn okkar er stórkostlegur, en því miður selur hann sig ekki alveg sjálfur. Þess vegna þurfum við sölusnilling til að selja hann og aðrar lausnir.

Mannauðssérfræðingur

Við erum stolt af okkar fólki og höfum nú bætt við þessu nýja starfi, sem er tilvalið fyrir manneskju með skýra sýn, faglega þekkingu og reynslu.

Agile þjálfi

Við leitum að reynslumiklum og drífandi einstaklingi til að leiða innleiðingu á Agile aðferðafræðinni hjá hugbúnaðarteymum okkar.

Hugbúnaðarprófari

Wise leitar að nákvæmum og vinnusömum aðila til að skilgreina og framkvæma prófanir á fjölbreyttum hugbúnaðarvörum í samvinnu við þróunarteymi.

.Net forritari

Samvinna skiptir okkur miklu máli en líka sérhæfing. Þannig að ef .Net er málið fyrir þig, þá er það nákvæmlega það sem okkur vantar í augnablikinu.

Reyndir hugbúnaðarsérfræðingar

Microsoft Dynamics 365 Business Central (Senior Developers)

Allt snýst þetta um forritun. Við leitum að öflugum reynsluboltum við þróun á sérlausnum og hugbúnaðarverkefnum fyrir stærri viðskiptavini.

Hugbúnaðarsérfræðingar

(Developers)

Við leitum að forriturum sem dreymir kóða að næturlagi til að sinna margvíslegum hugbúnaðarverkefnum fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina.

Nánari upplýsingar á vinnvinn.is. Sæktu um fyrir 26. janúar.

wise.is

wise

LYFSALINN

LYFJAFRÆÐINGAR OG AÐSTOÐARLYFJAFRÆÐINGAR

Vegna opnunar nýs apóteks í Reykjavík á vordögum 2022 óskum við eftir lyfjafræðingum og aðstoðarlyfjafræðingum til starfa.

Áhugasamir sendi fyrirspurnir eða umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið svanur@lyfsalinn.is.

Viltu vera með okkur í spennandi vegferð?
Lyfsalinn festi nýlega kaup á Lyfjavali og rekur nú 6 apótek.

Lyfjaval Apótek LYFSALINN

RST Net

RST Net ehf leitar að metnaðarfullum **véliðnaðarmönnum** og **rafiðnaðarmönnum** til starfa sem fyrst við uppsetningu, þjónustu og viðgerðir á vél- og rafbúnaði. Góð fagmennska, samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum nauðsynleg. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af störfum í raforku- eða iðnaðarumhverfi.

Áhugasamir sæki um á **www.rst.is** undir **Starfsumsóknir** eða með því að senda umsókn ásamt ferilsskrá á netfangið **kt@rst.is**

Seltjarnarnesbær
Laust starf

Grunnskóli Seltjarnarness

- **Þroskaþjálfi** eða starfsmaður með aðra uppeldisfræðimenntun, fullt starf.

Nánari upplýsingar um starfið og skil umsóknar má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar **seltjarnarnes.is – Störf í boði**

Umsóknarfrestur er til 28. janúar næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

RÍKISKAUP – AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI

intellecta
Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Elkem

Sumarstörf hjá Elkem

Við leitum eftir öflugum liðsmönnum!

Elkem auglýsir eftir öflugu og hæfileikaríku fólki í sumarstörf sem eru ýmist vaktavinnu störf eða dagvinnu störf.
Elkem er skemmtilegur og fjölbreyttur vinnustaður og hentar öllum, óháð kyni. Vakin er athygli á því að Elkem er vímuefnalaus vinnustaður.

Langar þig:

- Að vinna á metnaðarfullum, framsæknum og faglegum vinnustað?
- Að framleiða hágæðaafurðir?
- Að vinna hjá alþjóðlegu tæknifyrirtæki?
- Að leggja þitt að mörkum til að minnka kolefnisfótspor mannkyns?
- Að vinna á stað sem leggur áherslu á öryggi, gæði, jafnrétti og heilindi?

Fríðindi í starfi:

- Öðlast vinnuvélaréttindi í samstarfi við Elkem.
- Rútuferðir frá Akranesi, til og frá vinnu.

Hæfniviðmið:

- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og vera með ökuréttindi.
- Vilji og geta til að vinna í krefjandi aðstæðum.
- Góð öryggisvitund og jákvætt viðhorf.
- Sýna frumkvæði í verki og sjálfstæð vinnubrögð.
- Öguð og nákvæm vinnubrögð ásamt stundvísi.
- Góður samstarfsmaður sem sýnir virðingu.

Um Elkem
Elkem Ísland er hluti af Elkem AS sem er alþjóðlegt fyrirtæki. Elkem er leiðandi á heimsvísu í framleiðslu á kísilmálmi. Afurðir okkar eru m.a. notaðar til að hjálpa rafbílum að komast lengra, bætir orkunýtingu í raftækjum sem gegnir mikilvægu hlutverki í að draga úr kolefnisfótspori heimsins. Í starfi okkar leggjum við höfuð áherslu á fagmennsku, framsækni, jafnrétti og sátt við umhverfið.

Sæktu um núna HÉR

Sótt er um rafrænt á ráðningarvef Elkem á www.elkem.is.

Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar.

Fréttastjóri og dagskrárstjóri Rásar 2

Við leitum að öflugu, stefnumiðuðu og framsýnu fólki sem vill leiða mikilvægt starf á skapandi og líflegum vinnustað.

Fréttastjóri

Leitað er að fréttastjóra til að leiða fréttastofu Ríkisútvarpsins og bera ábyrgð á fréttaflutningi í sjónvarpi, útvarpi og á vefnum. Mikilvægt er að fréttastjóri hafi yfirgripsmikla reynslu af blaða- og fréttamennsku, góða samskipta- og samstarfsfærni og hæfni til að leiða árangursríka teymisvinnu.

Fréttastjóri heyrir undir útvarpsstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn.

STARFSSVIÐ

- Ábyrgð á almennum fréttaflutningi í sjónvarpi, útvarpi og á vefnum sem og gerð og miðlun ítarlegra fréttaskýringa.
- Ábyrgð á að móta og framfylgja ritstjórnarstefnu RÚV um fréttaflutning.
- Ábyrgð á áætlanagerð, rekstri og stjórnun fréttastofu.
- Þróun starfsemi fréttastofu og stjórnun mannauðs.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur.
- Yfirgripsmikil reynsla af blaða- og fréttamennsku.
- Leiðtogafærni og farsæl stjórnunarreynsla.
- Mjög góð íslenskukunnátta og góð almenn tungumálakunnátta.
- Góð skipulagsfærni, sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun.

Dagskrárstjóri Rásar 2

Leitað er að dagskrárstjóra til að leiða Rás 2 og bera ábyrgð ritstjórn og dagskrárgerð rásarinnar. Við leitum að stjórnanda sem hefur til að bera reynslu og þekkingu á dagskrárgerð og góða samskipta- og samstarfsfærni.

Dagskrárstjóri Rásar 2 heyrir undir útvarpsstjóra og á sæti í framkvæmdastjórn.

STARFSSVIÐ

- Ábyrgð á ritstjórn og dagskrá Rásar 2.
- Sinnir dagskrárgerð.
- Ábyrgð á stefnumótun og innleiðingu stefnu fyrir Rás 2.
- Ábyrgð á áætlanagerð, rekstri og daglegri stjórnun.
- Þróun starfsemi Rásar 2 og stjórnun mannauðs.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur.
- Reynsla og þekking á dagskrárgerð.
- Þekking á starfsemi fjölmiðla, menningu og listum.
- Leiðtogafærni og hæfni í að leiða árangursríka samvinnu.
- Mjög góð íslenskukunnátta og góð almenn tungumálakunnátta.
- Góð skipulagsfærni, sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun.

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.

Sótt er um störfin á **hagvangur.is**

Nánari upplýsingar veita Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is** og Stefanía Hildur Ásmundsdóttir, **stefania@hagvangur.is**

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með **30. janúar næstkomandi.**

Við hvetjum áhugasöm til að sækja um, óháð kyni, uppruna, fötlun eða skertri starfsgetu.

www.ruv.is

ASKJA

Vefara vantar á bíl

Sérfræðingur í vefmálum

Bílaumboðið Askja óskar eftir að ráða metnaðarfullan sérfræðing í vefmálum. Fjölbreytt og krefjandi verkefni í boði á áhugaverðum og spennandi bílamarkaði.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Kristinn R. Árnason** forstöðumaður markaðs- og kynningarmála, **kra@askja.is**

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk.
Um er að ræða framtíðarstarf.
Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is

Yfirvélstjóri

Yfirvélstjóri óskast á Jón á Hofi ÁR 42 sem gerður er út á fiskitroll.
Stærð aðalvélar er 729 kW.

Fyrirspurnir og umsóknir á netfangið jonpall@rammi.is eða í síma 8991785.

RAMMI

PERSONAL PROTECTION SPECIALIST

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöður Personal Protection Specialist lausa til umsóknar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/ Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking individuals for the positions of Personal Protection Specialist. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/ Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)



Kerfisstjóri

Vegagerðin óskar eftir að ráða kerfisstjóra í fjölbreytt og áhugavert starf.

Starfssvið:

- Rekstur á netþjónum, sýndarumhverfum og staðar- og víðnetum
- Uppsetning og rekstur skýjaþjónustu
- Þarfagreiningar og þátttaka í teymisvinnu innan upplýsingatæknideildar
- Samskipti við þjónustuaðila
- Skipulagning, skjölun og áætlanagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kerfisstjórnun
- Góð þekking á Windows Server rekstri
- Góð þekking á rekstri sýndarumhverfa (HyperV, VMware)
- Reynsla af rekstri netþjóna í skýjaþjónustum er kostur
- Þekking á Linux og gagnagrunnum er kostur
- Skipulögð vinnubrögð og góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Metnaður og frumkvæði í starfi

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með **24. janúar 2022**. Áhugasamir eru beðnir að sækja um starfið á **www.vegagerdin.is**. Umsókn skal fylgja ferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kolbrún Halldórsdóttir, forstöðukona upplýsingatæknideildar í síma 522 1000.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar

ÞJÓÐKIRKJAN

Þjóðkirkjan óskar eftir að ráða öflugan einstakling í stöðu framkvæmdastjóra rekstrarstofu. Viðkomandi kemur til með að annast daglegan rekstur Þjóðkirkjunnar og bera ábyrgð á fjármála- og fasteignasviði. Auk þess gegnir framkvæmdastjóri lykilhlutverki í að ná fram aukinni skilvirkni og hagræðingu í rekstri. Framkvæmdastjóri heyrir undir framkvæmdanefnd kirkjuþings.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með og ábyrgð á daglegum rekstri Þjóðkirkjunnar
- Regluleg upplýsingagjöf til framkvæmdanefndar og fylgir eftir ákvörðunum kirkjuþings
- Yfirumsjón með störfum fjármála- og fasteignasviðs
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Meistarapróf er kostur
- Leiðtogahæfileikar og sterk framtíðarsýn
- Farsæl reynsla af stjórnun hjá stóru fyrirtæki eða stofnun æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Reynsla af áætlanagerð og eftirfylgni
- Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **24. janúar 2022**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 511 1225. Farið verður með allar og umsóknir sem trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda **ekki** birt opinberlega. Öllum umsækjendum verður svarað að ráðningu lokinni.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



MICHELSEN
1909

Framkvæmdastjóri

Michelsen ehf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að stjórnanda sem hefur vilja og getu til að stýra traustu, rótgrónu en framsæknu fjölskyldufyrirtæki. Michelsen er eini sölu- og þjónustuaðili margra af þekktustu vörumerkjum heims á Íslandi.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og mannauðsmálum
- Umsjón með markaðsmálum
- Áætlanagerð og stefnumótun
- Þátttaka í vörustjórnun og birgðahaldi
- Þátttaka í samskiptum við innlenda og erlenda viðskiptaaðila
- Afgreiðsla viðskiptavina þegar þörf krefur

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og áhugi á tækni og viðskiptum
- Farsæl reynsla af stjórnun og uppbyggingu liðsheildar
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Framsýni og hugmyndaauðgi
- Traust og trúverðug framkoma
- Góð tölvukunnátta

Michelsen ehf. rekur tvær verslanir, á Hafnartorgi og í Kringlunni 4-12, en einnig heldur fyrirtækið úti öflugri heimasíðu og vefverslun. Fyrirtækið hefur alla tíð verið í eigu sömu fjölskyldu en það var stofnað 1.júlí 1909 og er eitt elsta fyrirtækið í verslun og þjónustu á Íslandi. Fyrirtækið hefur tekið mikinn vaxtarkipp undanfarin ár og eru fastráðnir starfsmenn fyrirtækisins nú níu talsins.
Michelsen sérhæfir sig í innflutningi og sölu tímamæla allt frá armbandsúrum upp í klukkukerfi, ásamt sölu á breiðri línu af skartgripum og rekur fullkomnasta úrsmíðaverkstæði landsins. Michelsen er eini sölu- og þjónustuaðili margra af þekktustu vörumerkjum heims á Íslandi, þar á meðal Rolex, Tudor, TAG Heuer og nú nýlega Gucci. Stefna fyrirtækisins er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu sem byggist á yfirgripsmikilli þekkingu á úrum og skartgripum. Sjá nánar á www.michelsen.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2022. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað að ráðningu lokinni.

Nánari upplýsingar veita Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 511-1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

VILT ÞÚ GANGA TIL LIÐS VIÐ ÖFLUGAN HÓP LÖGFRÆÐINGA PERSÓNUVERNDAR?

PERSÓNU VERND

Persónuvernd leitar að drífandi og kraftmiklum lögfræðingi sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í samhentu teymi stofnunarinnar. Fjölbreytni þeirra mála sem eru til meðferðar hjá Persónuvernd er mikil – allt frá rafrænni vöktun á vinnustöðum til álitamála sem tengjast vísindarannsóknum á heilbrigðissviði – og varða þau oft grundvallaratriði í íslensku samfélagi. Mikið er lagt upp úr frumkvæði, ábyrgð og getu starfsmanna til að sinna krefjandi verkefnum í öflugu teymi lögfræðinga stofnunarinnar.

Um 100% starf er að ræða. Ráðið verður í starfið frá 1. mars 2022 eða samkvæmt samkomulagi en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Persónuvernd er sjálfstætt stjórnvald sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi og reglna settra samkvæmt þeim. Persónuvernd er fjölskylduvænn vinnustaður.

HELSTU VERKEFNI:

- Öll hefðbundin afgreiðsla og meðferð mála sem heyra undir Persónuvernd, m.a. vinna að úrskurðum í ágreiningsmálum og álitum
- Vinna við afgreiðslu kvartana, þ. á m. í samstarfi við persónuverndarstofnanir innan EES
- Verkefni tengd erlendu samstarfi, einkum í tengslum við þátttöku Persónuverndar í Evrópska persónuverndarráðinu (EDPB)
- Önnur lögfræðistörf samkvæmt ákvörðun sviðsstjóra eða forstjóra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking á persónuverndarlöggjöfinni er kostur
- Reynsla og/eða þekking á sviði stjórnsýsluréttar
- Mikil áhersla er lögð á gott vald á íslensku og ensku, auk færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking á einu norðurlandamáli er kostur
- Nákvæmni, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum er skilyrði

FREKARI UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ

Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar 2022. Umsóknir skulu berast á netfangið **postur@personuvernd.is.** Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Vigdís Eva Líndal, sviðsstjóri hjá Persónuvernd, í síma 510-9600. Umsóknir munu gilda í sex mánuði frá móttöku þeirra, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar lausra starfa. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Farskólinn | miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Laust starf náms- og starfsráðgjafa

Farskólinn leitar að öflugum starfsmanni til að vinna að fjölbreyttum verkefnum í fullorðins- og framhaldsfræðslu.

Verkefni sem um ræðir eru: Náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, mat á fræðsluþörfum og þróun og umsjón með fræðslu. Farskólinn leitar að einstaklingi sem er fær í samskiptum og sýnir frumkvæði í úrlausn verkefna, getur unnið sjálfstætt og í teymisvinnu.

Helstu verkefni

- Náms- og starfsráðgjöf til einstaklinga á Norðurlandi vestra
- Umsjón og skipulag raunfærnimats fyrir einstaklinga
- Þróun fræðsluverkefna; skipulag og umsjón
- Upplýsingagjöf og samskipti við þátttakendur, stofnanir og aðra hagsmunaaðila
- Önnur verkefni sem til falla

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun, til dæmis á svið kennslu og ráðgjafar. Gerð er krafa um leyfisbréf í náms- og starfsráðgjöf
- Þekking á fullorðins- og framhaldsfræðslu er kostur ásamt því að þekkja til íslensks vinnumarkaðar
- Almenn og góð tölvukunnátta
- Mjög gott vald á íslensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Gott vald á ensku
- Frumkvæði og sjálfstæði í allri verkefnavinnu
- Þjónustulipurð og mikil samstarfs- og samskiptahæfni

Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra var stofnaður árið 1992. Farskólinn er sjálfseignarstofnun sem sinnir verkefnum á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu á Norðurlandi vestra. Skrifstofa Farskólans er á Sauðárkróki. Hjá Farskólanum starfa að jafnaði 4–5 starfsmenn.

Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Williams Þráinsdóttir í síma 455 6014. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið **bryndis@farskolinn.is**.

Umsóknir sendist á fyrrgreint netfang fyrir 15. febrúar næstkomandi.

Farskólinn
miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

farskolinn.is

Faxatorg 550 Sauðárkrókur ✆ 455 6010 / 455 6011

nýprent ehf | 012022

Deildarstjóri
Sérdeildar Suðurlands

Sunnulækjarskóli á Selfossi auglýsir lausa til umsóknar stöðu deildarstjóra í Sérdeildar Suðurlands

Leitað er að öflugum og farsælum leiðtoga til að stýra starfi deildarinnar. Ráðið verður í stöðuna frá 1. apríl 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Sérdeild Suðurlands, Setrið Sunnulækjarskóla, er deild í Sunnulækjarskóla en sérstakur deildarstjóri ber ábyrgð á faglegu skólastarfi hennar. Deildin veitir nemendum með sérþarfir í Árborg, Árnesþingi og Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu fjölbreytt nám sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu, í samvinnu við heimaskóla. Um 40 börn stunda nám við deildina frá öllum þjónustusvæðunum. Deildin sinnir einnig ráðgjafarhlutverki og leiðir þverfagleg stuðningsteymi nemenda.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið
- Veita deildinni faglega forystu
- Virk þátttaka í þróun og skipulagi deildarinnar
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar
- Samstarf við heimaskóla og foreldra barna
- Tengiliður í þverfaglegum stuðningsteymum nemenda

Menntunar og hæfniskröfur
Deildarstjóri sérdeildar skal hafa kennsluréttindi. Framhaldsmenntun á sviði fötlunar og margbreytileika ásamt reynslu í kennslu og þjálfun nemenda með sérþarfir er æskileg.

- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun er skilyrði
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Heildstæð og góð þekking á málefnum nemenda með sérþarfir
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi og mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð er skilyrði

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Vakin er athygli á stefnu Sveitarfélagsins Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá sveitarfélaginu og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Umsóknarfrestur er til 24. janúar 2022.
Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá auk kynningarbréfs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um störfin eru á ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is og hjá skólastjóra í síma 480-5400 og netfang birgir@sunnulaekjarskoli.is.

Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, starf.arborg.is

Umsóknir gilda í 6 mánuði.

Skólastjóri

Sjóvá 440 2000

Við leitum að sérfræðingum í upplýsingatækni

SAP hugbúnaðarsérfræðingur

Við leitum að jákvæðum og lausnamiðuðum SAP sérfræðingi í öflugt teymi upplýsingatæknideildar. Í boði er áhugavert starf sem felur í sér þátttöku í fjölbreyttum verkefnum á sviði hugbúnaðarþróunar og reksturs upplýsingakerfa.

Við leitum að einstaklingi með:

- háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi
- a.m.k. 3 ára reynslu af ráðgjöf og forritun í SAP
- reynslu í ABAP, S/4HANA og Fiori
- þekkingu og reynslu af skýjalausnum SAP, reynsla af SAP rekstri er kostur
- reynslu af SAP uppfærslu yfir í S/4HANA
- framúrskarandi samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í teymum

Starfið felur meðal annars í sér:

- hönnun, þróun og viðhald á SAP lausnum
- samþættingu SAP við önnur kerfi
- nýtingu gagna í SAP
- þátttöku í þverfaglegri verkefnavinnu á sviði stafrænnar þróunar

Hugbúnaðarsérfræðingur veflausna

Við leitum að jákvæðum og hugmyndaríkum sérfræðingi í öflugt teymi upplýsingatæknideildar. Í boði er áhugavert starf sem felur í sér þátttöku í fjölbreyttum verkefnum á sviði hugbúnaðarþróunar og reksturs upplýsingakerfa.

Við leitum að einstaklingi með:

- háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi
- a.m.k. 3 ára reynslu af forritun
- reynslu í .NET eða .NET Core
- þekkingu og reynslu af Azure skýjalausnum og DevOps, reynsla af javascript framework og Docker/Kubernetes er kostur
- reynslu af arkitektúr og greiningarvinnu, reynsla af microservice architecture er kostur
- framúrskarandi samskiptahæfileika og hæfni til að vinna í teymum

Starfið felur meðal annars í sér:

- hönnun, greiningu, þróun og viðhald á API og veflausnum
- samþættingu kerfa með hliðsjón af API
- nýtingu gagna í lausnum
- þátttöku í þverfaglegri verkefnavinnu á sviði stafrænnar þróunar

Hjá upplýsingatæknisviði Sjóvá starfar öflugur og samhentur hópur að fjölbreyttum upplýsingatækniverkefnum og hugbúnaðarþróun tengdri sölu trygginga, afgreiðslu tjóna o.fl. Það eru spennandi tímar í tryggingum þar sem upplýsingatækni gegnir lykilhlutverki og mikil þróunarvinna framundan. Upplýsingatæknisvið fylgir Agile aðferðafræðinni og beitir Scrum eða Kanban aðferðum við gerð hugbúnaðar.

Vinnustaðamenningin hjá Sjóvá er jákvæð og árangursdrifin og leggur starfsfólk sig fram um að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Við erum efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni og kannanir sýna að starfsánægja hjá okkur er með því mesta sem gerist hérlendis.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Pétursson, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs, **ingibjorn.petursson@sjova.is**.
Umsóknarfrestur er til og með **24. janúar** nk.
Sótt er um störfin á **sjova.is/starfsumsoknir**.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Efst tryggingafélaga í Ánægjuvoginni

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 202*
Framúrskarandi fyrirtæki í flokki stærri fyrirtækja

JAFNLAUNAMERKIÐ
Jafnlaunavottun forsætisráðuneytisins

Garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar

Laus er til umsóknar staða garðyrkjustjóra á skipulags- og umhverfissviði Seltjarnarnesbæjar. Garðyrkjustjóri hefur yfirumsjón með vinnuskólanum og annast rekstur hans. Auk þess hefur hann faglega og rekstrarlega umsjón með stofnanalóðum, útivistarsvæðum, leiksvæðum og öðrum opnum svæðum kaupstaðarins.

Garðyrkjustjóri starfar á skipulags- og umhverfissviði og hefur undir sinni stjórn sumarstarfsfólk garðyrkjudeildar og vinnuskóla. Garðyrkjustjóri er með starfsstöð í Þjónustumiðstöð og starfar samhliða öðrum starfsmönnum þess.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Yfirumsjón með rekstri vinnuskólans.
- Umsjón með umhirðu og viðhaldi stofnanalóða, leikvalla og opinna svæða.
- Kemur að skipulagsvinnu stofnanalóða, leikvalla og opinna svæða.
- Vinnur að ræktun plantna og trjáa í bæjarlandinu.
- Annast skipulagningu verkefna á sviði garðyrkju.
- Hefur umsjón og eftirlit með öryggi leiktækja.
- Stýrir verkum sumarstarfsmanna og/eða verktaka.
- Vinnur að verk- og fjárhagsáætlunum.
- Umsjón með tækja- og áhaldakaupum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í garðyrkju eða sambærilegt.
- Stjórnunarreynsla er æskileg.
- Reynsla af áætlanagerð er æskileg.
- Rík þjónustulund, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni til starfsins. Vakin er athygli á að starfið hentar öllum kynjum.

Nánari upplýsingar veitir Brynjar Þór Jónasson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar í síma **595 9100** eða **brynjarj@seltjarnarnes.is**

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Seltjarnarnesbæjar og viðkomandi stéttarfélags. Jafnlaunavottun er í gildi hjá Seltjarnarnesbæ.

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Byggingafélag námsmanna auglýsir eftir málara í viðhaldsteymi félagsins.

Málari/umsjónarmaður fasteigna

Helstu verkefni :

- Málun íbúða félagsins, bæði heilmálun og viðgerðir
- Eftirlit með íbúðum og fasteignum
- Samskipti við leigutaka og úttektir íbúða við skil
- Þrif og frágangur íbúða til afhendingar fyrir nýja leigjendur.

Kröfur :

- Menntun og reynsla á sviði húsamálunar
- Jákvætt hugarfar og góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Haldgóð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð
- Ökuréttindi

Umsóknarfrestur er til 23. janúar og skal öllum umsóknum skilað með rafrænum hætti í tölvupósti á netfangið bodvar@bn.is. Tilgreina skal helstu persónuupplýsingar ásamt ferilskrá og menntun. Öllum umsóknum verður svarað. Störfin henta bæði konum og körlum og eru bæði kyn hvött til að sækja um.

Byggingafélag námsmanna á og leigir út til námsmanna um 600 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með um 100 íbúðir í byggingu og áformar að byggja um 150 íbúðir til viðbótar á næstu 5 árum.
Ennfremur sér félagið um rekstur stúdentagarða Háskólans í Reykjavík þar sem eru yfir 250 íbúðir.

KRÓNAN

Erum við að passa saman?

Krónan leitar að kjötstjóra!

Fyrir nýja verslun í Skeifunni sem opnar á árinu.

Starfssvið:

- Ábyrgð á kjötdeild í heild sinni
- Umsjón með starfsfólki í kjötdeild
- Pantanir og áfyllingar í kjötdeild
- Gæðaeftirlit í kjötdeild

Hæfniskröfur:

- Reynsla í kjötvinnslu eða hafa unnið í kjötborði er kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Stundvísi og dugnaður

Fylltu út umsókn á **kronan.is/atvinna**
Umsóknarfrestur er til og með **21. janúar.**

www.kronan.is

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita
að þér?

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Deildarstjóri fjármálasviðs Fjarðabyggðar - aðalbókari

Fjarðabyggð leitar að deildarstjóra fjármálasviðs (aðalbókara) til starfa. Um er að ræða tækifæri til að taka þátt í fjármála- og reikningshaldstjórnun í stóru sveitarfélagi sem ætlar að takast á við miklar áskoranir á næstu árum. Leitað er að metnaðarfullum og vandvirkum einstakling, með mikið frumkvæði og skipulagshæfni.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Leiða reikningshaldsvinnslu sveitarfélagsins og stofnana.
- Stjórna vinnslu fjármálasviðs á sviði tengjast reikningshaldi, meðferð fjármuna og úrvinnslu fjárhagslegra upplýsinga.
- Bera ábyrgð á uppgjörum og gerð ársreikninga
- Taka þátt í umbótaverkefnum í tengslum við rekstur Fjarðabyggðar og gerðar fjárhagsáætlana.

Menntun og reynsla:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi auk sérþekkingar og faglegrar reynslu af fjárhagsbókhaldi og reikningsskilum
- Þekking á lögum og reglugerðum er gilda um reikningshald sveitarfélaga
- Þekking og reynsla af reikningsskilum sveitarfélaga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Þekking og reynsla af áætlunargerð, úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Þekking og reynsla af Dynamics 365 BC eða sambærilegu kerfi
- Mikil Excel kunnátta og góð almenn tölvuþekking s.s. á Word og Outlook

Allar frekari upplýsingar veitir Snorri Styrkársson fjármálastjóri Fjarðabyggðar, í síma 470-9032 eða á netfanginusnorri@fjardabyggd.is. Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Fjarðabyggðar starf.fjardabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2022.

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

Jafnlaunaúttekt PwC 2021

Teymisstjóri rafrænna upplýsingakerfa

Heilbrigðisupplýsingasvið hjá embætti landlæknis óskar eftir að ráða teymisstjóra í teymi rafrænna upplýsingakerfa en sviðið hefur yfirumsjón með innri upplýsingakerfum embættisins. Starfið felur í sér ábyrgð á daglegum rekstri vél- og hugbúnaðarkerfa og þróun rafrænna upplýsingakerfa og rafrænna veflausna. Sviðið rekur gagnasöfn á landsvísu og er gagnasöfnun og gagnagreiningu embættisins ætlað að uppfylla margs konar þarfir, m.a. að styðja við stefnu og aðgerðir heilbrigðisyfirvalda, heilsueflandi samfélög og eftirlit með gæðum og árangri heilbrigðisþjónustu.

Leitað er að einstaklingi sem hefur stjórnunarhæfileika, getu til að halda góðri yfirsýn og býr yfir metnaði til að þróa framsækið vinnuumhverfi. Starfið felur í sér fjölbreyttar áskoranir til að ná markmiðum embættisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Samhæfa, stýra og forgangsraða verkefnum sem lúta að rafrænum upplýsingakerfum.
- Bera ábyrgð á að rekstur upplýsingakerfa stofnunarinnar gangi hnökralaust fyrir sig.
- Fylgjast með nýjungum og innleiða eftir því sem við á.
- Bera ábyrgð á að kröfur um öryggi rafrænna upplýsingakerfa séu uppfylltar.
- Vinna að uppbyggingu og þróun úrvinnslugrunna til gagnagreiningar og þróun innri kerfa.

Helstu hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt nám sem nýtist í starfi er skilyrði, framhaldsnám er kostur.
- Marktæk reynsla af stjórnun, rekstri og innleiðingu upplýsingakerfa.
- Þekking á löggjöf og stöðlum varðandi öryggi net- og upplýsingakerfa.
- Góð þekking á og reynsla af gagnagrunnskerfum og Microsoft hugbúnaði.
- Þekking á þróun hugbúnaðarkerfa, hugbúnaði til gagnagreiningar og hugbúnaði til miðlunar á vef.

Nánari upplýsingar um helstu verkefni, ábyrgð og hæfniskröfur eru á www.starfatorg.is þar sem einnig er sótt um starfið.
Starfshlutfall er 100%
Umsóknarfrestur er til og með 31.01.2022

Nánari upplýsingar veita
Sigríður Haraldsd. Elínardóttir - shara@landlaeknir.is - 510 1900
Þórgunnur Hjaltadóttir - thorgunnur@landlaeknir.is - 510 1900

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Katrínartúni 2 • IS 105 Reykjavík • Iceland • Sími/Tel. (+354) 510 1900 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is

Carbfix

Viltu skapa viðskiptatækifæri úr grjótharðri loftslagslausn?

Carbfix leitar að metnaðarfullum og viðskiptasinnuðum einstaklingi sem vill leggja sitt af mörkum í loftslagsbaráttunni og vinna með okkur að áframhaldandi viðskiptaþróun og vexti Carbfix á heimsvísu.

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf á sviði viðskiptaþróunar sem felur m.a. í sér vöruþróun, markaðsgreiningar, samskipti við fyrirtæki og stofnanir um heim allan sem og áframhaldandi þróun og vinnu með viðskiptatækifæri Carbfix.

Skannið þennan kóða til þess að sækja um.
Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2022.

Viltu vera hluti af góðri liðsheild?

Faxaflóahafnir sf. leita að metnaðarfullum og framsýnum einstaklingi til að bætast í hóp starfsmanna á viðskiptasviði

Faxaflóahafnir er stærsta höfn landsins þar sem starfa um 70 manns og er umráðasvæði hennar í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi. Fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfis- og öryggismálum auk þess að vera í vegferð að þróa snjallar og grænar hafnir.

Sá einstaklingur sem við leitum að þarf að hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum, vera sjálfstæður í starfi, hafa góða tölvukunnáttu og færni í helstu Microsoft forritum. Ef þú ert þessi einstaklingur þá viljum við heyra frá þér.

Sérfræðingur á viðskiptasviði

Menntunar og hæfniskröfur

- Menntun á framhalds- eða háskólastigi, sem nýtist í starfi.
- Góð bókhaldskunnátta.

Helstu verkefni

- Umsjón með skráningu gagna í fjárhags- og skjalakerfi.
- Uppáskrift reikninga.
- Að senda og móttaka gögn í banka vegna innheimtu.
- Gerð fjárhagsgreininga og skýrslugerð.
- Umsjón með innkaupum rekstrarvara á skrifstofu.

Starfsmaðurinn mun hafa aðstöðu á skrifstofu Faxaflóahafna að Tryggvagötu 17 í Reykjavík.
Við hvetjum hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk til að sækja um starfið, óháð kyni, en fyrirtækið hefur skýra jafnréttisstefnu og vill auka fjölbreytileika í starfsliði sínu.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Tryggvason sviðsstjóri viðskiptasviðs **gunnart@faxafloahafnir.is**
Umsókn, ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið **olafur@faxafloahafnir.is**, eigi síðar en föstudaginn 21. janúar n.k.

faxafloahafnir.is

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

LEIKSKÓLINN ÁLFABORG

LEIKSKÓLAKENNARI ÓSKAST

HELSTU VERKEFNI:

- *Vinnur að uppeldi og menntun barna*
- *Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innan skólans*
- *Foreldrasamstarf*

MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR:

- *Leikskólakennaramenntun*
- *Góð íslenskukunnátta*
- *Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni*
- *Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi*
- *Ánægja af því að starfa með börnum*

Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir leikskólakennara í 100% stöðu. Einnig kemur til greina að ráða leikskólakennara í hlutastarf. Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR LIESELOT SIMOEN LEIKSKÓLASTJÓRI Í SÍMA 480-3051.

UMSÓKNAR-FRESTUR 30. JANÚAR 2022

UMSÓKNIR SENDAST Á NETFANGIÐ: LIESELOT@ALFABORGLEIKSKOLI.IS

ÁS STYRKTARFÉLAG

Yfirþroskaþjálfi

Spennandi og fjölbreytt starf við Vinnu og virkni

Ás styrktarfélag óskar eftir yfirþroskaþjálfa í 100% starf í Ás vinnustofu, Ögurhvarfi 6. Um er að ræða vinnustað með vinnu- og virknitilboði fyrir fullorðið fólk með fötlun, vinnutíminn er á tímabilinu frá kl. 8.00-16.30 virka daga.
Staðan er laus strax eða eftir nánari samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ber ábyrgð á og skipuleggur faglegt starf á vinnusvæðum í samvinnu við forstöðumann
- Kemur að starfsmannamálum í samvinnu við forstöðumann
- Veita starfsmönnum faglega ráðgjöf og fræðslu
- Umsjón og eftirfylgd með dagskipulagi
- Situr í fagteymi vinnu og virkni
- Vinnur eftir gæðaviðmiðum og lýsingum
- Er staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans

Hæfniskröfur:

- B.A. próf í í þroskaþjálfafræðum og starfsréttindi til að starfa sem þroskaþjálfi eða háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekkingar á sviði þjónustu við fatlað fólk og ríkjandi hugmyndfræði
- Tölvufærni í word, excel og power point ásamt góðrar íslensku- og enskukunnáttu
- Þarf að geta unnið undir álagi og eiga auðvelt með að tileinka sér nýjungar
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla í sambærilegu starfi
- Góð samskipta- og samstarfsfærni og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Þ. Jónsdóttir í síma 4140500 á virkum dögum. Atvinnumsókn ásamt ferilskrá sendist á halla@styrktarfelag.is. Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is,

Umsóknarfrestur er til 17. janúar 2022.
Við hvetjum áhugasama, óháð kyni og uppruna að sækja um.
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.

Sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landsamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi. Félagið er ein stærstu samtök sjálfboðaliða á Íslandi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg leitar að einstaklingi með menntun/reynslu til að vinna með markaðs- og fjáröflunardeild félagsins að markaðs- og fjáröflunarstarfi þess.
Um 100% starf er að ræða.

Helstu verkefni eru:

- Taka þátt í mótun á markaðsstefnu félagsins
- Þróun á nýjum og núverandi fjáröflunarleiðum
- Utanumhald um stafrænar herferðir
- Áætlunargerð fyrir stafræna miðla
- Vinna með efni til birtingar á stafrænum miðlum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð reynsla og þekking á stafrænni markaðssetningu
- Reynsla af vinnslu á grafík og texta (content)
- Þekking á Google Ads og Facebook Ads
- Reynsla af fjáröflunarstörfum æskileg
- Kunnátta á vefgreiningu og leitarvélabestun
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Liðshugsun og þekking á félagsstörfum
- Góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Hreint sakavottorð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Stefánsson, skrifstofustjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, í síma 570 5900 eða gunnar@landsbjorg.is

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar á netfangið starf@landsbjorg.is fyrir **18. janúar 2022**

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir
eru okkar besta auglýsing

FAST Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is

Viltu slást í hópinn?

Velferðarsvið Kópavogsbæjar leitar að öflugum einstaklingum sem vilja bætast í frábæran starfsmannahóp vegna aukinna umsvifa og þróunar á verklagi.

Velferðarsvið Kópavogs annast framkvæmd félagslegrar þjónustu Kópavogsbæjar og er hlutverk sviðsins að veita árangursríka þjónustu sem mætir fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna og byggir á sérfræðiþekkingu og þverfaglegu samstarfi með þarfir notenda að leiðarljósi.

Við leitum að jákvæðu og umhyggjusömu fólki í fjölbreytt störf sem sýnir metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi og hefur mikinn áhuga á málefnum velferðarþjónustunnar. Áhersla er lögð á þátttöku í þverfaglegu starfi, innleiðingu nýrra vinnubragða og þjónustu sem hluta af stefnu velferðarsviðs, stefnumörkun Kópavogsbæjar og nýjum áherslum í lögum er varða þjónustu í þágu farsældar barna.

- Deildarstjóri á heimili fyrir fatlað fólk
- Teymisstjórar á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsfólk á heimili fyrir fatlað fólk
- Félagsráðgjafi í barnavernd
- Ráðgjafi í málefnum fatlaðs fólks
- Umsjónarmaður stuðningsúrræða
- Verkefnastjóri á velferðarsviði

Nánari upplýsingar um störfin má finna á ráðningarvef Kópavogsbæjar: **https://kopavogur.alfred.is/**
Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt í gegnum ráðningarkerfið Alfreð.

Velferðarsvið leitast við að skapa trausta ímynd og sýna hlutlægni, umhyggju og virðingu í verki gagnvart íbúum Kópavogsbæjar og starfsfólki. Áhersla er lögð á árangursríka, skilvirka og hagkvæma þjónustu og gott samstarf við önnur svið bæjarins. Á velferðarsviði starfa um 650 manns í fjölbreyttum störfum og bjóðum við upp á gott starfsumhverfi og samheldinn starfsmannahóp.

Kópavogsbær

kopavogur.is

STARF

Viltu hjálpa okkur að vera góður granni?

Við hjá Landsvirkjun leitumst við að eiga sem best samskipti við nágranna okkar nær og fjær. Því leitum við að verkefnisstjóra í teymi nærsamfélags og græns reksturs. Við leiðum sameiginlega vegferð fyrirtækisins að kolefnishlutleysi, grænum rekstri, samfélagslega ábyrgri starfsemi og virku samstarfi og samtali í nærsamfélögum.

Helstu verkefni:
– Undirbúningur og framkvæmd samfélagsverkefna
– Gerð og eftirfylgni samskiptaáætlana
– Samskipti við hagsmunaaðila í nærsamfélagi aflstöðva
– Miðlun verkefna og árangurs
– Styðja við þróun, innleiðingu og eftirfylgni græns reksturs

Hæfniskröfur:
– Framhaldsmenntun af háskólastigi sem nýtist í starfi
– Framúrskarandi samskiptaeiginleikar og jákvætt viðhorf
– Þekking og reynsla af samskiptum við mismunandi hópa
– Þekking eða reynsla af umhverfis- og/eða orkumálum er kostur
– Sjálfstæði í vinnubrögðum
– Metnaður til að vera hluti af sterkri liðsheild

Starfsstöð viðkomandi verður á Suðurlandi, í Sogsstöðvum og Þjórsárstöðvum

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar

Sótt er um starfið hjá Hagvangi
hagvangur.is

Landsvirkjun



BLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

Viltu slást í hóp öflugustu blaðamanna landsins?

Fréttablaðið leitar eftir umsóknum um starf blaðamanns í bæði fullt starf og hlutatarf í vaktavinnu.
Um er að ræða áhugaverð störf á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af fréttamennsku eða tengdum verkefnum.
- Áhugi og þekking á samfélagsmálum.
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku.
- Geta til að vinna undir álagi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið umsokn@frettabladid.is fyrir 1. febrúar 2022.

Fréttablaðið er í eigu Torgs ehf. sem á og rekur marga frétta- og afþreyingarmiðla.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV TORG



Um Alvotech:

Fyrirtækið vinnur að þróun á hágæða líftæknihliðstæðulyfjum, en líftæknilyf eru afar áhrifarík og hafa gefið góða raun í meðhöndlun á erfiðum sjúkdómum eins og gigt, sóríasis og krabbameini.

Höfuðstöðvar og hátæknisetur Alvotech, sem staðsett er í Vísindagörðum Háskóla Íslands í Vatnsmýri, er búið fullkomnustu tækjum og búnaði til þróunar og framleiðslu líftæknilyfja.

Fyrirtækið er einnig með starfsemi í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Sviss, en í október 2021 störfuðu um 700 vísindamenn og sérfræðingar af um 65 þjóðernum hjá fyrirtækinu. Sem hluti af Vísindagörðum er fyrirtækið þátttakandi í öflugu samstarfi háskólans og alþjóðlegra þekkingar- og hátæknifyrirtækja sem miðar að því að efla vísindastarf, þekkingarmiðlun og nýsköpun og þannig laða hæfileikaríka innlenda og erlenda sérfræðinga til starfa. Alvotech hefur gert samstarfssamninga við mörg leiðandi lyfjafyrirtæki á alþjóðamörkuðum um sölu, markaðssetningu og dreifingu á framleiðslu fyrirtækisins.

Alvotech vinnur út frá þeirri meginreglu að ef til er lækning, þá á hún að vera í boði fyrir alla.

JAFNLAUNAVOTTUN
2021 - 2024

Alvotech er stolt af því að hafa hlotið Jafnlaunavottun Jafnréttisstofu Íslands.

Forstöðumaður fjárfestatengsla á Íslandi

Director of Investor Relations | For more information visit **www.alvotech.com**

Alvotech leitar að leiðtoga fjárfestatengsla á Íslandi. Viðkomandi mun bera ábyrgð á þróun og stefnumótun fjárfestatengsla á Íslandi í samræmi við alþjóðlega nálgun Alvotech. Starfið felur í sér samskipti við fjárfesta og ábyrgð á að tryggja aðgang að réttum upplýsingum á hverjum tíma.

Umfang og ábyrgð:
- Byggja upp traust fjárfesta ásamt því að kynna stefnu og sýn fyrirtækisins.
- Þróun og stefnumótun fjárfestatengsla í samræmi við alþjóðlega nálgun fyrirtækisins.
- Yfirumsjón með samskiptum við fjárfesta á Íslandi.
- Viðhald og þróun á ímynd Alvotech.
- Samvinna og samskipti við lögfræðideild til að tryggja að Alvotech starfi samkvæmt lögum og reglum um verðbréfaviðskipti.
- Ábyrgð á því að viðeigandi upplýsingar séu á vef Alvotech fyrir fjárfesta, auk þess að bera ábyrgð á þýðingum á efni af ensku yfir á íslensku.
- Viðhald á alþjóðlegu dagatali fjárfesta.
- Ábyrgð á að svara fyrirspurnum frá fjárfestum á Íslandi og annarri þjónustu við þá.
- Þátttaka við stefnumótun og stuðningur við ESG skýrslugerð.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- 7-10 ára reynsla af starfi í fjárfestatengslum og/eða samskiptahlutverki. Reynsla frá skráðu fyrirtæki er mikill kostur.
- Þekking og reynsla á ESG skýrslugerð er mikill kostur.
- Reynsla af samskiptum við fjölmiðla.

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar og skal umsóknum skilað á ensku á **www.alvotech.com/careers**

alvotech

Fyrirtæki ársins 2021

HAGVANGUR

Við leitum að framkvæmdastjóra

Röntgen Orkuhúsið óskar eftir að ráða í nýja stöðu framkvæmdastjóra. Staðan býður upp á spennandi og krefjandi verkefni fyrir öflugan einstakling.

Framkvæmdastjóri hefur tækifæri til að móta starfið frá grunni með innleiðingu breytinga og nýjunga.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun, skipulag og rekstur
- Ábyrgð á fjármálum og mannauðsmálum
- Stefnumótun og gæðastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun
- Reynsla af rekstri og stjórnunarstörfum
- Framúrskarandi samskipta- og forystuhæfileikar
- Frumkvæði, metnaður og lausnamiðuð hugsun
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veitir **Arnþór Guðjónsson,** röntgenlæknir og stjórnarformaður. **Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2022.** Umsókn sendist á **arnthor@rontgen.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Allar umsóknir eru geymdar í sex mánuði frá því þær berast.

Um okkur

Hjá Röntgen Orkuhúsinu starfa rúmlega 20 manns. Sérhæfing okkar er röntgenrannsóknir (röntgen, sneiðmyndir, segulómun og ómskoðun) og er stór hluti þeirra stoðkerfisrannsóknir. Við leggjum metnað í að veita sem viðskiptavinum sem besta þjónustu í líflegu og gefandi starfsumhverfi.

RÖNTGEN ORKUHÚSIÐ

LÆKNA STÖÐIN

SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS

Rafvirkjameistari óskast til starfa

Launafl ehf óskar eftir að ráða rafvirkjameistara til að stýra rafmagnsdeild fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa góða samskiptafærni, skipulagshæfileika og faglega þekkingu.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- Ábyrgð á skipulagi og stjórnun á starfsemi deildarinnar
- Gera verkáætlanir að ósk kaupenda
- Tilboðsgerð og kostnaðaráætlanir
- Framfylgni gæðastaðla og hönnunargagna
- Frumkvæði að öflun nýrra verkefna
- Ábyrgð á starfsmannamálum deildar

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Meistarabréf í rafvirkjun
- Góð tölvufærni, reynsla af DK hugbúnaði er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund og jákvætt viðmót
- Frumkvæði, góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.
Hvetjum alla áhugasama að sækja um starfið óháð kyni.
Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar 2022.
Umsóknir, ferilskrár og kynningarbréf sendist til rie@launafl.is

Nánari upplýsingar veitir Magnús Helgason framkvæmdastjóri í síma 840-7211 og magnus@launafl.is eða Ragnheiður I. Elmarsdóttir mannauðsstjóri í síma 892-7484 og rie@launafl.is

Launafl er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð með fjölbreytta starfsemi í flestum greinum sem lúta að iðnaði. Í fyrirtækinu er góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag.

Austurland er góður búsetukostur, kynntu þér það nánar á www.austurland.is

LAUNAFL
www.launafl.is
Sími 414-9400

Launafl ehf. – www.launafl.is – sími 414-9400

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

VERKÍS

Holmen sundhöll
Bygging ársins í Noregi

BIM stjóri í verkefnum

Vegna góðrar verkefnastöðu og þróunar á verklagi viljum við bæta við öflugum einstaklingum í okkar frábæra starfsmannahóp. Ef þú brennur fyrir tæknibyltingu í mannvirkjagerð, þverfaglegri samvinnu og samræmingu hönnunar þá gæti þetta starf átt við þig. Starfið felst í því að vera BIM stjóri í verkefnastjórnunarhóp Verkís í mjög fjölbreyttri verkefnaflóru bygginga-, samgöngu-, innviða-, orku- og iðnaðarverka.

Verkís er leiðandi ráðgjafarfyrirtæki í BIM á Íslandi. Síðustu ár hefur Verkís tekið í notkun BIM aðgerðaáætlun, skýlausnir við samræmingu og árekstragreiningu, þrívíða leiserskönnun, sýndarveruleikafundi og skýlausnir við hönnunarrýni ásamt því að taka fyrstu skrefin í átt að aukinni sjálfvirkni í hönnun.

VIÐ ERUM STERK LIÐSHEILD

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Starfsfólkið hjá Verkís myndar sterka liðsheild sem býr yfir mikill þekkingu og getur tekist á við krefjandi verkefni. Við leggjum okkur fram við að tryggja starfsfólki okkar góðan og eftirsóknarverðan vinnustað þar sem hver og einn nær að nýta hæfileika sýna og þekkingu sem best.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Uppsetning og aðlögum BIM aðgerðaráætlunar fyrir verkefni
- Eftirfylgni með BIM ferli verkefna
- Leiða samræmingu líkana einstakra fagþátta í verkefnum
- Þáttaka í BIM þróun Verkís

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af BIM, samræmingu hönnunar og þverfaglegri vinnu
- Reynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Reynsla í BIM tengdum hugbúnaði eins og t.d. Revit, Civil 3D, MagiCAD, Dynamo, BIM 360/ACC og Navisworks
- Auðvelt með að læra á nýjan hugbúnað og taka upp nýtt verklag
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku og ensku, þekking á Norðurlandamáli er kostur

Nánari upplýsingar veitir
Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is
Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar 2022. Sótt er um á umsokn.verkis.is

Sæktu um með QR kóðanum

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur öflugu starfsfólki – vilt þú vera hluti af hópnum okkar? Við leitum eftir jákvæðum einstaklingum sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Vinnan hjá okkur er teymisvinna og því er þörf á miklum og góðum samskiptum innanhúss sem utan. Nánar um störfin má finna á umsóknarvef Verkís.

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

VERKÍS veitir trausta ráðgjöf sem styður við uppbyggingu sjálfbærra samfélaga. Við höfum mikla þekkingu á sviði vistvænnar hönnunar og erum leiðandi á heimsvísu þegar kemur að grænni orkuvinnslu og nýtingu jarðvarma. Við byggjum upp sjálfbær samfélög víða um heim með því að hafa sjálfbærni alltaf í huga við ákvarðanatöku – allt frá fyrstu hugmynd til förgunar.

VERKEFNASTJÓRI
Stjórnun verkefna með sérstaka áherslu á ýmis konar íþróttamannvirki á Byggingasviði.

RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR
Hönnun rafkerfa fyrir ýmsar gerðir mannvirkja, stjórnun verkefna, viðhald og endurnýjun rafkerfa á Byggingasviði.

BURÐARVIRKJAHÖNNUÐUR
Hönnun burðarvirkja fyrir ýmsar gerðir mannvirkja s.s. opinberar byggingar, íþróttamannvirki og samgöngumannvirki á Byggingasviði.

HLJÓÐVERKFRÆÐINGUR
Hljóðhönnun í fjölbreyttum hönnunarverkefnum s.s. fyrir atvinnuhúsnæði, samgöngumannvirki og skipulagsverkefni á Byggingasviði.

HÖNNUÐUR STJÓRNKERFA
Greining og hönnun stjórnkerfa ásamt forritun stýrivéla í virkjunum, tengivirkjum, veitukerfum og iðnaði á Orku- og iðnaðarsviði.

STRAUMFRÆÐINGUR
Notkun tölulegra straumfræðilíkana við úrlausn fjölbreyttra verkefna á Orku- og iðnaðarsviði.

BYGGINGAHÖNNUÐUR
Fjölbreytt hönnunarverkefni, gerð kostnaðaráætlana og eftirlit í verkefnum á sviði virkjana, veitna og iðnaðar á Orku- og iðnaðarsviði.

HÖNNUÐUR VEITNA OG OFANVATNSLAUSNA
Hönnun veitna með áherslu á vatns- og fráveitur ásamt hönnun blágrænna ofanvatnslausna á Samgöngu- og umhverfissviði.

HÖNNUÐUR Á SVIÐI JARÐTÆKNI
Hönnun, rannsóknir og sýnatökur á sviði jarðtækni í tengslum við ýmsar tegundir mannvirkja á Samgöngu- og umhverfissviði.

JARÐFRÆÐINGUR
Vettvangsvinna við jarðrannsóknir vegna mannvirkjagerðar, sýnataka og prófanir á Samgöngu- og umhverfissviði.

TÆKNITEIKNARI
Gerð teikninga og þrívíddarlíkana í AutoCAD, Inventor og Revit ásamt útgáfu teikninga og utanumhaldi teikningaskráa á ýmsum markaðssviðum Verkís.

Sæktu um með QR kóðanum

Nánari upplýsingar veitir:

Elín Greta Stefánsdóttir mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar. Sótt er um á umsokn.verkis.is



Norrænt menntasamstarf

Sérfræðingur óskast í fullt starf á mennta- og menningarsvið Rannís. Starfið felur í sér að hafa umsjón með tungumálahluta Nordplus, menntaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar, skipuleggja kynningarstarf hér á landi, hafa umsjón með umsóknum og verkefnum, gera árlega vinnuáætlun og skýrslur og taka þátt í samstarfi allra þátttökulanda Nordplus. Einnig er um að ræða vinnu við umsýslu innlendra menntasjóða og önnur norræn og alþjóðleg verkefni í samráði við sviðsstjóra.

HNOTSKÖGUR grafisk hönnun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á íslensku og norrænu menntaumhverfi
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð færni í ensku, töluðu og rituðu máli
- Mjög góð kunnátta og færni til að vinna á Norðurlandamáli áskilin
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Framúrskarandi samstarfshæfni og samskiptafærni
- Reynsla af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og af verkefnastjórnun er kostur
- Færni í notkun algengra tölvuforrita og góð almenn tölvukunnátta
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Aðalheiður Jónsdóttir, sviðstjóri mennta- og menningarsviðs í síma 515 5806 eða í netfangi adalheidur.jonsdottir@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2022.
Sækja skal um starfið á heimasíðu Rannís, á www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Rannís er líflegur vinnustaður með um 60 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Byggingafélag námsmanna

Byggingafélag námsmanna auglýsir eftir málara í viðhaldsteymi félagsins.

Málari/umsjónarmaður fasteigna

Helstu verkefni :

- Málun íbúða félagsins, bæði heilmálun og viðgerðir
- Eftirlit með íbúðum og fasteignum
- Samskipti við leigutaka og úttektir íbúða við skil
- Þrif og frágangur íbúða til afhendingar fyrir nýja leigjendur.

Kröfur :

- Menntun og reynsla á sviði húsamálunar
- Jákvætt hugarfar og góðir samskiptahæfileikar
- Rík þjónustulund
- Haldgóð íslenskukunnátta
- Hreint sakavottorð
- Ökuréttindi

Umsóknarfrestur er til 23. janúar og skal öllum umsóknum skilað með rafrænum hætti í tölvupósti á netfangið bodvar@bn.is. Tilgreina skal helstu persónuupplýsingar ásamt ferilskrá og menntun. Öllum umsóknum verður svarað. Störfin henta bæði konum og körlum og eru bæði kyn hvött til að sækja um.

Byggingafélag námsmanna á og leigir út til námsmanna um 600 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Félagið er með um 100 íbúðir í byggingu og áformar að byggja um 150 íbúðir til viðbótar á næstu 5 árum.
Ennfremur sér félagið um rekstur stúdentagarða Háskólans í Reykjavík þar sem eru yfir 250 íbúðir.



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og ára-löng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfs-ferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Viltu byggja upp traust og leysa mikilvæg viðfangsefni?

PwC leitar að metnaðarfullum stjórnendum með reynslu af fjármálum til starfa í Reykjavík.

Fjármálastjóri

Ber ábyrgð á bókhaldi og fjárreiðum félagins, mótar verklag og kemur að aukinni sjálfvirknivæðingu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á og umsjón með fjárreiðum, bókhaldi, uppgjörum, innheimtu og greiðslum
- Dagleg stýring fjármálasviðs
- Þátttaka í innleiðingu nýs bókhaldskerfis og aukinni sjálfvirknivæðingu
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi PwC, gerð rekstraráætlana og uppgjöra fyrir PwC Global
- Mánaðarleg launavinnsla, uppgjör og greining stjórnendaupplýsinga
- Framkvæmd rekstraráætlanna fyrir PwC í samstarfi við forstjóra

Hæfniskröfur:

- Umfangsmikil reynsla og þekking á fjármálum og rekstri fyrirtækja
- Reynsla af innleiðingu nýrra lausna og færni til að tileinka sér stafrænar lausnir

Sviðsstjóri Bókhalds & launa

Ber ábyrgð á daglegri starfsemi og stýringu sviðsins. Bókhald & laun er eitt af megin starfssviðum PwC þar sem við sinnum meðal annars bókhaldi, launavinnslu, uppgjörum og vsk skilum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á daglegri starfsemi, rekstri sviðsins og dreifingu verkefna
- Innleiðing og eftirfylgni með vinnuferlum og gæðastöðlum félagsins
- Þátttaka í markaðssetningu og frumkvæði í sölu verkefna
- Samvinna og samráð við sviðsstjóra annarra sviða og aðra stjórnendur innan félagsins
- Bókhaldsstörf og tengd verkefni fyrir viðskiptavini PwC

Hæfniskröfur:

- Umfangsmikil þekking og reynsla af færslu bókhalds, uppgjörum, launavinnslu, skatt- og vsk skilum
- Sterkir leiðtogahæfileikar

Aðrar hæfniskröfur

- Fyrri reynsla af stjórnunarstörfum og sterkir leiðtogahæfileikar
- Menntun á sviði fjármála, viðskiptafræði eða tengdum fögum sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

Gildir um bæði störfin

- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Sterk samskiptahæfni
- Nákvæmni og gott auga fyrir smáatriðum
- Jákvætt viðhorf og lausnamiðað hugarfar.

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar nk.

Tekið er á móti umsóknum á vef okkar www.pwc.is/storf

Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um.

Frekari upplýsingar um störfin veitir Katrín Ingibergsdóttir, mannauðsstjóri

(katrin.ingibergsdottir@pwc.com)

PwC á Íslandi er þekkingarfyrirtæki og hluti af stærsta alþjóðlega ráðgjafa- og endurskoðunarfyrirtæki heims.
PwC er framsækið og veitir trausta þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækjaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar.

FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2021 VR PwC

JAFNLAUNAVOTTUN 2021 - 2024

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

LANDSRÉTTUR

Aðstoðarmaður dómara í Landsrétti

Landsréttur auglýsir laust til umsóknar starf löglærðs aðstoðarmanns dómara við Landsrétt. Löglærðir aðstoðarmenn dómara sinna lögfræðilegum verkefnum og aðstoða dómara réttarins í störfum þeirra í samræmi við ákvörðun forseta réttarins, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 50/2016. Meðal helstu verkefna er auk aðstoðar við dómara, vinna við dómareifanir, úrvinnsla kærumála sem og lögfræðileg greining mála sem til úrlausnar eru fyrir réttinum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættispróf í lögfræði eða grunnnám ásamt meistaraprófi í lögum.
- Góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli er nauðsynleg.
- Góðir skipulagshæfileikar, hæfni til að vinna sjálfstætt og færni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla á sviði réttarfars er æskileg.
Hún er afslöppuð og bjartsýn varðandi framhaldið. „Ég er með leigusamning til 2026 og mér skilst að háskólinn ætli að hafa þessa þjónustu til staðar hérna áfram." Sigrún segist hafa talað við fulltrúa framkvæmdanna sem hafi tjáð henni að ýmis þjónusta verði í boði á svæðinu. „Ég hlakka svo til að fá líf inn í húsið."

Drottningin vildi kaupa greiðuna

Hótelið á efri hæðunum hefur í gegnum tíðina verið lifandi samfélag og ljóst að starfsferill Sigrúnar er ríkulega samofinn hótelrekstrinum og ekki síst hinni fjölbreyttu flóru gesta sem hafa dvalið í húsinu.

„Ég man að við áttum hérna rosalega flotta gullgreiðu. Grófa greiðu sem við notuðum í flottar greiðslur. Hún gerði svo flotta áferð. Silvía Svíadrottning vildi endilega kaupa þessa greiðu en það var ekki fræðilegur möguleiki," segir Sigrún. „Sama hvað var boðið í þessa greiðu þá var hún ekki seld."

Sagan á sér þó dökka hlið, því mögulega hefur glæpur verið framinn. „Greiðan er horfin. Það er ekki svo langt síðan hún hvarf en hún var notuð hérna í fleiri ár. Nú hugsum við: Hvað varð um gullgreiðuna?"

Fékk portrett-mynd af kúnna

Hún minnist einnig stjórnmálakonu frá Bretlandi sem dvaldi á hótelinu í kringum 1980. „Hún kom og ég fór á sjöundu hæð að greiða henni." Þegar konan var farin aftur til Bretlands barst Sigrúnu mynd í pósti. Var þá um að ræða flennistóra portrett-mynd af konunni. „Hvar á ég að hafa þessa mynd? Ég var ekkert búin að kynna mér þessa konu, eða neitt!" segir Sigrún og hlær.

Hún ítrekar að margar frægar konur hafi setið í stólnum hjá henni. „Ég gerðist sérleg vinkona Evu Jolie, ég var alltaf að sjá um hárið á henni. Hún var góð vinkona mín og pantaði mig alltaf þegar hún kom til landsins," segir Sigrún. „Það er svo margt sögulegt."

Reykt í hverjum einasta stól

„Þegar ég byrjaði að vinna hérna 1978, þá voru allar konur í hárþurrkum með rúllur. Það var reykt í hverjum einasta stól og setið í hægindastól með fæturna uppi. Stofan var troðfull."

Hún segir að það sem hafi staðið upp úr á 44 árum í starfi sé fjölbreytnin. „Það er svo mikil breyting og maður er búinn að kynnast svo mörgum og eiga svo mikið af yndislegum kúnnum. Ég er ennþá með kúnna sem hafa fylgt mér frá upphafi. Heilu kynslóðirnar. Og líka ömmubörnin," segir Sigrún. „Ég er ein af fáum í mínum bransa sem eru alltaf algjörlega á sama blettinum. Flestir hafa fært sig til."

Meistarinn flutti út á land

Meistari Sigrúnar var Jóhanna Hauksdóttir hárgreiðslumeistari. „Ég byrjaði að læra hjá henni. Svo hætti hún og sagði bara: Þú tekur við stofunni."

Sigrún var aðeins tvítug þegar meistari hennar flutti út á land og fól henni þetta stóra verkefni. Stofan batt þó Sigrúnu ekki fasta við húsið heldur ferðaðist hún mikið í tengslum við sýningar og keppnir í hárinu. „Ég var mjög aktíf og var byrjuð að taka þátt í sýningum ári eftir að ég byrjaði að læra," segir hún. „Það varð síðan meira um sýningar eftir það. Ég var svo heppin að vera með hárgreiðslustofuna á neðri hæðinni og geta farið upp í Súlnasal þegar það voru sýningar og keppnir." Hún segir að sumir hafi tjáð sér að þetta hafi verið „meant to be" að hún tæki við stofunni. „Ég er búin að vera mjög farsæl, öll þessi ár." ■

Greiðslur eftir Sigrúnu árið 1981. Stórt skart var mikið í tísku á þeim tíma. MYND/AÐSEND

Reksturinn í kjallara Hótel Sögu hefur haldist óhreyfður síðan fyrsti gesturinn mætti á hótelið 1962. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fyrirsætur á fyrstu hársýningu Sigrúnar, í Súlnasal Hótel Sögu 1979. MYND/AÐSEND

Glæsilegar greiðslur frá árinu 1983. MYND/AÐSEND

Hárgreiðsla eftir Sigrúnu frá 1981, fyrirsætan með fléttur og gullteygjur. MYND/AÐSEND

> Þetta hús á í mér hverja taug. Ég er búin að vera hérna síðan ég var unglingur

JS WATCH CO. REYKJAVIK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

JS Watch co.
REYKJAVIK

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com

„Barnaherbergið þarf að vera aðlaðandi og notalegt, hér upplifir dóttir mín öryggi og hlýju innan um hluti sem hún heldur mest upp á.“

Stella segir að stofunni sé ætlað að bjóða fólk velkomið, stórar kertaluktir skapi notalega stemningu og vellíðan.

Hefðarköttur heimilisins nýtur sín á besta stað.

Bryndís Stella Birgisdóttir innanhússhönnuður, sem ávallt er kölluð Stella, er þekkt fyrir sinn tímalausa og stílhreina stíl þar sem ólíkum efniviði er blandað saman.

MYNDIR/VALLI

Stílhrein og tímalaus penthouse-íbúð

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.iss

Bryndís Stella Birgisdóttir innanhússhönnuður, sem ávallt er kölluð Stella, keypti síðasta vor glæsilega penthouse-íbúð á Mýrargötunni ásamt manninum sínum Jakobi Helga Bjarnasyni, tilbúna undir innréttingar. Íbúðin stendur á besta stað í hjarta miðbæjarins, þar sem mannlífið iðar að lífi.

Stella, sem festi kaup á íbúðinni í vor, hefur hannað og innréttað hana eftir draumastíl þeirra hjóna og er útkoman glæsileg.

„Hönnun íbúðarinnar er stílhrein og tímalaus. Hönnun í mínum huga er að samræma bæði ytra og innra útlit hússins, þar sem öll smáatriði skipta ekki síður máli en heildarmyndin sjálf,“ segir Stella, sem naut þess að gera íbúðina að þeirra.

Stella veit fátt skemmtilegra en að bjóða vinum og vandamönnum heim og þá eru eldhúsið og borðstofan aðalatriðin. „Við elskum að bjóða gestum heim í mat og bröns og því lögðum við mikla áherslu á vera með rúmgóða borðstofu,“ segir Stella, en þegar gengið er inn í íbúðina blasir stór og björt borðstofa við í opnu og miklu rými. Í framhaldi af því opna rými er svo stofan.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég er með eyju og ég er ótrúlega ánægð með hana, bæði nýtinguna og stálið sem við völdum,“ segir Stella og bætir því við að hinum megin við eyjuna nýtist gluggasyllurnar sem sæti og þar geti gestirnir setið og fengið drykk. ■

Svefnherbergið er ekki síður mikilvægt en önnur rými hússins. Fátt er betra en að koma heim að kvöldi í fallega uppbúið rúm.

Hér nýtast opnar hillur í eldhúsinu vel undir það leirtau sem er mest notað.

Stílhreint eldhús með rúmgóðri eyju.

Stellu finnst blóm vera orkugefandi og breyta umhverfinu til hins betra.

Eldhúsið býður upp á þann möguleika að hafa það opið og loka því svo alveg af, hreinir töfrar sem hér gerast.

Liðskiptiaðgerðir í Kaupmannahöfn

GeoSilica®
ICELAND

„Hvernig vel ég mér vöru?"
Algengasta spurning sem Steinunn Ósk markaðsstjóri GeoSilica til margra ára fær. „Þetta er algeng spurning sem ég fæ frá bæði nýjum viðskiptavinum og einnig þeim sem langar að prufa aðrar tegundir. Við bjóðum upp á 5 vörur í vörulínu GeoSilica. Hver og ein vara inniheldur kísil ásamt viðbættum steinefnum fyrir heilsubætandi áhrif. PURE inniheldur eingöngu kísil og er fyrir alhliða heilsu. REPAIR fyrir liði og bein inniheldur kísil og mangan en varan hefur slegið í gegn hjá einstaklingum sem glíma við liðverki. RENEW fyrir hár, húð og neglur er vinsæl vara meðal þeirra sem glíma við hárlos, húðvandamál og brothættar neglur. RECOVER fyrir vöðva og taugar inniheldur kísil og magnesíum en sú vara hefur verið vinsæl meðal þeirra sem stunda reglulega hreyfingu og glíma við eymsli í vöðvum. REFOCUS fyrir hug og orku inniheldur kísil, D vítamín og járn er vinsæl meðal þeirra sem glíma við járnskort og mikla þreytu, sérstaklega þegar skammdegið er sem mest Einnig hefur REFOCUS verið vinsæl meðal vegan einstaklinga þar sem það er sjaldgæft að finna vörur með D vítamín í vökvaformi sem er vegan vottað. Allar vörur GeoSilica hafa hlotið vegan vottun og innihalda engin slæm rotvarnar- eða aukaefni".

Áskriftarleið
Gott er að taka steinefni inn daglega. Við vitum það að í daglegu amstri er það líklegt til þess að gleymast. Til þess að auka við þægindi ákváðum við að bjóða viðskiptavinum okkar upp á áskriftarleið. Þar geta viðskiptavinir fengið sitt uppáhalds steinefni með 15% afslætti og ókeypis sendingu í hverjum mánuði. Með þessari leið er líklegra að viðskiptavinir haldi í þann árangur sem hefur náðst með inntöku. Áskriftarleiðin hefur fengið frábærar undirtektir á vefsíðu okkar www.geosilica.is

Vörurnar koma í vökvaformi og dagleg inntaka er ein matskeið. Hver flaska dugar í mánuð. Vörurnar fást í vefverslun GeoSilica, Fjarðarkaup, Hagkaup, Vegan búðinni og í völdum apótekum.

Ingibjörg er í áskrift af PURE

„Ég hef verið í áskrift af fæðubótaefnum sem eru úr kísilsteinefnum frá GeoSilica núna í tvö ár og get mælt með þeim. Þessar vörur eru einstaklega góðar og ég hef fundið jákvæðan mun á húð, hári og nöglum. Líður vel af þessum vörum, hárið er ræktanlegra og neglurnar vaxa hraðar. Einstaklega þæginlegt að fá þær sendar heim að dyrum mánaðarlega”.

Pálína Guðnadóttir notar REPAIR

„Undrabætiefni! Ég var búin að vera mjög slæm og með verki í öllum vöðvum og liðamótum, þá aðallega í mjöðm, hné og fingrum. Ég var búin að prufa ýmislegt til að reyna að hjálpa mér en ekkert virkaði nægilega vel. Ég kynnist GeoSilica í desember 2017 og strax á fyrstu flöskunni fann ég mun á sjálfri mér! Ég ákvað að halda áfram og í dag eru allir verkir horfnir og ég get nánast allt. Það mætti halda að ég hafi yngst um mörg ár, eða mér líður allavega þannig. Ég er svo innilega þakklát fyrir geoSilica og hvað það hefur hjálpað mér að líða betur”.

blómaval

Allar pottaplöntur

Ný sending vikulega

25-50%
afsláttur

26%
Orkidea
12 cm pottur.
11325000
1.999 kr
~~2.690 kr~~

26%
Drekatré
24 cm pottur,
Dorado. 11328368
10.990 kr
~~14.990 kr~~

50%
Skýjadís
12 cm pottur.
11400339
790 kr
~~1.590 kr~~

28%
Peningatré
11 cm pottur.
11328522
1.990 kr
~~2.790 kr~~

Fræin eru komin

- Sumarblóm
- Kryddjurtir
- Matjurtir
- Sáðbakkar
- Mold

Nú er rétti tíminn til að sá

Skoðaðu kennslu-
myndböndin
á blomaval.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Geymslubox
og körfur
25%
afsláttur

Verkfæri og
verkfæratöskur
20-40%
afsláttur

Málning
og lökk
Valdar vörur
20-60%
afsláttur

Pottar
og pönnur
20-40%
afsláttur

Parket
25%
afsláttur



Flísar
35%
afsláttur

20%

EM tilboð
SAMSUNG
Sjónvarp 65" 4K UHD
3840x2160, með Wi-Fi, Bluetooth tengingu, vafra , leikham, USB spilun og mörg forrit (YouTube, Netflix o.frv.) 1860806
149.990 kr
~~187.990 kr~~

Dagskrá í Skútuvogi um helgina

Laugardag og sunnudag

Pottaplöntur og sáning fræja

Lára Jónsdóttir, garðyrkjufræðingur verður í Skútuvogi og veitir ráðgjöf með vali á pottaplöntum og fræjum kl. 12-16 alla helgina.

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

SÚPER ÚTSALA

Gerðu súperkaup

Vefverslun
Sendum um land allt
husa.is

Skoðaðu **80 síðna** útsölublað á **husa.is**

Laugardagur
Litaráðgjöf
Maja Ben veitir litaráðgjöf í dag laugardag í Skútuvogi kl. 12-15

LADY málning
20% afsláttur

Merkisatburðir

69 Galba Rómarkeisari myrtur.
1582 Pólsk-litháíska samveldið fær Eistland og Lífland frá Rússum.
1609 Eitt fyrsta fréttablaðs heims, Avisa Relation oder Zeitung, kemur fyrst út í Ágsborg.
1759 Þjóðminjasafn Bretlands opnað almenningi.
1892 James Naismith gefur út reglur um körfubolta.
1935 **Mjólkursamsalan** stofnuð.
1942 Vindhraðamet slegið í Reykjavík, 39,8 metrar á sekúndu.
1943 Pentagon, skrifstofubygging varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna, tekin í notkun.
1994 Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga stofnað eftir sameiningu Hjúkrunarfélags Íslands og Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.
2001 Wikipedia opnuð.

Nærgætni, hlýja og virðing Við andlát ástvinar
Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI
Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað
Jóhanna Eiríksdóttir Sverrir Einarsson Jón G. Bjarnason
Alúð • Virðing • Traust • Reynsla
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Dans utandyra, um 1925-1935, en eitt af stefum sýningarinnar er einmitt dans. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Handahófskenndir töfrar

Ljósmyndasýningin Augnablik af handahófi verður opnuð á Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Þar er sjónrænum þáttum blandað við bókmenntatexta.

arnartomas@frettabladid.is

Í dag verður sýningin Augnablik af handahófi opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Sýningin er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands og byggir sýningarstjórinn Yean Fee Quai upp sjónræna þætti, sem safnað er saman úr safneign Ljósmyndasafnsins og textum úr prentuðum ritum.

„Hugmyndin var að hafa safnkost Ljósmyndasafnsins í aðalhlutverki," segir Sigríður Kristín Birnudóttir, sérfræðingur sýninga á Ljósmyndasafninu. „Á 40 ára afmæli safnsins í fyrra gáfum við út veglega ljósmyndabók, Nætur sem daga, Fee Quai hefur tekið saman sýningu sem kallast á við bókina."

Við sýninguna er myndavefur safnsins notaður, en þegar myndir eru sóttar þangað með hjálp ákveðinna leitarorða geta birst ófyrirséðar samsetningar ljósmyndaðra augnablika, sem er kveikjan að yfirheiti sýningarinnar.

Á sýningunni eru textar úr bókmenntum teknir fyrir og paraðir saman við ljósmyndir safnsins. Til dæmis má finna ljóð eftir Óskar Árna Óskarsson, Uppkast að leiðbeiningum að góðu hjónabandi.

„Við skoðuðum textann sem er bæði myndrænn og glettinn," segir Sigríður Kristín. „Þar er talað um að ekki skuli deila nærfataskúfu því það gæti endað með ósköpum. Síðan voru valdar myndir sem kallast á við textann, og þá er spurningin hvort textinn bæti einhverju við myndina – hvort maður sjái eitthvað nýtt við hana."

Á sýningunni má finna fjölmargar myndir sem skiptast niður í nokkur stef og hefur til að mynda einu herbergi safnsins hefur verið umbreytt í eins konar diskótek og skreytt með myndum af fólki að dansa. „Þetta er aðeins öðruvísi nálgun á ljósmyndirnar en við erum vön," segir Sigríður Kristín.

Myndirnar á sýningunni spanna vítt tímabil, og eru þær elstu frá því um aldamótin 1900, en þær nýjustu frá fréttaljósmyndurum síðustu ára. „Það er skemmtilegt hvernig þessar myndir blandast saman við gamla safnkostinn," segir Sigríður Kristín, sem lýsir sýningunni sem hálfgerðu sögulegu yfirliti yfir safnið.

Sýningin er opnuð klukkan 13 og eru gestir beðnir að virða sóttvarnareglur. ■

Á dansgólfinu

- Viltu dansa?
- Takk.
- Kemurðu hingað oft?
- Já, flestar helgar, við förum gjarnan tvær saman vinkonurnar. Hljómsveitin hérna spilar alvöru dansmúsík, svo hittir maður oft einhverja frá því í gamla daga. Getur verið að þú hafir verið í Réttarholtsskólanum?
- Já, ég var í D-bekknum hjá Þorvaldi.
- Já, ég sé það núna. Þú ert hann Steinar, sá sem lenti í hjartauppskurðinum.
- Jú, þú ert glögg. En bíddu við, hver ert þú? Ég átta mig ekki alveg ...
- Sigurfljóð, manstu ekki?
- Sigurfljóð, sem settir eggin í skólatöskuna mína?
- Æ, verum ekki að rifja það upp. Hvað ertu að gera maður? Hættu þessu! Ertu brjálaður? Lovísa!
- Lovísa sem teiknaði myndina af mér á töfluna!
- Lovísa! Það er hann Steinar! Hættu þessu maður! Lovísa!

SJÓNVILLUR *2007* ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON

Diskótek í Þórscafé, 1982.
MYND/KRISTJÓN HARALDSSON / LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

✝

Ástkær afi minn, frændi og vinur,
Einar Guðmundsson
frá Þórshöfn,

lést á hjúkrunarheimilinu Sléttu þann 9. janúar sl. Útförin fer fram 18. janúar kl. 13.00 í Fossvogskapellu. Jarðsett verður í Útskálakirkjugarði.

Streymi verður frá athöfninni á https://youtu.be/MKAcJat1pkY

Jakob Ævar Þórðarson
Hrafnhildur Gísladóttir
Sigurður L. Björgvinsson
Marteinn Jakobsson
Dagbjört Guðmundsdóttir

✝

Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Dollý Nielsen

lést á heimili sínu, Sunnuhlíð 1 í Kópavogi, 30. desember sl. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 17. janúar klukkan 13.

Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Lions á Íslandi.

Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir.

Pétur Sveinsson
Stella I. Leifsdóttir Nielsen **Davíð Jón Ingibjartsson**
barnabörn og langömmubörn.

Þetta gerðist 15. janúar 1967

Fyrsta Ofurskálin fer fram

Fyrsta Ofurskálin (e. Super Bowl), stærsti leikur í amerískum fótbolta ár hvert, fór fram þann 15. janúar árið 1967 í Los Angeles, Kaliforníu. Þar léku meistarar stærstu deildanna í amerískum fótbolta í Bandaríkjunum, AFL (American Football League) og NFL (National Football League), sem höfðu eldað grátt silfur frá því að sú fyrrnefnda var stofnuð árið 1959.

Hugmyndin um að láta meistara deildanna tveggja etja kappi hafði verið uppi um þó nokkurn tíma, en framkvæmdastjóri AFL hafði fyrst viðrað hana árið 1961. Liðin sem kepptu sín á milli í fyrstu ofurskálinni voru Green Bay Packers, meistarar NFL, og Kansas City Chiefs, meistarar AFL. Töluvert var í húfi, þar sem báðar deildir vildu sýna yfirburði hvor yfir annarri, sem hæsta stig amerísks fótbolta á heimsvísu.

Þótt leikurinn hafi í byrjun verið frekar jafn tóku Green Bay Packers fljótlega forystuna og sigruðu með yfirburðum, 35-10. Bart Starr bakvörður Green Bay Packers, sem átti tvö snertimörk, var útnefndur maður leiksins. Þetta var í eina skipti sem ofurskálinni var sjónvarpað í Bandaríkjunum af tveimur sjónvarpsstöðvum, en NBC átti réttindi á AFL-leikjum en CBS á leikjum NFL.

Næstu þrjár Ofurskálarnar voru spilaðar milli deildanna tveggja áður en þær runnu saman undir merki NFL árið 1970 sem hefur haldið velli síðan þá. Ofurskálin er stærsti íþróttaviðburður Bandaríkjanna ár hvert og er áætlað að um 96 milljónir hafi horft á leik Kansas City Chiefs og Tampa Bay Buccaneers árið 2021. ■

Ástkær faðir okkar, afi og langafi,

Haraldur Haraldsson

lést þann 4. janúar sl.
á hjúkrunarheimilinu Grund.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Margrét Sif Haraldsdóttir
Haraldur Haraldsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Anna Hoffmann Jónsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Mörkinni
þann 3. janúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jón Rafn Hoffmann **Margrét Gunnlaugsdóttir**
Arnar Hoffmann Þorsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
ástkærs eiginmanns, föður,
tengdaföður og afa,

Kjartans Helgasonar

garðyrkjubónda,
Hvammi, Hrunamannahreppi.

Björg Björnsdóttir og fjölskylda.

Elsku maðurinn minn,
faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

Pétur S. Víglundsson

lést á Droplaugarstöðum 13. janúar
síðastliðinn. Sérstakar þakkir eru
færðar starfsfólki Droplaugarstaða fyrir
umönnun og hlýju.

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir
Guðmundur S. Pétursson **Elísabet Guðmundsdóttir**
Margrét B. Pétursdóttir **Björgvin M. Guðmundsson**
Víglundur Rúnar Pétursson **Hafdís Edda Stefánsdóttir**
Sólborg Alda Pétursdóttir **Hallgrímur H. Gunnarsson**
Ragnar Pétur Pétursson **Elma Karen Sigþórsdóttir**
Hróðmar I. Sigurbjörnsson **Helga A. Haraldsdóttir**
Sigurður Á. Sigurbjörnsson **Auðbjörg Jakobsdóttir**
Guðríður Sigurbjörnsdóttir **Ómar Árnason**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð vegna andláts og útfarar
okkar ástkæru

Þorgerðar Maríu Gísladóttur

íþróttakennara.

Starfsfólki Báruhrauns þökkum við
hlýlega umönnun. Einstakar þakkir fær
Fimleikafélagið Björk fyrir alla vinsemd og virðingu.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigríður Jónsdóttir

Innilegar þakkir til allra þeirra sem
auðsýndu okkur samúð og hlýhug við
andlát og útför ástkærs eiginmanns
míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Björns Steindórs Haraldssonar

löggilts endurskoðanda,
frá Húsavík.

Margrét Auður Pálsdóttir
Haraldur Orri Björnsson **Sigríður Ósk Benediktsdóttir**
Helga Bryndís Björnsdóttir **Henrý Örn Magnússon**
Björn Steindór, Benedikt Arnar, Steinþór Örn, María Birta,
Hafsteinn Björn og Sylvía Lind

Okkar yndislega móðir,

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,
áður Galtarlæk í Hvalfjarðarsveit,

lést 12. janúar sl. í faðmi ástvina.

Sigríður S. Sæmundsdóttir **Valgeir Sigurðsson**
Halldóra Sæmundsdóttir **Ragnar Viktor Karlsson**
Guðrún Sæmundsdóttir
Helgi Sæmundsson
Guðrún Jónsdóttir
barnabörn og fjölskyldur.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Árni Geir Friðgeirsson

Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,

varð bráðkvaddur
mánudaginn 3. janúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,
miðvikudaginn 19. janúar kl. 13.
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýju.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Nesvalla fyrir einstaka
umönnun og hlýtt viðmót.

Lilja Árnadóttir **Pétur Sæmundsen**
Sæbjörg Erla Árnadóttir **Sturla Arnarsson**
Guðmundur Páll Árnason **Elma Sól Long**
Anna Kristín Árnadóttir **Loki Húnfjörð Jósepsson**
og barnabörn.

Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma, langamma
og kær vinkona,

Jóhanna Þorbergsdóttir

lést á Landspítalanum við Hringbraut
miðvikudaginn 12. janúar.
Útför verður auglýst síðar.

Jón Óli Gíslason
Níels Ólason **Hrafnhildur Pálsdóttir**
Óli Jóhann Níelsson **Guðrún Pálína Jónsdóttir**
Hafdís Svava Níelsdóttir **Gunnar J. Gunnarsson**
Barbara Ármannsdóttir
og barnabarnabörn.

Okkar yndislega móðir,
tengdamóðir, amma og systir,

Guðný Kristjánsdóttir

prentsmiður,
Austurhlíð 10, Reykjavík,

sem andaðist aðfangadagsmorgun,
24. desember, verður jarðsungin
frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn
21. janúar klukkan 13.00.

Streymt verður frá athöfninni á:
https://youtu.be/ycg3nurfFsk

Lilja D. Alfreðsdóttir **Magnús Ó. Hafsteinsson**
Linda R. Alfreðsdóttir **Guðný G. Gunnars-Lindudóttir**
Eysteinn A. Magnússon **Signý St. Magnúsdóttir**
Páll Kristjánsson **Kristjana Kristjánsdóttir**
Bjarni Kristjánsson **Gunnar Kristjánsson**
Anna K. Kristjánsdóttir

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
elsku mannsins míns, pabba okkar,
tengdapabba og afa,

Jóhanns Gunnars Jóhannessonar

Herjólfsgötu 38.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki taugalækninga-
deildar Landspítala (B2) fyrir hlýhug og einstaka umönnun.

Sóley Sveinsdóttir
Jóhannes R. Jóhannsson **Vilborg Ólöf Sigurðardóttir**
Sveinn Lindal Jóhannsson **Þórhildur Rún Guðjónsdóttir**
Alda Hrönn Jóhannsdóttir **Gestur K. Pálmason**
Bára Hildur Jóhannsdóttir **Arnar Ægisson**
og barnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Eggert Jón Jónsson

Gullsmára 8, 201 Kópavogi,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn
5. janúar. Útförin fer fram frá Kópavogs-
kirkju þriðjudaginn 18. janúar klukkan 13.00.

Streymi verður frá athöfninni á linknum streyma.is.

Laufey Guðbjartsdóttir
Kristín Ágústsdóttir **Brad Egan**
Magnús Einarsson **Denise Einarsson**
Magnús G. Eggertsson **K. Sunna Reynisdóttir**
Guðrún S. Eggertsdóttir
Ómar I. Eggertsson **Íris E. Thompson**
Helga Ó. Eggertsdóttir **Pétur Þ. Hafþórsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist atvinnugrein (15). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 20. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „15. janúar“.

Sudoku

	5		3					1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7				6		
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6				9	5	
8		7		1		3		
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Bridge

Ísak Örn Sigurðsson

Vörnin skilar líka

Vegna Covid-ástandsins reyndist nauðsynlegt að halda jólatvímenning Bridgefélags Hafnarfjarðar á netinu (Realbridge, 27. desember). Félagarnir Aðalsteinn Jörgensen og Ásgeir Ásbjörnsson höfðu þar fyrsta sætið eftir mikla baráttu. Þeir enduðu með 60,64% skor. Annað sætið kom í hlut Arons Þorfinnssonar og Guðmundar Snorrasonar sem voru með 59,45% skor. Spiluð voru 44 spil í þessari keppni. Aðalsteini og Ásgeiri er það vel kunnugt að hægt er að ná góðu skori í vörn, vera ekki alltaf sagnhafar. Með góðri vörn er hægt að skora hressilega. Gott dæmi um það er þetta spil frá mótinu, þar sem þeir sátu í NS. Norður var gjafari og NS á hættu:

Norður
♠ 105
♥ DG972
♦ 1042
♣ ÁG5

Vestur
♠ Á876
♥ 1065
♦ D
♣ KD1082

Austur
♠ K3
♥ K843
♦ KG9873
♣ 4

Suður
♠ DG943
♥ Á
♦ Á65
♣ 9763

Austur ákvað nokkuð eðlilega að opna á einum tígli. Aðalsteinn kom inn á einum spaða og vestur sagði kröfusögnina tvö lauf. Austur sagði tvo tígla og vestur valdi því miður ekki pass og ákvað að segja tvö grönd með 11 punkta á móti opnun og stopp í spaðalitnum. Það varð eðlilega lokasamningurinn sem var lélegur samningur vegna samgangserfiðleika milli handanna. Spaðatía Ásgeirs fékk að eiga fyrsta slaginn en spaðakóngur var annar slagurinn. Þá kom lauf á kóng sem Ásgeir drap á ás. Hann spilaði hjartadrottningu og sagnhafi fann ekki að setja lítið spil, sem hefði skilað skárri niðurstöðu. Hjartakóng drap Aðalsteinn á ás og hélt áfram að hreinsa spaðann. Sagnhafi spilaði næst tíguldrottningu og Aðalsteinn drap á ás. Hann tók þrjá spaðaslagi og spilaði síðan laufi. Sagnhafi reyndi tíuna sem var drepin á gosa og Ásgeir spilaði meira laufi. Þannig tryggði hann sér tvo hjartaslagi og spilið fór fjóra niður. Það gaf 44 stig af 46 mögulegum. ■

KLETTABORGIR



Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Taka niður þau sem sveifla þegar tjón verður (9)
11 Bein lauf sem sá frægi tók af blóminu (12)
12 Jöklabyr fyrir afkvæmi – þýðið! (9)
13 Næ skoti með naumindum, ekkert toppar það (7)
14 Óþarfa F sér æstri fyrir meiri næringu (9)
15 Raunin er sú að ríkidæmið ruglar alla (6)
16 Svona tönn ver stafræn samskipti gegn upplausn (7)
17 Flyt konu á þurrt á færeyingi, þar bíður skákin (9)
20 Haka þarf er færi ég sjötta tóninn á kaf (6)
21 Rammi fyrir rekka krefst góðra smiða (8)
25 Tunglkoma heillar sprenglærðan kall sem kláraði í gær (8)
27 Hví er þetta félag að róta í dóti með meiri tengsl við Dyflinni en Reykjavík? (9)
31 Vantar ár í fimmtugt og slitin af fjandskap (5)
32 Finnið frávikið áður en stingurinn kemur (10)
34 Þessi tútta hans Júlíusar er hér (5)
35 Rölta um rúnta (7)
36 Hrifsa ákveðinn fjanda hobbita og vopnið hans (10)
37 Sendum krata þangað á HM (5)
38 Við látum sauðina um ákveðna hluti (7)
41 Innan við líkhúsið má finna afkimann þann (8)
45 Brjáluð í eldi lamba (6)
48 Reið ratar til banvænnar brenglunar (9)
51 Þessi litli karl og kona hans eru eitt (7)
52 Ísilögð kolla rennur upp á heiðar (6)
53 Kvabb krefur hauk um kjör milli steins og sleggju (7)
54 Mæla fyrir um götu í 104 (9)
55 Næs fyrir utan þetta röfl sem þið unnuð (6)
56 Sólið ykkur í bak og fyrir ef pallurinn leyfir (7)

LÓÐRÉTT

1 Dreg purku með pest af kesju minni (11)
2 Hálf, svona, með sans fyrir djammi, skilurðu? (9)
3 Sá sem ekki marga góða félaga þrátt fyrir fjölda góðra félaga? (7)
4 Fórum reglulega í leik með bobbum (7)
5 Sá mann riða einhvern veginn er starfið hætti að gefa jafn mikið og áður (8)
6 Frá arkarstærðum að ofbeldisverkum (8)
7 Bjargbúajaxl er skrýtið nafn á sælindýri (8)
8 Þangað ana oddar læknistóls (9)
9 Einhverjar æða út á gólf, aðrar vilja barða fína (9)
10 Hjarnpinnar vita á kvíðastrá (9)
18 Hér fer kyn konunglegra risa (9)
19 Hverfum frá eldi í húsi út af ákveðinni vanhirðu (10)
22 Pysjur fengu frekar frið en naut (9)
23 Hinn úrelti hluti af hnoðra (7)
24 Slíkur óhróður, kóngur klár, hæfir betur fúlmenni (7)
26 Fljót kemur af fjöllum (7)
28 Ýtir meðan staurar standa (7)
29 Gleyptu í þig orku hinnar upphöfnu kvaðar (7)
30 Miðstjórn man sína helstu lausn (7)
33 Hvenær hefur skammstafaður dýrlingur borðað nóg? (5)
39 Fer fólk ekki alveg á peruna ef það drekkur þetta? (7)
40 Fangar þann flöt sem næstur er (7)
41 Sunnanhret réttlætir ekki brottvarp (6)
42 Þegar morðin verða reglan hefur ruglið sigrað (6)
43 Of seinar því túrinn er búinn (6)
44 Festum þetta með töppum (6)
46 Segðu bless við hin slöku í hreiðrinu (6)
47 Mig grunar að þetta sé ekki réttur skrifmáti (6)
49 Tekur tennur mill Everest og K2 (5)
50 100% planta vex í votlendi (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Minningar skriðdýrs, eftir Silje O. Ulstein,** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Freygarður Þorsteinsson, Reykjavík.**

FYRSTA FLOKKS TILBOÐ

GILDA: 15.– 16. JANÚAR

GRÍSAHAKK

895 KR/KG

ÁÐUR: 1.279 KR/KG

30% AFSLÁTTUR

KJÖTSEL

30% AFSLÁTTUR

Nautapiparsteik
Mjöðm

2.589 KR/KG

ÁÐUR: 3.699 KR/KG

KJÖTBORÐ

35% AFSLÁTTUR

Nautgripahakk
1 kg

1.299 KR/PK

ÁÐUR: 1.999 KR/PK

GOÐI

GOTT VERÐ!

Lambasvið
frosin

549 KR/KG

Heilsuvara vikunnar!

25% AFSLÁTTUR

Lífrænt eplaedik
Änglamark - 250 ml

299 KR/STK

ÁÐUR: 399 KR/STK

GOÐI

GOTT VERÐ!

Þorrabakki
lítill

1.999 KR/PK

Þorrabakki
stór

2.839 KR/PK

BBQ-Grísarif
Stjörnugrís

839 KR/KG

ÁÐUR: 1.399 KR/KG

40% AFSLÁTTUR

Kantalóp Melónur

279 KR/KG

ÁÐUR: 399 KR/KG

30% AFSLÁTTUR

Melónur
Gular

202 KR/KG

ÁÐUR: 289 KR/KG

30% AFSLÁTTUR

Vatnsmelónur

172 KR/KG

ÁÐUR: 245 KR/KG



30% AFSLÁTTUR

nettó
Lægra verð - léttari innkaup

FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.
Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum Nettó verslunum.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Æskulýðssjóður

Umsóknarfrestur er **15. febrúar 2022**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Æskulýðssjóði til verkefna sem tengjast tilgangi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

Að þessu sinni verður verður lögð áhersla á að styðja verkefni sem stuðla að virkni og félagslegri þátttöku.

Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar er að finna á: www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/.

Vakin er athygli á að skila þarf inn umsóknum fyrir kl.15.00 þriðjudaginn 15. febrúar.

Nánari upplýsingar veitir Andrés Pétursson, andres.petursson@rannis.is, sími 699 2522.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Menningarfélag Akureyrar leitar að nýjum rekstraraðila til að sjá um kaffihúsa- og veitingarekstur í Menningarhúsinu Hofi.

Menningarhúsið Hof er staðsett í miðbæ Akureyrar og er eitt af helstu kennileitum bæjarins. Í Hofi fer fram metnaðarfullt menningarstarf, þar er Menningarfélag Akureyrar með skrifstofur sínar og starfsemi ásamt Tónlistarskólanum á Akureyri, og hönnunarversluninni Kistu.

Í Hofi er glæsileg aðstaða fyrir tónleika, veislur, fundi og ráðstefnur. Þar er fullbúið eldhús og góð aðstaða til veitinga- og kaffihúsarekstur. Úr veitingarýminu er fallegt útsýni til suðurs yfir Pollinn.

KRÖFUR TIL REKSTRARAÐILA:

- BJÓÐA UPP Á HÁGÆÐA VEITINGAÞJÓNUSTU TIL GESTA HOFS.
- VEITINGAÞJÓNUSTA Á RÁÐSTEFNUM, TÓNLEIKUM, FUNDUM OG ÖÐRUM VIÐBURÐUM SEM FARA FRAM Í HOFI.
- SAMSTARF VIÐ MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR VEGNA VIÐBURÐA Í HOFI.

Umsækjendur skulu hafa reynslu af veitingarekstri og hafa sjálfbærni og gæði í fyrirrúmi í sínum rekstri. Í umsókninni eiga að koma fram hugmyndir og framtíðarsýn umsækjenda á veitingarekstur í Hofi ásamt tilboði í leigu á aðstöðunni.

Upplýsingar veitir
Þuríður Helga Kristjánsdóttir
framkv.stjóri Menningarfélags Akureyrar
thuridur@mak.is

Umsóknir sendist fyrir 1. febrúar á netfangið umsoknir@mak.is

Menningarfélag Akureyrar | Strandgötu 12 | Akureyri | 450 1000

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Veðurspá Laugardagur



Í dag verður fremur stíf norðvestanátt, sýnu hvössust sunnan til. Snjókoma austan til fram eftir degi, annars úrkomulaust og léttir til um tíma. Bætir í vind seint annað kvöld með snjókomu á landinu vestanverðu. Frost 0-10 stig, mildast syðst, kaldast til landsins á Norðausturlandi. KORT/SIGGI STORMUR

Veðurminnið er gloppótt

Sigurður Þ. Ragnarsson
vedur
@frettabladid.is

„Allt var betra í gamla daga“ er oft viðkvæðið þegar hnussað og sveiað er yfir atburðum samtímans og það á einnig við þegar við hugsum um æskuárin okkar áhyggjulausu.

Í æsku var alltaf sól á sumrin, hlýtt á vorin og passlega mikill snjór til að hægt væri að leika sér á sleða. Þekkt er að veðurminni fólks er frekar brigðult. Við virðumst helst muna það óvenjulega, til dæmis ef það hefði verið einmuna rjómablíða um land allt 17. júní.

Svo eru heilu árstíðirnar metnar í einu lagi, svo sem að segja spekingslega: sumarið 2015 var sólríkt, svo eru tilnefndar tilteknar klukkustundir. Fegurðin er í auga sjáandans eins og þar stendur, og það sem einum þykir gott veður er ekki tilfellið með annan.

Fjölmennið sem lagði leið sína austur á land síðasta sumar var þangað komið til að njóta sumarblíðunnar en bændur í landshlutanum voru ekki eins ánægðir. Þurrviðrið hafði áhrif á búskap þeirra og lífsviðurværi. Ólík staða kallar á ólík viðhorf og það á svo sannarlega við um veðrið eins og aðra hluti mannlegrar tilveru. ■

	Sunnudagur	Mánudagur
Reykjavík	-2 °C 4 ←	7 °C 12 ↑
Ísafjörður	-5 °C 4 →	8 °C 9 ↑
Akureyri	-4 °C 9 →	8 °C 8 ↑
Egilsstaðir	-5 °C 3 ↘	6 °C 6 ↑
Kirkjubæjarklaustur	-2 °C 6 ↘	7 °C 9 ↗

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

TILBOÐIN GILDA TIL 7. FEBRÚAR 2022*

LILJA Plöntustandur ljósgrátt járn
H:50cm ÁÐUR 7.695,- **NÚ 4.617,-**
H:60cm ÁÐUR 9.995,- **NÚ 5.997,-**

40%

NORDIC COAL
40%

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

Útsala

40%

TRACK Borðstofustóll - dökkblár
áður 34.900,-
NÚ 20.940,-

PÚÐAR
50%

SKOÐAÐU
ÖLL TILBOÐIN Á
ILVA.IS

40%

FLUENTE TUNGUSÓFI
ÁÐUR 229.900,-
NÚ 137.940,-

25%

CLEVELAND 3ja sæta sófi
89.900 kr.
67.425 KR.

30%

RIA 2ja sæta sófi
ÁÐUR 109.900,-
NÚ 76.930,-

60%

DUMAS Borðstofuborð
L200xB100xH75cm,
stækkanlegt upp í 300cm
ÁÐUR 299.900,-
NÚ 119.960,-

FRÍ HEIMSENDING
Þegar keyptar eru smávörur
fyrir 9.900 kr. eða meira.

ILVA

ILVA Korputorgi
Lau. og sun. 12-18
Virkir dagar 11-18.30

ILVA Akureyri
Lau. 10-17 Sun. 13-17
Virkir dagar 11-18

*Birt með fyrirvara um villur. Gildir á meðan birgðir endast.

Teikningin af bílnum sýnir nokkuð endanlega útgáfu nýs Skoda Enyaq Coupe með bogalaga þaklínu og lægri afturenda. MYND/SKODA

Teiknimynd af Skoda Enyaq Coupe iV

njall@frettabladid.is

Skoda mun frumsýna nýjan Enyaq Coupe í lok mánaðarins og af því tilefni hefur Skoda látið frá sér teiknimynd af gripnum. Hann verður með bogalaga þaklínu og lægri afturenda og fær þar af leiðandi 10-15 km meira drægi.

Á myndinni má sjá að framendinn kemur beint frá hinum hefðbundna Enyaq, nema að svuntan er ákveðnari en á Sportline-útgáfunni. Felgurnar á myndinni koma einnig frá Sportline-útgáfunni þó óvíst sé að þær verði á endanlegri útgáfu. Aðalbreytingin er á hönnun frá A-bita og aftur eins og sjá má, en með lægri afturenda minnkar farangursrými niður í 570 lítra eða um 15 lítra. Bíllinn verður á sama MEB-undirvagni og með sömu rafmótorum og aðrar útgáfur Enyaq. Sama má segja um útbúnað í innréttingu, en þar verður allt að mestu leyti við það sama.

Búast má við að bíllinn verði aðeins dýrari en núverandi útgáfur en honum er ætlað að keppa beint við Tesla Model Y og VW ID.5. ■

Nýr Renault Megane E-Tech mun helst keppa við VW ID.3 og Citroen C4 þegar hann kemur á markað. MYND/RENAULT

Renault Megane E-Tech kemur til landsins í júní

Rafbílar eru mál málanna hjá framleiðendum og hjá sumum þeirra hafa eldri módel fengið endurhönnun sem rafbílar eins og Renault Megane, sem kemur nú í E-Tech útgáfu.

njall@frettabladid.is

Ný og breytt kynslóð Renault Megane er væntanleg til BL í júní og eru forpantanir þegar hafnar. Ekki aðeins hefur Megane verið endurhannaður frá grunni að utan sem innan heldur kemur Megane í fyrsta sinn í rafmagnaðri útfærslu sem ber heitið Megane E-Tech. Bíllinn hefur þegar verið kynntur á sýningum víða á meginlandinu og sló strax í gegn hjá Top Gear í Bretlandi sem útnefndi hann fjölskyldubíl ársins 2022, þar sem sérstaklega var tekið til góðs rýmis, kraftmikillar akstursupplifunar, sportlegrar útlitshönnunar og fallegrar innréttingar.

Renault Megane E-Tech verður boðinn með vali um 40 kWst eða 60 kWst rafhlöðu við 160 kW rafmótor sem gefur annars vegar 130 hestöfl og allt að 300 drægi og hins vegar 220 hestöfl og allt að 470 km drægi. Bíllinn tekur allt að 130kW hraðhleðslu í dýrustu útgáfu bílsins.

Megane E-Tech verður boðinn í þremur búnaðarútfærslum, Equilibre, Techno og Ioniq og kostar grunnútgáan með 40 kWst rafhlöðunni 4.990.000 kr. Megane E-Tech með 60 kWst rafhlöðunni kostar 5.690.000 kr., en Iconic útgáfan kostar 6.490.000 kr. Bílnum verður reynsluekið í næsta mánuði svo búast má við frekari umfjöllun um hann hér á síðum blaðsins í vor. ■

De Tomaso P72 var frumsýndur á Goodwood árið 2019. MYND/SKJÁSKOT

De Tomaso á leið í framleiðslu

njall@frettabladid.is

Búið er að endurvekja De Tomaso ofurbílamerkið sem fór í gjaldþrot árið 2004. Stendur til að smíða P72-bílinn í nýrri verksmiðju í nágrenni Nurburgring í samstarfi við mótorsportfyrirtækið Capricorn Group. Er verið að gera nauðsynlegar breytingar á verksmiðjunni á meðan verið er að gera lokaprófanir á bílnum, en áætlað er að fyrstu bílarnir verið afhentir árið 2023.

P72 er með vélina fyrir miðju eins og sannur ofurbíll, en hann var frumsýndur á Goodwood-hátíðinni árið 2019. Útlit hans byggir á ofurbílum sjöunda áratugarins en vélin er V8 vél frá Ford sem skilar 700 hestöflum. Grindin er úr koltrefjum og bíllinn er léttur og skemmtilegur. Að sögn Ryan Berris, forstjóra De Tomaso, er þegar farið að hanna næsta bíl merkisins. ■

MMC frumsýnir nýja Ralliart-bíla

njall@frettabladid.is

Mitsubishi frumsýndi fyrir bílasýninguna í Tókýó þrjár nýja Ralliart útgáfur bíla sinna.

Tveir þeirra eru útfærslur Outlander og Eclipse Cross, en einn þeirra er hugmyndabíll. Sá bíll kallast Vision Ralliart Concept og byggir líka á Outlander-bílnum. Hann er kominn með nýtt grill og loftdreifi, ásamt 22 tommu felgum. Hann hefur líka fengið öflugri bremsur í formi stærri diska og sex stimpla dælur. Það eru því vonbrigði að uppfærslur á vél virðast ekki fylgja uppfærslum á bremsukerfi.

Tilraunabíllinn, ef svo má kalla, er með talsverðum útlitsbreytingum en minna um slíkt undir niðri. MYND/MMC

Bílarnir byggja á Outlander og Eclipse Cross.

Ralliart-merkið á sér langa sögu í mótorsportinu. Tommi Makinen vann fjóra heimsmeistaratitla á Lancer Evolution og Pajero-jeppar Mitsubishi réðu lögum og lofum í Dakarrallinu kringum aldamótin. ■

SEÐLABANKI ÍSLANDS
auglýsir eftir umsóknum um styrk tengdan nafni Jóhannesar Nordals

Auglýst er eftir umsóknum um styrk sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals og veittur er af Seðlabanka Íslands.

Tilgangur styrksins, sem veittur er árlega, er að styðja framtak sem miðar að því að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur fengið í arf.

Styrkfjárhæðin nemur fjórum milljónum króna og verður henni úthlutað í maí 2022. Heimilt er að skipta fjárhæðinni á milli tveggja eða fleiri umsækjenda.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2022. Sótt er um styrkinn í gegnum heimasíðu bankans: www.sedlabanki.is/menningarstyrkur.

Nánari upplýsingar: Sigrún María Einarsdóttir á skrifstofu seðlabankastjóra.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Kalkofnsvegi 1 · 101 Reykjavík · 569 9600 · seðlabanki@sedlabanki.is

Sýningunni hefur verið frestað tvisvar síðan 2019. MYND/NAIAS

Detroit-sýningin fer fram í haust

njall@frettabladid.is

Ein stærsta bílasýning veraldar er Detroit-bílasýningin en hún mun snúa aftur 14. september næstkomandi. Henni hefur verið frestað tvisvar sinnum vegna heimsfaraldursins á síðustu tveimur árum. Sýningin mun fara fram 14.-25. september í Huntington-ráðstefnuhöllinni. Árið 2018 heimsóttu 800.000 manns sýninguna og skilaði hún 500 milljónum dala í tekjur fyrir borgina. ■

TAKK FYRIR AÐ VELJA RAFMAGNAÐA JEEP

ÁRIÐ 2021 TVÖFALDAÐIST SALA Á JEEP

Árið 2022 höldum við áfram að flytja eingöngu inn alvöru rafmagnaða jeppa. Grand Cherokee bætist bráðlega í hópinn.

ALVÖRU JEPPAR – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Bílar til afgreiðslu strax. Komdu og reynsluaktu!

4xe

JEEP WRANGLER RUBICON
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

4xe

JEEP COMPASS
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

4xe

JEEP RENEGADE
TORFÆRUÚTGÁFA

5 ÁRA ÁBYRGÐ | **8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI** | **PLUG-IN HYBRID**

JEEP RAFKNÚNU JEPPARNIR HENTA ÍSLENSKUM AÐSTÆÐUM UM ALLT LAND

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

Myndlistarsjóður

Opið er fyrir umsóknir í myndlistarsjóð

Veittir verða styrkir allt að 3.000.000 kr.

- Undirbúningsstyrkir
- Styrkir til sýningaverkefna
- Útgáfu-/rannsóknastyrkir og aðrir styrkir

Umsóknafrestur er til kl. 16:00 þann 14. febrúar 2022

Upplýsingar um myndlistarsjóð, umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og leiðbeiningar má finna á vefsíðu myndlistarsjóðs, myndlistarsjodur.is

Úthlutað verður í marsmánuði. Um er að ræða fyrri úthlutun úr sjóðnum árið 2022.

Sigurður Árni fyrir framan verk sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kjörin Covid-sýning

Sýning Sigurðar Árna Sigurðssonar, Hjáform, er á Gallerí Skilti, Dugguvogi 43, á horni Dugguvogs og Kænuvogs. Sýningin stendur til 15. júní.

Kolbrún Bergþórsdóttir

Birgir Snæbjörn Birgisson og Sigrún Sigvaldadóttir reka Gallerí Skilti. „Þegar þau fluttu inn í húsið í Dugguvogi var skilti utan á húsinu og þau breytti því í gallerí," segir Sigurður Árni. Fyrsta sýningin í galleríinu var árið 2007 og eru sýningarnar orðnar 30 talsins og galleríið verður 15 ára á næsta ári.

Um verk sitt segir Sigurður Árni: „Ég pakka skiltinu inn í plexíglerhjúp og leik mér með birtu, ljós og skugga. Sýningin stendur í sex mánuði þannig að hún fer úr dimmasta tíma ársins yfir í bjartasta tímann. Á fyrsta tímabilinu er rafmagnsljós í aðalhlutverki, en smám saman tekur dagsbirtan við og þegar sól hækkar á lofti munu kvöldgeislar skína á verkið."

Spurður um titil sýningarinnar Hjáform segir Sigurður Árni: „Ég held upp á þetta orð. Ég spurði Pál Valsson, rithöfund og útgefanda sem allt veit, hvort orðið væri til, en hann hélt ekki og benti á hliðstætt orð sem er hjáleið. Ég tengi orðið við skugga. Hjáform er þá skugginn af forminu. Í þessu tilviki er það plexíið, lituð filma sem varpar lituðum skugga og verður hjáform."

Sýning Sigurðar Árna smellpassar inn í tíðarandann. „Þetta er kjörin Covid-sýning því verkið er utan á húsinu og fólk getur komið á bílnum og séð það, svona „drive through" sýning eða „lúgusýning". Svo er auðvitað upplagt að fá sér göngutúr um nýja hverfið í Vogabyggð og virða fyrir sér listaverkið í leiðinni," segir hann.

Sigurður Árni hefur starfað sem myndlistarmaður bæði í Reykjavík og í Frakklandi frá því að hann lauk námi frá Institut des Hautes Études en Art Plastiques í París árið 1991. Hann hefur haldið tugi einkasýninga og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum. Yfirlitssýningu á verkum hans á Kjarvalsstöðum lauk fyrr á þessu ári.

> Á fyrsta tímabilinu er rafmagnsljós í aðalhlutverki en smám saman tekur dagsbirtan við og þegar sól hækkar á lofti munu kvöldgeislar skína á verkið.

Verk eftir hann er að finna í öllum helstu listasöfnum á Íslandi sem og í opinberum söfnum og einkasöfnum víða í Evrópu. Hann er nú að vinna að einkasýningu sem verður í lok næsta árs í Frakklandi. „Þó svo að ég sé búinn að fá mína yfirlitssýningu á Kjarvalsstöðum þá er ég sannarlega ekki sestur í helgan stein," segir Sigurður Árni. ■

Þróunarsjóður námsgagna

Umsóknarfrestur til 15. febrúar

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Þróunarsjóði námsgagna. Námsefnið þarf að henta til kennslu á þremur fyrstu skólastigunum. Námsefni fyrir háskólastig og fullorðinsfræðslu er ekki styrkt.

Forgangsatriði sjóðsins fyrir árið 2022 eru þrjú:

1. Námsefni sem styður við skapandi kennsluhætti á sviði list- og verkgreina.
2. Námsefni sem styður við náms- og starfsfræðslu.
3. Námsefni sem miðar að markvissri eflingu íslensks orðaforða og hugtakaskilnings í ýmsum námsgreinum.

Við úthlutun verður tekið tillit til hvort námsefnið styðjist við stafræna tækni, Menntastefnu 2030 og hversu aðgengilegt námsefnið verður nemendum.

Umsóknarfrestur er til kl. 15.00, 15. febrúar 2022.

Stefna sjóðsins er að námsefnið sem styrkt er verði gefið út með rafrænum hætti og gert aðgengilegt á netinu, þegar við á. **Hægt verður að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2 milljónum króna, en einnig hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4 milljónum króna**. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að veita að hámarki tveimur umsóknum þennan hámarksstyrk, að skilyrðum settum.

Upplýsingar um sjóðinn má finna á www.rannis.is/sjodir/rannsoknir/throunarsjodur-namsgagna/.
Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is.
Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

Nánari upplýsingar veitir
Skúli Leifsson, sími 515 5843,
throunarsjodur.namsgagna@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÖGUR grafísk hönnun

Mynd eftir Hrönn á sýningunni í Galleríi Gróttu á Seltjarnarnesi. MYND/AÐSEND

Upphaf í Galleríi Gróttu

Kolbrún Bergþórsdóttir

Listakonurnar Jóhanna V. Þórhallsdóttir og Hrönn Björnsdóttir mætast undir sýningarheitinu Upphaf, í Galleríi Gróttu á Seltjarnarnesi. Sýningin verður opnuð 20. janúar og stendur til 12. febrúar. Öll verk á sýningunni eru abstrakt og expressjónísk málverk unnin með blandaðri tækni árin 2021-22.

Upphaf er fyrsta sýning þeirra beggja saman en Jóhanna og Hrönn hafa átt samstarf í Anarkíu Listasal í Kópavogi, sem síðar varð Artgallerí Gátt, sem þær ráku ásamt fleiri listamönnum um árabil. Báðar eiga að baki nokkrar einkasýningar ásamt fjölda samsýninga bæði hér á landi og erlendis. Listakonurnar eru félagar í SÍM. ■

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Norðurljósin dönsuðu í tónlistinni

TÓNLIST

Verk eftir Dvorák, Mozart, Kodaly og Mist Þorkelsdóttur

Flytjendur: Rannveig Marta Sarc, Brian Hong og Svava Bernharðsdóttir.
Salurinn í Kópavogi þriðjudaginn 11. janúar.

Jónas Sen

Eins og venjulega voru allir með grímur á tónleikum í Salnum í Kópavogi á þriðjudagskvöldið. Tónlistarflytjendurnir, sem voru þrír, voru það þó ekki og stóðu í þokkabót þétt saman. En annar fiðluleikari hópsins, Rannveig Marta Sarc, afsakaði það með því að benda á að þau væru fjölskylda. Sara Bernharðsdóttir víóluleikari er móðir Rannveigar og Brian Hong fiðluleikari er eiginmaður hennar. Og ekki nóg með það, eitt verkið á efnisskránni var eftir frænku þeirra Rannveigar og Söru, Mist Þorkelsdóttur. Meira um það á eftir.

Slátrarinn varð tónskáld

Þremenningarnir eru allir frábærir spilarar, og frammistaðan nú olli ekki vonbrigðum. Þau hófu leik sinn á Terzetto í C-dúr op. 74 eftir Dvorák (borið fram Dvorsjak). Hann var tékkneskur og tónlistin hefur á sér slavneskt yfirbragð. Upphaflega ætlaði Dvorák að feta í fótspor föður síns og gerast slátrari, en var uppgötvaður af Jóhannesi Brahms, sem hrósaði ekki hverjum sem var. Þegar Brahms sagði „ekki slæmt“ þá meinti hann „alger snilld“. Hann var yfir sig hrifinn af Dvorák.

Tónlist Dvoráks er lagræn og ávallt grípandi, og svo var um tónsmíðina nú. Hljóðfæraleikararnir spiluðu afskaplega fallega, hver einasti tónn var tær og vel mótaður, samspilið nákvæmt og í góðu jafnvægi. Túlkunin var full af innlifun og tilfinningaþrunginni áfergju sem hitti beint í mark.

Svo gott sem fullkomið

Næst á dagskránni var Dúó eftir Mozart, KV 426, fyrir fiðlu og víólu. Þær mæðgur spiluðu af nákvæmni, nostruðu við hvert smáatriði í tónblæ; túlkunin var létt og leikandi, en þó brá fyrir hástemmdri alvöru þegar við átti. Samspilið var nánast fullkomið og því rann tónlistin ljúflega niður.

Hápunktur tónleikanna var þó hvorki Mozart né Dvorák, heldur frænkan fyrrnefnda, Mist Þorkelsdóttir. Verk hennar heitir Kaleidoscope in the Frozen Sky, samið fyrir fiðlu og víólu. Aftur léku þær Rannveig og Sara og miðluðu einstaklega heillandi skáldskap til áheyrenda.

Þremenningarnir eru allir frábærir spilarar, segir Jónas Sen. MYND/AÐSEND

> Stemningin var íhugul, nánast eins og í hugleiðslu.

Eins og í hugleiðslu

Mikið var um liggjandi, merkingarþrungna hljóma sem tóku stöðugum breytingum. Hljóðfæraleikararnir voru aldrei á sama stað frá einu augnabliki til annars, voru ýmist langt frá hvor öðrum eða þétt saman. Raddirnar komu því úr mismunandi áttum sem jók á galdur tónmálsins. Stemningin var íhugul, nánast eins og í hugleiðslu. Maður gat ímyndað sér nakið og fagurt landslag að nóttu til þegar norðurljósin dansa á himninum. Þetta var magnað.

Ein önnur tónsmíð var á dagskránni, Serenaða fyrir tvær fiðlur og víólu eftir Zoltan Kodaly. Bættist þá Brian Hong aftur í hópinn. Serenaðan er lífleg og hress, og flutningurinn var í takti við það, þrunginn snerpu og krafti. Maður var hins vegar orðinn dálítið þreyttur er hér var komið sögu, enda tónleikarnir um einn og hálfur tími án hlés. Að mínu mati hefði því mátt sleppa Kodaly, töfrarnir í tónlist Mistar voru verðugur lokahnykkur og ekki neinu þar við bætandi. ■

NIÐURSTAÐA: Sérlega glæsilegir tónleikar með skemmtilegri tónlist.

Sýning Sigurborgar er á Mokka. MYND/AÐSEND

Hjáleiðir á Mokka

kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin Hjáleiðir eftir Sigurborgu Stefánsdóttur er á Mokka og stendur til 3. febrúar næstkomandi. Sigurborg sýnir 25 ný akrýlmálverk með lögum af mynstrum sem mynda til dæmis óræð götu- eða landshlutakort.

Sigurborg Stefánsdóttir nam myndlist við Skolen for Brugskunst – Danmarks designskole í Kaupmannahöfn og útskrifaðist frá teikni- og grafíkdeild skólans. Auk þess hefur hún tekið þátt í ýmsum námskeiðum meðal annars í Bandaríkjunum, Japan og Mexíkó. Hún starfaði um árabil sem kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Listaháskóla Íslands, en vinnur nú eingöngu að eigin myndlist. ■

> Sigurborg sýnir 25 ný akrýl málverk með lögum af mynstrum sem mynda til dæmis óræð götu- eða landshlutakort.

Kristbergur sýnir í Amsterdam í febrúar

kolbrunb@frettabladid.is

Kristbergur Ó. Pétursson opnar sýningu þann 18. febrúar næstkomandi í sýningarsal Wg Kunst í Amsterdam. Á sýningunni verða málverk, grafíkverk og verk í blandaðri tækni. Öll verkin eru unnin á liðnum tveimur árum sérstaklega fyrir þessa sýningu. Ljóð eru stór þáttur í sýningunni og er Kristbergur að gefa út ljóðabók um þessar mundir í tengslum við sýninguna. Ljóðin eru bæði á íslensku og í enskum þýðingum Aðalsteins Ingólfssonar listfræðings. Bókin er myndskreytt af höfundi. Sýningin stendur til og með 27. febrúar. ■



Sýning Kristbergs verður í febrúar. MYND/AÐSEND

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

Fulltrúar launamanna í stjórn
Birtu lífeyrissjóðs

Valnefnd Birtu lífeyrissjóðs auglýsir eftir frambjóðendum til þess að taka sæti í stjórn sjóðsins **kjörtímabilið 2022 til 2024.**

Samkvæmt samþykktum Birtu lífeyrissjóðs (gr. 5.10) hefur valnefnd m.a. þann yfirlýsta tilgang að tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Fulltrúaráð launamanna Birtu kýs tvo stjórnarmenn (karl og konu) til tveggja ára og einn varamann (konu) til tveggja ára í stjórn sjóðsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn framboð á útfylltu framboðseyðublaði, sem er að finna á vefnum **birta.is**, á netfangið **valnefnd@birta.is fyrir kl. 16:00 mánudaginn 31. janúar 2022.**

ÞEIR SEM GEFA KOST Á SÉR SKULU

- vera launamenn sem greiða iðgjald í Birtu lífeyrissjóð.
- ekki vera sjálfstætt starfandi atvinnurekendur/einyrkjar.
- vera fjárhagslega sjálfstæðir og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 6. gr. reglna FME nr. 180/2013 og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru um hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. framangreindum lögum, reglum FME, samþykktum sjóðsins og starfsreglum valnefndar.
- Skila inn útfylltu framboðseyðublaði með drengskaparyfirlýsingu um að þeir uppfylli skilyrði til slíkrar stjórnarsetu.

Allar nánari upplýsingar um stjórnarkjörið, framboðseyðublaðið/yfirlýsinguna og sjóðinn má finna á vefnum birta.is

Birta lífeyrissjóður | Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is

Laugardagur

Hringbraut

18.30 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
19.00 Kaupmaðurinn á horninu (e) Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
19.30 Bíóbærinn (e) Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bíóspjalli.
20.00 Kvennaklefinn (e) Heimsborgaralegur, hreinskilinn, fjörugur, óvenjulegur og ótrúlega skemmtilegur þáttur fyrir konur, um konur.
20.30 Sir Arnar Gauti (e)
21.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Sögur snjómannsins
07.24 Tulipop
07.28 Poppý kisukló
07.39 Sara og Önd
07.46 Rán - Rún
07.51 Kalli og Lóa
08.03 Úmísúmí
08.26 Eðlukrúttin
08.37 Sjóræningjarnir í næsta húsi
08.48 Hið mikla Bé
09.10 Kata og Mummi
09.21 Stundin okkar
09.50 Húllumhæ
10.05 Ævar vísindamaður Geimurinn.
10.35 Hvað getum við gert? Orkuskipti á Íslandi.
10.45 Besta mataræðið
11.45 Vikan með Gísla Marteini
12.40 Bláberjasúpa
13.55 Í fremstu röð
14.25 Mugison
15.45 Hver stund með þér
16.25 Hljómskálinn
17.00 Austfjarðatröllið
17.30 Innlit til arkitekta - Martina Eriksson
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Nýi skólinn
18.38 Lúkas í mörgum myndum
18.45 Bækur og staðir
18.52 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Kolbítur í öskustónni - Í höllu tröllakóngsins. Askeladden - I Dovregubbens hall Norsk ævintýramynd frá 2017 um Espen, fátækan bóndason, sem heldur, ásamt bróður sínum, í háskalega för til að bjarga prinsessu úr haldi ógurlegs tröllkarls.
21.30 Litla-Ítalía. Little Italy
23.10 Miskunnarlausi Samverjinn. Bad Samaritan Spennumynd frá 2018 um tvo innbrotsþjófa sem komast í hann krappan þegar þeir finna konu sem er haldið fanginni í húsi sem þeir brjótast inn í. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.55 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

09.00 ANA Inspiration Útsending frá ANA Inspiration 2020.
12.55 ANA Inspiration
14.55 PGA Tour. The Cut Skyggnst á bak við tjöldin hjá PGA mótaröðinni.
15.15 The Open Championship 2019 Útsending frá lokadegi Opna breska.
20.25 Sony Open
00.00 Sony Open Bein útsending frá Sony Open.

Sjónvarp Símans

12.30 Speechless
12.55 Single Parents
13.20 The Neighborhood
13.45 Survivor
14.30 Burnley - Leicester Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.00 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.30 American Housewife
18.00 mixed-ish
18.30 The Sun Is Also a Star
20.00 Wonder Skemmtileg fjölskyldumynd frá 2017 með Jackob Tremblay, Owen Wilson og Julia Roberts í aðalhlutverkum.
21.45 Blind
23.30 What They Had
01.10 Dirty Grandpa Gamanmynd frá 2016 með Robert De Niro og Zac Efron í aðalhlutverkum.
02.50 Pelé. Birth of a Legend
04.35 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Frá Íslandsferð John Coles sumarið 1881
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Á verkstæði bókmenntanna (2 af 10)
11.00 Fréttir
11.02 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Heimskviður
13.25 Fólkið í garðinum (2 af 6)
14.05 Afganistan í öðru ljósi 2. þáttur, Land og þjóð.
15.00 Flakk um skipulagsdaginn 12. nóvember
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 List fyrir alla (2 af 4)
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Sextett Cannonball Adderley, Jane Ira Bloom og Andy Sheppard.
20.50 Úr gullkistunni
21.15 Bók vikunnar Ástir.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla flugan Haukur Morthens, Edda Skagfield, Carl Billich o.fl.
23.00 Vikulokin

Stöð 2 Bíó

10.50 Uncle Buck Bráðfyndin gamanmynd frá 1989 með John Candy og Macaulay Culkin í aðalhlutverkum.
12.30 Back to the Future II
14.10 The Nanny Diaries
15.55 Uncle Buck
17.30 Back to the Future II
19.15 The Nanny Diaries
21.00 The Outpost Söguleg stríðsmynd frá 2020 með þeim Scott Eastwood, Orlando Bloom og Caleb Landry Jones í aðalhlutverkum.
22.55 The Invisible Man
01.00 1917 Hörkuspennandi stríðsmynd frá 2019 sem hlaut þrenn Óskarsverðlaun og einnig þrenn Golden Globe verðlaun.
02.55 The Outpost

Stöð 2

08.00 Barnaefni
10.50 The Office
11.15 The Office
11.35 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.25 The Goldbergs
13.50 Blindur bakstur
14.25 First Dates Hotel
15.20 Curb Your Enthusiasm
16.00 Baklandið
17.10 Wipeout
17.45 Kviss
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
19.00 Krakkakviss Berglind og Mikael hafa umsjón í þessari krakkaútgáfu af geysivinsælu spurningaþáttunum, KVISS. Í þetta skipti taka þau á móti 10-12 ára krökkum og spyrja þau spjörunum úr um allt milli himins og jarðar, en nú eru það þrír keppendur saman í liði, á aldrinum 10-12 ára sem keppa fyrir hönd síns íþróttafélags.
19.30 Top 20 Funniest
20.15 Curious George. Go West, Go Wild
21.40 Cocktail Tom Cruise fer með aðalhlutverkið í þessari stórgóðu mynd um barþjóninn hæfileikaríka Brian Flanagan sem ræður sig á flottan hanastélsbar á Jamaíka.
23.25 Just Mercy
01.35 Bad Boys for Life Gamansöm spennumynd frá 2020 með Will Smith og Martin Lawrence.
03.35 The Office
04.00 The Office
04.20 The Goldbergs
04.40 Curb Your Enthusiasm

Stöð 2 Sport

06.55 ÍR - Vestri Í Subway deild karla.
08.35 Valur - Tindastóll
10.15 Subway körfuboltakvöld
11.20 KA/Þór - Fram Í Olís deild kvenna.
12.45 Seinni bylgjan
13.50 Stjarnan - ÍBV Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
15.50 Haukar - Valur Bein útsending frá leik í Olís deild kvenna.
17.40 Seinni bylgjan
18.40 ÍR - Vestri
20.20 Valur - Tindastóll
22.00 Subway körfuboltakvöld
23.05 Seinni bylgjan
00.05 Tilþrifin

Stöð 2 Sport 2

08.05 Tottenham - Chelsea
09.45 Liverpool - Arsenal
11.25 Ensku deildabikarmörkin
11.55 Football League Show
12.25 Luton - Bournemouth Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
14.25 Ensku deildabikarmörkin
14.55 Derby - Sheffield United Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
16.55 Luton - Bournemouth
18.35 Lokasóknin
19.40 NFL Gameday
20.05 NFL Extra
20.25 Road to the Playoffs
21.30 Bengals - Raiders Bein útsending frá leik í NFL.
01.10 Bills - Patriots Bein útsending frá leik í NFL.
04.55 NFL Gameday

Ljósmynd: Bastien Fevrier/Fréttablaðið og Borgarleikhússins 2021-2022.

Samstarfsverkefni leikárið 2022-2023

Á hverju leikári býður Borgarleikhúsið a.m.k. tvo sjálfstæða leikhópa velkomna til samstarfs. Verkefni sjálfstæðu leikhópanna eru valin af leikhússtjóra og verkefnavalsnefnd leikhússins og í kjölfarið kynnt hússtjórn Borgarleikhússins og stjórn Sjálfstæðu leikhúsanna (SL).

Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar skal Leikfélag Reykjavíkur tryggja hið minnsta tveimur leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsinu til æfinga og sýninga eins verkefnis á hverju ári. Leikflokkarnir skulu hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði en greiða útlagðan kostnað LR vegna vinnu þeirra í Borgarleikhúsinu.

Samkvæmt ofangreindu er hér með auglýst eftir umsóknum leikhópa vegna leikársins 2022–2023.

Með umsókn skal fylgja:
- Lýsing á verkefni
- Listi yfir aðstandendur: framkvæmdaaðilar, listrænir stjórnendur og aðrir þátttakendur
- Ítarleg fjárhagsáætlun
- Styrkir/loforð um styrki

Umsóknarfrestur er til miðnættis föstudaginn 11. febrúar 2022 og skulu umsóknir sendar í tölvupósti á netfangið samstarf@borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 **Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.00 **Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**
19.30 **Bókahornið** Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.00 **Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun.
20.30 **Mannamál (e)**
21.00 **Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)**

RÚV Sjónvarp

07.15 **KrakkaRÚV**
07.16 **Tölukubbar**
07.21 **Kúlugúbbarnir**
07.44 **Poppý kisukló**
07.55 **Kátur**
08.07 **Stuðboltarnir**
08.18 **Konráð og Baldur**
08.30 **Hvolpasveitin**
08.52 **Skotti og Fló**
08.59 **Unnar og vinur**
09.22 **Múmínálfarnir**
09.44 **Grettir**
09.56 **Eldhugar - Giorgina Reid - vitavörður**
10.00 **Fullkomin pláneta -** Sólin.
11.00 **Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir.
11.25 **Matur með Kiru**
11.55 **Stuðmenn - Koma naktir fram** (1 af 2)
13.00 **Okkar á milli**
13.35 **Jón Gnarr - Ég var einu sinni nörd**
15.00 **Rjómi**
16.00 **Heillandi hönnun**
16.30 **Hungur**
17.30 **Nýjasta tækni og vísindi**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Stundin okkar** Drífðu þig að slaka á álfur! Bananamúffur og Hávamál.
18.30 **Menningarvikan**
19.00 **Fréttir og veður**
19.15 **EM stofan** Upphitun fyrir leik Íslands og Hollands.
19.25 **Ísland - Holland** Bein útsending frá leik á EM karla í handbolta.
21.00 **EM stofan** Uppgjör á leik Íslands og Hollands.
21.25 **Verbúðin. Vestfjarðanornin** Smári, rannsóknarblaðamaður frá Reykjavík, vinnur að grein um Hörpu og leitar að vísbendingum um tengsl hennar við Jón Hjaltalín.
22.20 **Ólgandi heimur. World on Fire**
23.20 **Andlitið. Twarz**
00.45 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

09.00 **PGA Special. FedEx Cares Charity Challenge**
11.00 **ANA Inspiration**
14.20 **PGA Special. The Alamo 2020**
15.15 **ANA Inspiration**
19.25 **Sony Open**
23.00 **Sony Open** Bein útsending frá Sony Open.

Sjónvarp Símans

13.15 **Top Chef**
14.00 **The Bachelor**
15.30 **Survivor**
17.00 **The King of Queens**
17.20 **Everybody Loves Raymond**
17.45 **Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
18.30 **Missir** Áhrifamikil og vönduð íslensk þáttaröð. Sorg er viðbrögð við missi og ef við ætlum að elska verðum við að syrgja.
19.10 **The Block**
20.30 **Systrabönd** Glæný íslensk þáttaröð. Á tíunda áratug síðustu aldar hverfur fjórtán ára stúlka sporlaust á Snæfellsnesi.
21.15 **Law and Order. Organized Crime**
22.05 **Yellowstone**
22.55 **City on a Hill**
23.45 **Agents of S.H.I.E.L.D.**
00.30 **Dexter**
01.20 **The Rookie**
02.05 **Looking for Alaska**
02.55 **Kielergata**
03.40 **Tónlist**

RÚV Rás eitt

06.55 **Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 **Fréttir**
07.03 **Hringsól** Cardiff í Wales.
08.00 **Morgunfréttir**
08.05 **Á tónsviðinu**
09.00 **Fréttir**
09.03 **Svona er þetta**
10.00 **Fréttir**
10.05 **Veðurfregnir**
10.15 **Bók vikunnar** Það sem ég er að tala um þegar ég tala um hlaup.
11.00 **Guðsþjónusta í Grensáskirkju**
12.00 **Hádegisútvarp**
12.20 **Hádegisfréttir**
13.00 **Sögur af landi**
14.00 **Víðsjá**
15.00 **Lestin**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Úr tónlistarlífinu**
17.25 **Orð af orði**
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Á verkstæði bókmenntanna**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Óskastundin**
19.40 **Frá Íslandsferð John Coles sumarið 1881** (2 af 5)
20.20 **Hvergiland. Útópía í verki**
20.50 **Heimskviður**
21.30 **Úr gullkistunni**
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Á reki með KK**
23.10 **Frjálsar hendur**

Stöð 2 Bíó

11.25 **Time Freak**
13.05 **Impractical Jokers. The Movie**
14.35 **Stan & Ollie**
16.10 **Time Freak**
17.50 **Impractical Jokers. The Movie**
19.20 **Stan & Ollie**
21.00 **Wild Rose**
22.35 **Boss Level** Frank Grillo, Mel Gibson og Naomi Watts fara með hlutverk.
00.15 **The Photograph**
01.55 **Wild Rose**

Stöð 2

08.00 **Barnaefni**
11.30 **Simpson-fjölskyldan**
11.55 **Nágrannar**
13.20 **Nágrannar**
13.45 **Spegilmyndin**
14.15 **Beauty Laid Bare**
15.00 **Grand Designs**
15.50 **The Great British Bake Off**
17.00 **Krakkakviss**
17.40 **60 Minutes**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.45 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Blindur bakstur** Gulur, rauður, Eyþór og Kata... í þessum sprenghlægilega þætti sýna þau okkur afrakstur sinn þar sem Regnbogakaka var tekin fyrir.
19.45 **Baklandið**
20.15 **Svörtu sandar**
21.05 **The Congregation** Magnaðir og dularfullir sænskir þættir sem byggðir eru á sönnum atburðum.
21.50 **La Brea**
22.35 **War of the Worlds**
23.30 **Temple**
00.15 **Rebecka Martinsson**
01.00 **The Blacklist**
01.45 **Are You Afraid of the Dark?**
02.25 **Simpson-fjölskyldan**
02.45 **The Great British Bake Off**
04.35 **60 Minutes**

Stöð 2 Sport

07.05 **Seinni bylgjan** Í Olís deild kvenna
08.05 **Stjarnan - ÍBV** Í Olís deild kvenna.
09.25 **Haukar - Valur**
10.45 **Seinni bylgjan** Kvenna
11.45 **Selfoss - Fram** Í Olís deild karla.
13.15 **Seinni bylgjan** Í Olís deild karla
14.10 **Stjarnan - ÍBV**
15.30 **Haukar - Valur**
16.50 **Seinni bylgjan** Kvenna
17.55 **Úrslitaleikur** Bein útsending frá úrslitaleik Íslandsmótsins innanhúss, Futsal.
19.40 **Þór Þ. - Njarðvík** Í Subway deild karla.
21.20 **Subway körfuboltakvöld**
22.20 **Seinni bylgjan** Kvenna
23.20 **Úrslitaleikur** Útsending frá úrslitaleik Íslandsmótsins innanhúss, Futsal.

Stöð 2 Sport 2

08.30 **Luton - Bournemouth**
10.10 **Derby - Sheffield United**
11.55 **Hull - Stoke** Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
13.55 **Bucks - Raptors**
15.50 **Real Madrid - Casademont Zaragoza** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
17.35 **NFL Extra**
18.00 **Buccaneers - Eagles** Bein útsending frá leik í NFL.
21.30 **Cowboys - 49ers** Bein útsending frá leik í NFL.
01.10 **Chiefs - Steelers** Bein útsending frá leik í NFL.
04.55 **NFL Gameday**

Mánudagur

Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Undir Yfirborðið** Ásdís Olsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
19.30 **Heima er bezt** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
20.00 **Stjórnandinn með Jóni G.** Viðtalsþáttur við stjórnendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi í umsjón Jóns G. Haukssonar.
20.30 **Fréttavaktin**
21.00 **Undir yfirborðið (e)**

RÚV Sjónvarp

13.00 **Heimaleikfimi**
13.10 **Fólkið í landinu** Gestur Fanndal.
13.30 **Útsvar 2008-2009** Álftanes - Ísafjörður.
14.20 **Vesturfarar** (9 af 10)
15.00 **Vísindin allt í kring**
15.25 **Þvegill og skrúbbur**
15.30 **Menningarvikan**
16.00 **Símamyndasmiðir**
16.30 **Andri á flandri** Norðurland.
17.00 **Óvæntur arfur**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Lundaklettur**
18.08 **Litli Malabar**
18.12 **Poppý kisukló**
18.23 **Lestrarhvutti**
18.30 **Blæja**
18.37 **Sögur snjómannsins**
18.45 **Krakkafréttir**
18.50 **Lag dagsins**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
20.05 **Hvað getum við gert?**
20.10 **Nærumst og njótum** (2 af 6) Íslensk þáttaröð í sex hlutum í umsjón Önnu Sigríðar Ólafsdóttur, prófessors í næringarfræði. Í þáttunum er fylgst með fjölbreyttum hópi fólks taka næringar- og matarvenjur sínar til gagngerrar endurskoðunar í þeim tilgangi að nærast betur – og njóta um leið.
20.40 **Attenborough. Furðudýr í náttúrunni. David Attenborough's Natural Curiosities II**
21.10 **Deig. Deg**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Fahrenheit 11/9** Heimildarmynd frá 2018 þar sem Michael Moore fjallar um stöðu bandarískra stjórnmála, einkum forsetatíð Donalds Trump, og byssuofbeldi í landinu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.25 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

09.00 **Sony Open**
12.30 **Sony Open**
16.00 **Sony Open**
19.30 **Sony Open Highlights**
20.20 **Sony Open**

Sjónvarp Símans

12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.20 **Ordinary Joe**
16.00 **Survivor**
16.55 **The King of Queens**
17.15 **Everybody Loves Raymond**
17.40 **Dr. Phil**
18.25 **The Late Late Show**
19.10 **The Block**
20.10 **Top Chef**
21.00 **The Rookie**
21.50 **Looking for Alaska**
22.40 **Kielergata**
23.25 **The Late Late Show**
00.10 **Dexter**
01.00 **FBI. Most Wanted**
01.45 **Too Close**
02.35 **Paradise Lost**
04.00 **Tónlist**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Flugur** Lög frá árunum 1969 til 1970.
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið. Fyrri og seinni hluti**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **Hringsól** Cardiff í Wales.
15.00 **Fréttir**
15.03 **Orð um bækur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Krakkakiljan**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.35 **Kvöldsagan. Samastaður í tilverunni** 8 af 24
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**

Stöð 2 Bíó

11.55 **Justice League Dark. Apokolips War**
13.25 **All Things Valentine**
14.50 **Dirty Dancing**
16.25 **Justice League Dark. Apokolips War**
17.55 **All Things Valentine**
19.20 **Dirty Dancing**
21.00 **The Way Back**
22.45 **Welcome Home**
00.20 **High-Rise**
02.15 **The Way Back** Jack Cunningham var stjörnuleikmaður í körfubolta í menntaskóla og hafði alla möguleika á að komast langt. Í staðinn kastaði hann framtíðinni á glæ fyrir flöskuna og önnur fíknilyf.

Stöð 2

08.00 **Heimsókn**
08.20 **The O.C.**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **NCIS**
10.05 **Nettir kettir**
10.50 **MasterChef Junior**
11.30 **Um land allt**
12.10 **B Positive**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **The Greatest Dancer**
14.15 **First Dates**
15.00 **Your Home Made Perfect**
16.05 **Masterchef USA**
16.45 **Hell's Kitchen**
17.35 **Bold and the Beautiful**
17.55 **Nágrannar**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.05 **Spegilmyndin**
19.40 **The Great British Bake Off**
20.40 **Grand Designs**
21.30 **The Righteous Gemstones**
22.00 **Temple** Önnur þáttaröð þessara spennandi bresku þátta sem byggðir eru á norskri fyrirmynd um skurðlækninn Daniel Milton, sem leggur upp í örvæntingarfulla vegferð til að reyna að bjarga eiginkonu sinni sem liggur fyrir dauðanum.
22.55 **Euphoria**
23.50 **60 Minutes**
00.40 **S.W.A.T.**
01.25 **Magnum P.I.**
02.10 **Legends of Tomorrow**
02.50 **The O.C.**
03.35 **NCIS**

Stöð 2 Sport

10.15 **Stjarnan - Njarðvík** Útsending frá leik í Subway deild karla.
11.40 **Þór Þ. - Njarðvík**
13.20 **Subway körfuboltakvöld** Subway deild karla.
14.20 **Grindavík - Valur** Útsending frá leik í Subway deild kvenna.
16.00 **Tilþrifin**
16.45 **Hólmurinn heilladi**
18.05 **ÍR - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
20.05 **Álftanes - Haukar** Bein útsending frá leik í 1. deild karla í körfubolta.
22.00 **Martin. Saga úr Vesturbæ**
22.45 **Foringjarnir - Jón Rúnar Halldórsson**
23.35 **ÍR - Stjarnan**

Stöð 2 Sport 2

06.35 **Hull - Stoke**
08.15 **Valencia Basket - Barca**
09.45 **Real Madrid - Casademont Zaragoza**
11.15 **Derby - Sheffield United**
13.00 **Luton - Bournemouth**
14.40 **Hull - Stoke**
16.20 **Football League Show**
16.45 **Lögmál leiksins**
18.00 **NBA 360**
23.00 **Lögmál leiksins**
00.10 **Football League Show**
00.35 **NFL Gameday**
01.10 **Rams - Cardinals** Bein útsending frá leik í NFL.
04.55 **Pistons - Suns**

NÓI SÍRÍUS

BESTA NÝJA NAMMIÐ!*

*Samkvæmt könnun Nammitips! á Facebook í janúar 2022.

VORAR

Flottir og flúraðir á Evrópumótinu

Þegar kemur að EM í handbolta eru margir glæsilegir á gólfinu. Sumir skreyta sig með flúrum að íþróttamannasið, þó að fáir komist með tærnar þar sem okkar maður Björgvin Páll Gústavsson er með hælana. Fréttablaðið fór á stúfana og skoðaði þá sem þykja töff, flúraðir eða ekki.

benediktboas@frettabladid.is

Bogdan Radivojevic
leikmaður Serbíu

Léttur hanakambur, flúr á hálsinum og blóm á höndunum. Radivojevic spilar með Pick Szeged og hefur verið landsliðsmaður síðan 2012 og hefur vakið athygli síðan.

Leon Susnja
leikmaður Króatíu
Alvöru týpa sem birtist í fyrsta leik þar sem Króatar töpuðu fyrir Frökkum. Yfirvaraskegg og flúr um allan líkama en hreyfingar eins og ballerína.

Alfreð Gíslason
þjálfari Þýskalands

Alfreð verður að vera með. Hann er jú svalasti maður Evrópumótsins og það geislar af honum. Alfreð er ekki með húðflúr enda þarf hann ekki að skreyta sig.



Björgvin Páll Gústavsson
leikmaður Íslands

Björgvin Páll er þekktur fagurkeri og er með svokallaðar ermar á báðum handleggjum. Byrjaði ungur að fá sér flúr sem hann hefur bætt í, hægt og rólega.

Stúkan

Heimamenn hafa litað mótið fallegum litum og stemning er á pöllunum. Þó sóttvarnir séu litlar í Ungverjalandi eru sumir með sprelligrímu til að brosa yfir.

Rastislav Trtik
þjálfari Tékka

Snúður í hár og grátt skegg er lúkk sem aðrir öfunda, hvort sem það eru ungir eða gamlir. Trtik er sextugur en samt sjóðheitur á hliðarlínunni – og hefur verið lengi.

Nikolaj Jacobsen
þjálfari Dana

Einhver almesti sigurvegari handboltans, bæði sem leikmaður og þjálfari, er með þrjár stjörnur á handleggnum sem tekið er eftir en hann fékk sér flúrið fyrir margt löngu.

Íslenskur kvartett kántrípoppar í Köben

svavamarin@frettabladid.is
ninarichter@frettabladid.is

Íslenski indíkvartettinn ArnarÁrna, sem skipaður er fjórum Íslendingum búsettum í Kaupamannahöfn, gefur út nýtt lag á næstu dögum. Hljómsveitin leikur notalegt kántrískotið indí-popp og minnir hressilega á bandaríska popparann John Mayer, en lag sveitarinnar hefur verið lengi á dönskum vinsældalista.

ArnarÁrna er nefndur eftir söngvaranum Arnari Hrafni Árnasyni, 33 ára kennara sem hefur búið í Danmörku síðan hann var tvítugur og sinnir tónlistinni samhliða starfi sínu með börnum í sértæku námsumhverfi vegna einhverfu og ADHD hjá Baunevangens Børnehave.

Kynntust í karlakór

Kvartettinn fylla síðan Andrés Lárusson, Smári Þorsteinsson og Sóla Aradóttir. „Við kynntumst í karlakórnum Hafnarbræðrum; ég, Andrés og Smári. Sóla stjórnaði kórnum, þar sem hún spilaði líka á píanó og söng bakrödd," segir Arnar Hrafn.

> Við höfum haldið okkar plani til streitu og erum búin að vera fjórðu vikuna í röð á topplista streymisveitunnar Hear Us Music.

„Árið 2019 stilltum við saman strengi okkar og ákváðum að stofna hljómsveitina ArnarÁrna. Það er ekki hægt að neita því að faraldurinn hafi skemmt örlítið fyrir okkur, þar sem við vorum komin með umboðsmann sem setti okkur á ís."

Hljómsveitin nýtti tækifærið þegar slaknaði á samkomutakmörkunum í fyrra og kom meðal annars fram á tónlistarhátíðinni Copenhagen Songwriters Festival í ágúst. Þá hefur ArnarÁrna skemmt Íslendingum í Kaupmannahöfn. „Við höfum fengið tækifæri til að gleðja samlanda okkar á ýmsum viðburðum á vegum Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn, sem og í Óðinsvéum.

Hljómsveitin ArnarÁrna hyggst sækja í sig veðrið á þessu ári. MYND/AÐSEND

Á topplista í Danmörku

Við erum öll að setja í annan gír á þessu ári og erum að fara að gefa út nýtt lag á næstu dögum," segir Arnar Hrafn. Ási Einarsson pródúserar lagið sem verður aðgengilegt í streymi á næstu dögum.

Arnar Hrafn segir að þrátt fyrir takmörkuð tækifæri til að stíga á svið fyrir fullum sal af fólki hafi hljómsveitin náð að halda sig við efnið. „Við höfum haldið okkar plani til streitu og erum búin að vera fjórðu vikuna í röð á topplista streymisveitunnar Hear Us Music, sem er alveg frábært," segir Arnar og vísar til lagsins Country Love Song. Hann bætir við að sveitin stefni á að spila á Íslandi innan tíðar. ■

KRÍSU-ÚTRÝMINGARSALA
Handofin persnesk teppi

70% AFSLÁTTUR

STÆRSTA SAFN AF PERSNESKUM MOTTUM SEM SÉST HEFUR Á ÍSLANDI Á VERÐI SEM HEFUR ALDREI SÉST

VÖRUHÚSIÐ ER OPIÐ FYRIR ALMENNING Í TVO DAGA TIL VIÐBÓTAR OG SVO FÖRUM VIÐ TIL AKUREYRAR

Verðið segir allt sem segja þarf

SPARIÐ 365.000
Með silki!
Nain 200x150cm
519.500
NÚ 154.500

SPARIÐ 371.000
Ziegler 200X150cm
528.500
NÚ 157.500

SPARIÐ 35.000
Lillian 150X90cm
49.500
NÚ 14.500

SPARIÐ 280.000
Til í nokkrum stærðum
Ziegler 290X80cm
398.500
NÚ 118.500

SPARIÐ 114.000
Afshar 200X150cm
162.750
NÚ 48.750

SPARIÐ 169.000
Kashgay 250X150cm
240.950
NÚ 71.950

SPARIÐ 320.000
Bakhtiar 310X200cm
448.500
NÚ 128.500

SPARIÐ 430.000
Kashan 390X290cm
610.950
NÚ 180.950

Cromwell Rugs® ehf.
Víkurhvarf 2 • Sími 835 70 70

Vöruhúsið er opið fyrir almenning í tvo daga til viðbótar og svo förum við til Akureyrar

Laugardag 15/1
Sunnudag 16/1

Víkurhvarf 2
Sími 835 70 70

LAUGARDAG
10-22
SUNNUDAG
12-22

Meðan birgðir endast

Ákveðin siðaskipti að eiga sér stað

Frétt vikunnar

Chanel Björk Sturludóttir

thorarinn@frettabladid.is

Chanel Björk Sturludóttir er nýtt andlit á skjáum landsmanna en hún er nýgengin til liðs við Kastljósið hjá RÚV.

„Það er erfitt að velja enda gerðist ótrúlega margt í þessari viku og þetta ár hefur verið annasamt.

„En mikilvægustu fréttir vikunnar hljóta að vera fréttir af kynferðisbrotamálum. Það virðast vera ákveðin siðaskipti að eiga sér stað og uppgjör í þeim málum.

Umræðan um aðgerðir fyrirtækja þykir mér áhugaverð og sýnir að það er komin ákveðin pressa á aðila í viðskiptalífinu að átta sig á því að þau þurfa líka að taka til í sínum málum því að þótt eitthvað gerist ekki á vinnustað þá erum við öll hluti af samfélaginu og það sem gerist þar hefur líka áhrif á það sem gerist innan veggja fyrirtækisins.

Þá finnst mér umræðan um hlutverk og ábyrgð fjölmiðla í þessum málum mjög áhugaverð. Hvenær er frásögn fréttnæm og hvenær ekki?“ spyr Chanel.

„Á léttari nótum fannst mér fréttin af því að Meghan Fox og Machine Gun Kelly hefðu drukkið blóð hvort annars þegar þau trúlofuðu sig alveg stórkostleg. Hún kom mér á óvart, en samt eiginlega ekki.“ ■

> Hvenær er frásögn fréttnæm og hvenær ekki?

Chanel Björk Sturludóttir, sjónvarpskona.

Bassaleikarinn heimsfrægi John Paul Jones hefur engu gleymt og spilar nú með Snoweye. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Íslandsferð undir tónum frá bassaleikara Led Zeppelin

John Paul Jones, þekktastur sem bassaleikari Led Zeppelin, semur tónlistina fyrir kvikmyndina And Anne sem gerð er eftir handriti Elíasar Helga Kofoed Hansen og gerist á Íslandi.

odduraevar@frettabladid.is

„Ég bara trúði því ekki að þetta væri hann. Það fyrsta sem ég hugsaði þegar ég sá nafnið var bara hvað það væri óheppilegt fyrir tónlistarmann að heita John Paul Jones! Nei, nei, nei! Svo fattaði ég bara að þetta er hann,“ segir Elías Helgi Kofoed Hansen, handritshöfundur kvikmyndarinnar And Anne, um fyrstu viðbrögð sín við því að John Paul Jones ætli að semja tónlistina fyrir myndina.

Jones, sem vitaskuld er þekktastur sem bassaleikari hinnar goðsagnakenndu rokkhljómsveitar Led Zeppelin, semur tónlistina með hljómsveitinni Snoweye, sem hann stofnaði árið 2017. Sveitin hefur aðeins komið saman örfáum sinnum á tónleikum þannig að hér er um allnokkur tíðindi að ræða.

Spennandi teymi

Elías getur að öðru leyti lítið sagt um verkefnið enda myndin enn í svokallaðri forframleiðslu þótt línur séu óðum að skýrast. Tim Kaza leikstýrir myndinni en hann framleiddi myndina Iceland Is Best sem kom út árið 2020 og vakti nokkra athygli en heldur blendin viðbrögð.

Elías samdi handritið að myndinni þegar hann bjó í Bandaríkjunum.

And Anne gerist á Íslandi og fjallar um Anne sem reynir að komast yfir áfall úr æsku og býr til ímyndaða vininn Mani, manninn í tunglinu, til að einangra sig og skapa sér öruggan veruleika. „Þetta er virkilega spennandi teymi þarna á bak við,“ segir Elías sem sjálfur bjó í Bandaríkjunum þegar hann skrifaði handritið.

Breska leikkonan Issy Knopfler fer með hlutverk Anne og ástralski leikarinn Dan Ewing fer með hlutverk Mani. Þá fer Jesse Heiman, einn frægasti bakgrunnsleikari allra tíma, með stóra rullu í myndinni. Honum hefur brugðið fyrir í mýflugumynd í ýmsum þáttum og kvikmyndum eins og Big Bang Theory, NCIS, Entourage, The O.C, The Social Network og Van Vilder, svo fátt eitt sé nefnt.

> Ég bara trúði því ekki að þetta væri hann.

Skrifað á rúntinum

„Ég fór til Los Angeles að læra handritaskrif og bjó síðan aðeins í Bandaríkjunum eftir það. Það var einmitt á því tímabili sem ég skrifaði þessa mynd og þá bjó ég í húsbíl og keyrði um landið. Myndin gerist einmitt ansi mikið í svona húsbíl og þá átti myndin að gerast í Bandaríkjunum,“ segir Elías sem tekið hefur þátt í verkefnum hérlendis eins og Svörtu söndum og Venjulegu fólki.

Hann segir að eftir samráð við framleiðsluteymið hafi verið ákveðið að gera Ísland að sögusviði myndarinnar. „Ég skoðaði það og hún varð eiginlega bara miklu betri fyrir vikið. Það hentaði mjög vel af því að ég var að flytja aftur til Íslands þannig ég bara endurskrifaði það hér og þá fór þetta að rúlla.“ ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

HÁGÆÐA HÚSGÖGN

fyrir skapandi vinnuumhverfi

BYKO

Birt með fyr

Þú sérð öll tilboðin á byko.is

ÚTSALA

30-50% afsláttur af völdum vörum

keeper

Tilboðsverð

Geymslubox

Geymslubox með loki, 12L.
Stærð: 39,5 x 29,5 x 17,5 cm.

977

58094101

Almennt verð: 1.395

-30%

LUX TOOLS

Tilboðsverð

Verkfærasett

borar, bitar og verkfæri,
70 hlutir í kassanum

6.472

68566705

Almennt verð: 9.245

-30%

DREMEL®

-30%

Tilboðsverð

Föndurfræsari

Dremel 4000 föndurfræsari
með 45 aukahlutum

16.167

74780400

Almennt verð: 23.095

GROHE

Tilboðsverð

Eldhústæki

með útdraganlegum úðara og hárri sveiflu.

41.997

15330270

-30%

Almennt verð: 59.995

GROHE

Tilboðsverð

Handlaugartæki

Krómað handlaugartæki. Botnventill með smellitappa fylgir með. Lengd barka: 40cm

9.797

15323580

-30%

Almennt verð: 13.995

GROHE

Tilboðsverð

Euphoria sturtusett

með stöng, barka, 260 mm höfuðúðara með 3 stillingum og handúðara með 3 stillingum.

62.647

15327296

-30%

Almennt verð: 89.495

GROHE

Tilboðsverð

eldhúsvaskur

Svartur vaskur úr quartezsteini og trefjaplasti.

51.517

15331651AP

-30%

Almennt verð: 73.595

DURAVIT

Tilboðsverð

Handlaug

D-Code keramik handlaug í borð. Stærð 54x43cm. Handlaugartækið fylgir ekki

12.498

13103754

-50%

Almennt verð: 24.995

GROHE

Tilboðsverð

Handúðari

með kalksteinsvörn

3.987

15327265

-30%

Almennt verð: 5.695

Tilboðsverð

Stálvaskur

Rhine Sinkwares stálvaskur. Stærð: 44x44cm. Innanmál: 40x40cm. Dýpt: 20cm.

17.217

13340005

-30%

Almennt verð: 24.595

Tilboðsverð

Harðparket

Krono Original Wilderness eik. Stærð: 242x2000mm, 12mm þykkt.

3.775 kr/m²

0113647A

Almennt verð: 5.395 kr/m²

-30%

-30%

Tilboðsverð

LED kastari

AEG Allora einfaldur kastari

2.664

52261881

Almennt verð: 3.805

Einhell

Tilboðsverð

Rafhlöðuborvél

2x1,5Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgir með.

20.297

74826002

-30%

Almennt verð: 28.995

RYOBI

Tilboðsverð

Borvél og stingsög í setti

Sett með borvél og stingsög, 2x2Ah rafhlöður og hleðslutæki.

42.487

7133003575

-30%

Almennt verð: 60.695

LUX TOOLS

Tilboðsverð

Skrúfvél

Rafhlöðudrifin skrúfvél með snúningshraða frá 0-200 sn/mín, auðvelt er að stjórna krafti vélarinnar.

3.399

68301319

-30%

Almennt verð: 4.855

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT HEIM

Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr

Gerðu frábær kaup!

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Óttars Guðmundssonar

Ævisögur lækna

Einhvern tíma þegar kóvíðþyngslin voru að ríða þjóðinni á slig, spurði kunningi minn hvort ég ætlaði ekki að skrifa ævisögu mína. Ég hváði. Fyrir nokkrum árum flutti ég nefnilega erindi á læknasamkomu um ævisögur stéttarinnar. Ég bar heim í plastpokum fleiri kíló af misskemmtilegum afrekssögum lækna.

Margir læknar virtust ekki vita hvaða mynd þeir vildu mála af sjálfum sér. Mannsævin er löng og einungis lítið brot rúmast í ævisögu. Allir leika mörg hlutverk í leikriti lífsins og koma víða við. Ævisagan er minnisvarði sem menn reisa sjálfum sér. „Hvaða mynd vil ég skilja eftir?“

Ég var að lesa sjálfsævisögu læknis í nótt. Höfundi er mikið í mun að segja frá gáfum sínum og hæfileikum. Gamall skólameistari sagði við hann: „Þú ert sá gáfaðasti maður sem ég hef kynnst á löngum starfsferli.“ Annar maður sagði að hann væri besti læknir í heimi í sinni sérgrein. Venjulegur lesandi fær ofbirtu í augun í næturhúminu af slíku sjálfshóli.

Þekktur læknir lagði áherslu á kvenhylli sína. Hann sagði frá afrekum sínum í ástarmálum og var fyrir vikið sviptur lækningaleyfi og rekinn úr læknasamfélaginu. Sjálfur sagðist hann einungis hafa sagt sannleikann sem fólk þyldi ekki að heyra. Skömmu síðar dó hann. Vegurinn milli karlagrobbs og sannleika er því torfær og vandrataður.

Ég tók því erindi kunningja míns fálega. Læknar á mínu sérsviði geta sjaldnast sagt sögur af alvöru hetjulækningum. Ekki þori ég að segja sannleikann af ótta við algjöra útskúfun. Ævisagan verður því áfram óskrifuð. Ekki datt Snorra Sturlusyni frænda mínum heldur í hug að skrifa æviminningar sínar af tillitssemi við ættingja sína. ■